



16 blaðsíðna  
RE/MAX blað

Fasteignablað RE/MAX fylgir Fréttablaðinu á sunnudögum

RE/MAX

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

**SUNNUDAGUR**

**Hver er þessi Cortes?**



Garðar Thór Cortes er nú á tónleikaferðalagi um Bretland í boði Katherine Jenkins, messósópran.

VIÐTAL 16

**Hugleikur í hnackastríði**



Hugleikur Dagsson er fyrsti myndasöguhöfundur Íslands sem sögur fara af og frægðarsól hans rís jafnt og þétt, innanlands sem og á Bretlands-eyjum.


VIÐTAL 16

**Lýðræði í skólastarfi**

„Lýðræði í skólastofunni þýðir í mínum huga ekki að kennarinn ráði stundum en stundum tapi hann í atkvæðagreiðslum og allir fari út að leika,“ segir Illugi Gunnarsson.

Í DAG 10


**Valur náði fram hefndum**



Valur vann Hauka í hörkuleik í DHL-deild karla.

ÍÞRÓTTIR 34

**VEÐRIÐ Í DAG**



**MINNKANDI FROST** - í dag verður austan 10-23 m/s sunnan til, hvassast úti við ströndina en 5-10 m/s fyrir norðan. Snjó- eða slydduél sunnan og vestan til. Frostlaust allra sýst eftir hádegi, annars minnkandi frost.

## Klofningi spáð í Framsókn

Stjórn málafræðingar telja blikur á lofti hjá Framsóknarflokknum í Norðvesturkjördæmi. Úrslit prófkjörsins eru túlkuð sem klofningur og flokksforystunni sé létt við að Kristinn H. Gunnarsson sé ekki í þingsæti.

**PRÓFKJÖR** „Ég tel ekki sjálfgefið að Kristinn taki sæti á listanum,“ segir Birgir Guðmundsson stjórn málafræðingur við Háskólann á Akureyri, um úrslit prófkjörs Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi. Birgi þykir einnig sýnt að klofningur sé hjá flokknum í kjördæminu. Magnús Stefánsson félagsmálaráðgjafi er sigurvegari prófkjörsins en Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður, sem einnig sóttist eftir fyrsta sætinu, hafnaði í þriðja sætið. Herdís Sæmundardóttir varapingmaður

hlaut annað sætið eins og hún stefndi að. „Þó að Kristinn H. Gunnarsson detti út fær hann samt það stóran hluta atkvæða að ekki er hægt að túlka úrslitin öðruvísi en að flokkurinn sé klofinn. Kristinn stendur fyrir gagnrýnin sjónarmið á stefnu flokksins og komið er upp ákveðið vandamál hjá flokknum í kjördæminu,“ segir Birgir. Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórn málafræði við Háskóla Íslands, segir Kristin hafa verið fulltrúa hins almenna flokks-

manns sem hefur ekki verið hrifinn af stefnu flokksforystunnar og það komi á óvart að hann njóti ekki meira fylgis. „Ég er líka sannfærður um að flokksforystunni er létt, því Kristinn hefur verið þingflokknum mjög erfiður. Það þarf heldur ekki að koma á óvart að tekist sé á í prófkjörinu.“ Um þýðingu úrslitanna fyrir alþingiskosningarnar í vor segir Baldur: „Vestfirðingar eru þekktir fyrir að fara í sérframboð ef þeim líkar ekki val á lista. Það er óvíst hvort Kristinn kæmist inn á þing en það gæti

stórskadað flokkinn í kjördæminu ef hann færi í sérframboð.“ Birgir Guðmundsson segir kunna að vera að aðrir frambjóðendur í prófkjörinu hafi sammælt gegn Kristni. „Flokkurinn þarf að finna leið til að friða þennan arm sem stendur með Kristni, það er nauðsynlegt til að halda fylginu í kjördæminu.“ Birgir segir blikur á lofti. „Ég held að þetta eigi eftir að spilla fyrir flokknum og þetta kemur á erfiðum tíma.“

- shá / sjá síðu 4



**NYLON Í ROKNASTUÐI** Aðdáendur stúlkna hljómsveitarinnar Nylon flykkust í Smáralindina í gær til að sjá fyrstu tónleika hennar á landinu í um það bil ár. Nylonstúlkurnar hafa verið að gera það gott í Bretlandi, en þriðja plata þeirra, sem ber nafnið Nylon, kom í verslanir í gær. Hljómsveitina skipa þær Steinunn Camilla, Emília, Alma og Klara.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Opið í dag kl. 13 - 16

**exó**

Reykjavík - Oslo

## Maður réðst á fjölskyldumeðlimi í hnifaárás í Noregi: Svípti sig lífi eftir dráp á fjölskyldu sinni

**NOREGUR** Lögregla í Noregi telur sama manninn vera ábyrgan fyrir þremur morðum sem áttu sér stað í Vestfold fylki í Noregi í gær. Morðinginn tók líf sitt eftir að lögregla hafði tvívegis skotið hann í fóttina á flótta. Þetta kom fram á vef Aftenposten. Um hádegi í gær stakk maðurinn fjórtán ára son sinn til bana á heimili hans í Nøtterøy og móðir drengsins og sambýlismaður hennar særðust alvarlega. Konan var stungin í höfuð, háls og bak, en maðurinn hlaut stungusár á andliti. Voru þau flutt á sjúkrahús. Hinn grunaði, 38 ára gamall

karlmaður, er einnig talinn ábyrgur fyrir morðum á 79 ára gömlum föður sínum og konu hans, en þau áttu sér stað stuttu áður í bænum Sandefjord. Lögreglan elti manninn á bensínstöð eftir seinni árásina og reyndi að semja við hann, en þar hleypti hann af nokkrum skotum úr haglabyssu. Vitni sögðu manninn vera „kaldan og yfirvegaðan“. Þegar hann yfirgaf bensínstöðina hleypti lögregla af varúðarskotum en hæfði hann loks í fæturna á flótta. Í kjölfarið svípti maðurinn sig lífi á staðnum með haglabyssunni.

## Líkamsárás við Öskjuhlíð: Maður missti fjórar tennur

**LÖGREGLUMÁL** Fjórir karlmenn veittust að karlmanni á sjötugsaldri og slógu hann í andlitið á Flugvallarvegi við Öskjuhlíð rétt fyrir miðnætti aðfaranótt laugardags. Fórnarlambið missti fjórar tennur og slasaðist á nefi í árásinni. Karlmaðurinn var undir stýri á bíl sínum á Flugvallarvegi þegar mennirnir fjórir komu upp að bíl hans og spurðu hvort hann væri samkynhneigður og réðust á hann í kjölfarið. Lögreglan í Reykjavík vinnur nú að rannsókn málsins en samkvæmt vitnisburði mannsins var árásin tilefnislaus.

Opið 13-17 í dag

**Kringlan**

- ifv





Hannes, Milton Friedman var ...?

Kóngurinn í ríki andans.

Hannes H. Gissurarson, prófessor í stjórnmálfræði við Háskóla Íslands, er mikill aðdáandi hagfræðingsins Milton Friedman sem lést á fimmtudaginn, 94 ára að aldri. Báðir eru þekktir fyrir að vera miklir frjálslyggjumenn.

Fjölmiðlafar í kringum brúðkaup Tom Cruise og Katie Holmes:

## Cruise og Holmes í eina sæng á Ítalíu

**ÍTALÍA, AP** Leikaraparið Tom Cruise og Katie Holmes gekk í það heilaga í gær. Fyrir athöfnin fram í falletum miðaldakastala í Bracciano á Ítalíu að viðstöddu fjölmenni, auðkífingum og dægurstjörnum á borð við Jim Carrey, Brooke Shields og Beckham-hjónin. Voru brúðhjón og gestir umsetin fjölmiðlafólki enda langt síðan brúðkaup hefur vakið aðra eins athygli.

Margmenni hafði jafnframt safnast saman fyrir utan kastalann, enda hefur mikil eftirvænting ríkt síðan Cruise bað Holmes í Eiffeltorninum í júní á þessu ári. Höfðu allra hörðustu aðdáendurnir beðið klukkutímum saman eftir að berja átrúnaðargoð sín augum.

Við athöfnina var kennisetningum Vísindakirkjunnar fylgt í hvívetna, þar

sem brúðhjónin eru meðlimir hennar. Þurftu Cruise og Holmes jafnframt að undirgangast borgaralega athöfn þar sem vísindatrú er ekki lögleg á Ítalíu.

Nokkra athygli vakti að Holmes klæddist svörtu en Giorgio Armani hannaði brúðarkjólina. Var það engu að síður mál manna að brúðurin hefði sjaldan verið fegurri.

Íbúar Bracciano voru himinlifandi með daginn. Mátti panta rétti á veitingahúsum sem skírskotuðu til kvikmynda brúðhjónanna og naut eplakaka nefnd eftir Suri litlu óhemju vinsælda. Föt sem minntu á búninga sem hjónin hafa klæðst í myndum sínum voru einnig fánleg í bænum en ekki fylgir sögunni hvernig þau seldust.



Tom Cruise Cruise veifar hér aðdáendum sem biðu klukkutímum saman til að berja átrúnaðargoðið augum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tveir í slagsmálum:

## Annar alvarlega slasaður

**LÖGREGLUMÁL** Tvítugur karlmaður slasaðist alvarlega fyrir utan skemmtistaðinn Pakkhúsið á þriðja tímanum aðfaranótt laugardagsins þegar þrítugur karlmaður sló hann í andlitið.

Maðurinn var fluttur á Sjúkrahús Suðurlands á Selfossi og var farið með hann þaðan á slysa-deild Landspítala - háskóla-sjúkrahúss í Fossvogi í Reykjavík. Ekki hafa fengist upplýsingar um líðan mannsins.

Lögreglan á Selfossi vinnur nú að rannsókn málsins. Ekki er vitað hvað árásmanninum gekk til.

- ifv

Síðustu forvöð í Darfur:

## Hörmungarnar gætu versnað

**SÚÐAN, AP** Hörmungarnar í Darfur-héraði í Súdan gætu versnað til muna ef friðargæslu-



JAN EGELAND

sveitir Sameinuðu þjóðanna og Afríkubandalagsins ganga ekki skjótt til verks, að sögn Jan Egeland, yfirmanns mannúðarmála hjá Sameinuðu þjóðunum.

Samþykkt hefur verið að senda 200.000 friðargæsluliða til héraðsins. „Þetta er stund sannleikans fyrir Darfur,“ sagði Egeland við blaðamenn í gær. „Mun þessi stærsta mannúðaraðgerð heims mistakast eða heppnast?“

Um fjórar milljónir manna í Darfur treysta nú á alþjóðlega neyðaraðstoð til að lifa af, en um 200 þúsund manna hafa látist í átökunum.

- sgj

# Starfsmenn telja uppsagnir ólöglegar

Starfsmenn Flugmálastjórnar gagnrýna uppsagnir hart og telja að lög hafi verið brotin. Flugmálastjóri segir stjórnvöld vilja verja réttindi starfsmanna. Flugumferðarstjórar leita starfa í Evrópu þar sem atvinnutækifæri eru mikil.

**KJARAMÁL** Margir starfsmenn Flugmálastjórnar telja að brotin hafi verið lög um réttindi starfsmanna við aðilaskipti fyrirtækja frá 2002 þegar þeim var sagt upp störfum vegna breytingar stofnunarinnar í opinbert hlutafélag. Flugmálastjóri segir að ákvörðun um uppsagnir hafi verið tekin sameiginlega af Flugmálastjórn og samgöngu- og fjármálaráðuneyti.

Lofur Jóhannsson, formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra, segir að samkvæmt lögum um aðilaskipti sé einfaldlega bannað að segja starfsmönnum upp, þeir eigi að færast til nýja fyrirtækisins og við það séu starfsmenn mjög ósáttir. „Ástæðan fyrir uppsögninni er annaðhvort klúður hjá ríkinu eða verið er að rjúfa ráðningarsambandið til að Flugstoðir þurfi ekki að standa skil á þeim réttindum og skyldum sem eru skilgreind í ráðningarsamningum starfsmanna sem eru ekki lengur til staðar.“

Þorgeir Pálsson flugmálastjóri þekkir til þeirra efasemda að uppsagnirnar samrýmist lögum um aðilaskipti en segir það ekki túlkun stjórnvalda. „Yfir málið fóru nánast allir sem þekkja til þessara mála hjá okkur og ráðuneytinum og það var full samstaða um að rétt væri að standa að þessu með þessum hætti. Með uppsagnarbréfi var öllum boðið sama starf á sömu kjörum hjá Flugstoðum.“ Þorgeir segir einnig að ríkisstarfsmenn eigi biðlaunarétt og hann verði ekki virkur nema starf sé lagt niður eða starfsmanni sagt upp. „Þetta var því hugsað meðal ann-



AÐ STÖRFUM Flugumferðarstjórar og aðrir starfsmenn Flugmálastjórnar telja að brotin hafi verið á sér lög. Stjórnvöld eru því ósammála.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

ars til hagsbóta fyrir þá sem vildu nýta sér biðlaunarétt sinn.“

Lofur minnr á að Sturla Böðvarsson samgönguráðherra sagði þegar hann mælti fyrir frumvarpinu um stofnun Flugstoða ohf. að engum starfsmanni Flugmálastjórnar yrði sagt upp störfum og vitnaði þar í lögum um aðilaskipti. „Hann sagði líka í Sjónvarpinu í gær að eftir 1. janúar hafi flugumferðarstjórar ekki atvinnutækifæri hjá öðrum en Flugstoðum. Í Evrópu

vantar á þriðja þúsund flugumferðarstjóra svo þeir sem vinna á Íslandi gætu fengið vinnu annars staðar á morgun. Eg þekki til flugumferðarstjóra sem fengið hafa störf í Norgegi á næsta ári og að aðrir hyggjast nýta sér biðlaunarétt sinn og hætta um áramótin.“ Lofur segir marga kollega sína vilja vinna fyrir Flugstoðir en þeir muni ekki þiggja það eins og ölmusu. Ekki náðist í Sturlu Böðvarsson í gær vegna málsins.

svavar@frettabladid.is

## LÖG UM AÐILASKIPTI

**3. grein Launakjör og starfsskilyrði** Réttindi og skyldur framseljanda samkvæmt ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi sem fyrir hendi er á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað á að færast yfir til framsalshafa.

**4. grein Vernd gegn uppsögnum** Framseljanda eða framsalshafa

er óheimilt að segja starfsmanni upp störfum vegna aðilaskipta að fyrirtæki eða hluta þess bæði fyrir og eftir aðilaskiptin nema efnahagslegar, tæknilegar eða skipulagslegar ástæður séu fyrir hendi sem hafa í för með sér breytingar á starfsmannahaldi fyrirtækis.

## TIL SÖLU BENZ 815 L árgerð 2005 m. lyftu



Aðeins ekinn 22.000 km. Kassi er 36 rúmmetrar (plywood með LBW). Burðargeta 2.2 tonn. Hestöfl 149. Dieselvél 4249 cc.

Uppl. veita Kristján (8992541) eða Andrés (8960599). Til sýnis í Suðurhrauni 12C.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

ÍSKURL VIÐ ÓSA ÖLFUSÁR  
Myndin er tekin um borð í Herjólf.

Kuldakastið í hámarki:

## Vetrarríkið er mikið á Íslandi

**VEÐUR** Vetrarríkið á landinu hefur ekki farið fram hjá neinum undanfarna daga en þess gætir líka víðar. Sjófarendur verða þess varir að óvenjulega kalt hefur verið á undanförmu eins og farþegar um borð í farþegaferjunni Herjólf komust að í siglingum á milli lands og Eyja.

Ölfusáin ryður frá sér klakhröngli í miklu magni og er það vel sjáanlega lagt á haf út. Vestmanneyingar sem ferðast itrekað með Herjólf hafa margir ekki séð ummerki veturs konungs á jafn áþreifanlegan hátt og myndir Óskars P. Friðrikssonar sýna.

- shá



**SÓFAKYNSLÓÐIN** Amnesty, Nýsköpunarsjóður námsmanna og Ungt fólk í Evrópu fjármögnuðu heimildamyndina.

Sófa-kynslóðin frumsýnd:

## Aktívismi hlaut viðurkenningu

**ADGERÐASTARF** Heimildarmyndin Sófa-kynslóðin eftir Áslaugu Einarsdóttur og Garðar Stefánsson var frumsýnd við góðar viðtökur í Háskólabíói í gær. Myndin fjallar um aktívisma á Íslandi og hvað fólk getur gert til að vinna að hugsjónum sínum.

Garðar segir hugtakið aktívisma hafa fengið nokkurs konar viðurkenningu með þessari fjlsóttu frumsýningu. „Aðgerðarstarf hefur haft neikvæða ímynd og það er eitthvað sem verður að berjast gegn. Aktívistar eru einfaldlega það fólk sem vill láta skoðun sína heyrast og þetta er ört stækkandi hópur,“ segir Garðar.

-sgj

Sjálfstæðisflokkur:

## Þingmenn í efstu sætum

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðismenn í

Norðvesturkjördæmi samþykktu í gær framboðslista sinn fyrir komandi alþingiskosningar á kjördæmisþingi í Borgarnesi. Flokkurinn fékk þrjú þingmenn kjörna í síðustu kosningum, ráðherrana Sturlu Böðvarsson og Einar K. Guðfinnsson, og þingmanninn Einar Odd Kristjánsson.

Þeir skipa áfram þrjú efstu sæti listans í þessari röð. Í fjórða sæti er Herdís Þórðardóttir, fiskverkandi á Akranesi, sem kemur ný inn á listann.

Kjördæmisþingið í Borgarnesi í gær samþykkti tillögu uppstillingarnefndar samhljóða og ekki komu fram neinar athugasemdir við uppröðunina.

- shá



**SÆTI** Sturla Böðvarsson leiðir lista Sjálfstæðisflokks í Norðvesturkjördæmi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## BÍLSLYS

**Bíllinn ónýtur**

Eldri maður keyrði á grjótgirðingu í Óshlíðinni, veginum á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur, um klukkan eitt í gær. Bíllinn fór út af veginum í hállu. Manninn sakaði ekki en bíllinn er ónýtur.



# Jóladagur Egils

Sunnudaginn 19. nóvember frá kl. 14 - 18

FRÍ MYNDATAKA  
FYRIR  
FJÖLSKYLDUNA!

## Mæðrastyrksnefnd og Ölgerðin Egill Skallagrímsson taka höndum saman

Sunnudaginn 19. nóvember nk. frá kl. 14 - 18 mun Ölgerðin standa fyrir fjölskyldudegi með hátíðlegum blæ í höfuðstöðvum sínum við Grjótháls. Þar ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi og gefst fólki tækifæri á að upplifa jólastemningu og um leið leggja Mæðrastyrksnefnd lið. Andvirði sölu Hvítöls á **Jóladegi Egils** mun renna til Mæðrastyrksnefndar.

GLÆSILEGIR  
TÓNLEIKAR

Öldrykkja hefur fylgt jólahaldi frá örófi alda og það jólaöl sem Íslendingar þekkja í dag kom fram á sjónarsviðið árið 1917. Þá hóf Ölgerðin Egill Skallagrímsson framleiðslu á Hvítöli. Langar biðraðir mynduðust fyrir utan brugghús Ölgerðarinnar í desember, þar sem fólk beið fullt eftirvæntingar með fötur og brúsa undir Hvítölið. Þá eins og nú eru engin jól án Hvítöls.

**Komdu í heimsókn og leggðu þitt af mörkum fyrir jólin!**



Friðrik Ómar



Briet Sumna



Lay Low



Snorri



Selma og Hansa

SKAÐU HVERNIG  
HVIÐÖL VERÐUR  
TIL!



Í sviörtum fötum



Regína Ósk



Felix

STJÖRNUR  
ÁRITA DISKA  
Á STADNUM



Fabula

## Dagskrá Jóladagsins:

### Hjálparstarf Mæðrastyrksnefndar

Mæðrastyrksnefnd selur Hvítöl og andvirðið rennur til hjálparstarfs nefndarinnar fyrir jólin.

### Ótakmarkaðar veitingar

Allir fá að smakka á Hvítöli og fræðast um sögu, séreinkenni og framleiðsluferli. SS býður upp á birkireykt hangikjöt.

### Glæsilegir hátíðartónleikar

Haldnir verða glæsilegir tónleikar á sérstöku hátíðarsviði þar sem fjölmargir tónlistarmenn leggja málefnið lið.

### Spennandi barnasvæði

Á barnasvæðinu geta krakkarnir litað, tekið þátt í laufflétri jólagetraun þar sem veglegir vinningar verða í boði, leikið sér í hoppukastala, gætt sér á birkireyktu hangikjöti, Malti, Appelsíni og Mackintosh 's.


### Frí myndataka

Hans Petersen býður fjölskyldum upp á fría myndatöku þar sem hægt verður að eiga góðar minningar frá deginum.

SPENNANDI  
BARNASVÆÐI

DREKKTU EINS  
MIKID HVIÐÖL  
OG ÞÚ VILT!

Hægt verður að leggja á bilastæðum hjá fyrirtækjum í nágrenninu



Samstarfsfyrirtæki sem styrkja Mæðrastyrksnefnd:





GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	69,77	70,11
Sterlingspund	131,58	132,22
Evra	89,09	89,59
Dönsk króna	11,945	12,015
Norsk króna	10,775	10,839
Sænsk króna	9,839	9,897
Japanskt jen	0,5892	0,5926

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

122,9202

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sparisjóðurinn styrkir félagasamtök og hvetur viðskiptavinum til þátttöku:

# Átak á sviði geðheilbrigðismála

**SÖFNUN** „Þú gefur styrk“ er heiti átaks sem Sparisjóðurinn stendur fyrir meðal viðskiptavina sinna og landsmanna til styrktar verkefnum átta félagasamtaka á sviði geðheilbrigðismála.

Átakið stendur til jóla og er tilgangur þess að safna fé til stuðnings hugmyndum samtakanna átta um hvernig beturbæta megi geðheilbrigðisgeirann hér á landi. Hugmyndirnar að baki áttunum voru kynntar á blaðamannafundi á Grillinu í gær. Rithöfundurinn Einar Már Guðmundsson las þann kafla úr bók sinni Englum alheimsins sem gerist á Grillinu og helstu leikarar samnefndrar kvikmyndar buðu svo fulltrúum félagasamtakanna til borðs með táknrænum hætti.

Á fundinum var sagt frá því að viðskiptavinir Sparisjóðsins ráða til hvaða félaga styrkjum er varið, ákveði þeir á annað borð að styrkja átakið. Sparisjóðurinn leggur þá að lágmarki 1.000 kr. til þess verkefnis í nafni viðskiptavinarins.



**BLAÐAMANNAFUNDUR Á GRILLINU** Leikararnir Baltasar Kormákur og Ingvar Sigurðsson og forsvarsmenn félagasamtaka á sviði geðheilbrigðismála skoða hér heimasíðuna www.spari.is.

Sérstakur sími, 901 1000, verður jafnframt opnaður svo að landsmenn allir geti lagt málefnum lið, en uppsafnaðir fjármunir skiptast jafnt á verkefnum átta.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðunni www.spari.is.

- rve

Kosning Árna Johnsen:

# Úrsagnir úr flokknum

**STJÓRNMÁL** Flokksbundnir sjálfstæðismenn hafa sagt sig úr Sjálfstæðisflokknum eftir að Árni Johnsen hlaut kosningu í annað sæti á lista flokksins í Suðurkjördæmi í nýafstöðnu prófkjöri.

Geir H. Haarde, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, hefur staðfest þetta. Morgunblaðið greindi frá þessu í gær.

Ekki náðist í Andra Óttarsson, framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins, vegna málsins þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Árni Johnsen vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær.

- ifv

Stefán Jón Hafstein:

# Borgarstjóri snýr út úr

**BORGARMÁL** Stefán Jón Hafstein borgarfulltrúi ætlar að kanna hvort leita eigi eftir álit Eftirlitsstofnunar EFTA vegna þess hvernig staðið var að gerð viljayfirlýsingar við hjúkrunarheimilið Eir um byggingu menningarmiðstöðvar í Grafarvogi.

Stefán telur viljayfirlýsinguna stangast á við fyrirliggjandi álit lögmanna Reykjavíkurborgar um að framkvæmdin sé útboðsskyld á Evrópska efnahagssvæðinu. Hann telur málsmeðferðina alla og skýringar borgarstjóra og formanns borgarstjórnar á henni, mjög gagnrýniverða.

- shá

Sigríður Á. Andersen:

# Engin lög þarf um fjármálin

**PRÓFKJÖR** Sigríður Á. Andersen, frambjóðandi í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík,



**SIGRÍÐUR Á. ANDERSEN**

hefur birt upplýsingar vegna framboðs síns. Prófkjörið kostaði 3,7 milljónir króna og framlög námu 3,8 milljónum. Þau komu frá 25 félögum og 31 einstaklingi. Meðalframlag fyrirtækja var um 135.000 krónur og einstaklinga um 16.000 krónur.

Sigríður segir að hæstu framlög fyrirtækis hafi verið 300 þúsund krónur og einstaklings 250 þúsund. „Með því að birta uppgjör prófkjörsins sýni ég fram á hversu auðvelt það er að birta þessar upplýsingar og að ekki þarf lög um fjármál framboða eins og rætt er um núna. Það er líka umhugsunarefni að þeir sem hæst tala um lög hafa ekki birt upplýsingar sínar.“

- shá

# Ekki víst að Kristinn taki sæti á listanum

Magnús Stefánsson er sigurvegari prófkjörs Framsóknar í Norðvesturkjördæmi. Kristinn H. Gunnarsson féll niður í þriðja sæti og segir bandalag hafa verið myndað gegn sér. Félagshyggju var hafnað í prófkjörinu að mati Kristins.

**PRÓFKJÖR** Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra er sigurvegari prófkjörs Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi. Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður, sem einnig sóttist eftir fyrsta sætinu, féll niður í þriðja sætið en Herdís Sæmundardóttir varaþingmaður hlaut annað sætið eins og hún stefndi að. Kristinn hefur ekki tekið ákvörðun um hvort hann tekur sæti á listanum og fullyrðir að bandalag hafi verið myndað gegn sér. Kristinn vill færa stuðningsmönnum sínum þakki fyrir stuðninginn en ætlar að meta sína stöðu í rölegheitunum á næstu dögum. Hann segir niðurstöðuna skýra; málefnaðherslur flokksins í kjördæminu verði þær sem forysta flokksins hefur staðið fyrir. „Áherslunni á félagshyggju og manngildi, sem ég hef staðið fyrir, er hafnað með þessari niðurstöðu.“ Kristinn segist ekki hafa ákveðið hvort hann taki sæti á listanum og að það sé staðreynd að myndað var bandalag gegn honum. Kristinn segir einnig að stefna forystunnar hafi skilað verstu útkomu í sveitarstjórnarkosningum í sögu flokksins. „Það segir allt sem segja þarf um mat kjósenda á frammi-



**BREYTTIR TÍMAR** Magnús er sigurvegari prófkjörsins en vonir Kristins um þingsæti eru litlar. Myndin er tekin fyrir tveimur árum þegar samstaða flokksins var meiri.

stöðu flokksins og það er miður að halda eigi áfram á sömu braut.“

Magnús Stefánsson segist fyrst af öllu vera mjög ánægður með sinn hlut og er ánægður með þátttökuna í prófkjörinu. „Það voru flokksmenn sem tóku þátt og tóku afstöðu til þeirra frambjóðenda sem voru í boði. Þetta er þeirra niðurstaða.“ Magnús segir að hann ætli ekki að taka þátt í umræðu um að bandalag hafi verið myndað gegn Kristni. „Við munum sækja fram og erum

bjartsýn á árangur. Herdís virðist eina konan sem á raunhæfan möguleika á þingsæti í kjördæminu og við munum gera allt til að það náist.“

Herdís Sæmundardóttir þakkar sínu fólki stuðninginn heilshugar og er afar ánægð að hafa náð þeim árangri sem hún stefndi að. Hún segir róðurinn fram undan geta orðið þungan. „Flokkurinn hefur ekki mælst með mikið fylgi að undanförunum og að honum sótt úr mörgum áttum. En það er allt að vinna og flokkurinn er sterkur í kjördæminu.“ Herdís segir ekkert hæft í orðum Kristins um að bandalag hafi verið myndað gegn honum. „Ég leyndi því ekki að ég hef ekki verið sátt með hvernig Kristinn hefur komið fram opinberlega með málefni flokksins og ég veit ekki hvaða meiningu hann leggur í það að ég eða aðrir séum handgengin forystu flokksins.“

svavar@frettabladid.is

## ÚRSLIT PRÓFKJÖRSINS

Sæti	Atkvæði
1. Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra	883
1.-2. Herdís Á. Sæmundardóttir varaþingmaður	979
1.-3. Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður	879
1.-4. Valdimar Sigurjónsson viðskiptalögfræðingur	1.024
1.-5. Inga Ósk Jónsdóttir viðskiptafræðingur	1.172

Kjörgögn voru send út 3. nóvember síðastliðinn og kosningunni lauk klukkan átta á föstudagskvöld. Þá voru atkvæðaseðlarnir keyrðir frá Reykjavík til Borðeyrar við Hrutafjörð þar sem talning fór fram. Á kjörskrá voru 2.522, samtals greiddu 1.674 atkvæði, eða 66,38%. Einn seðill var auður og 60 ógildir.

## Tollskýrslugerð

Hagnýtt og ítarlegt námskeið í gerð tollskýrslna, um meðferð allra innflutningskjala og allar helstu reglur er varða innflutning. Á námskeiðinu er notað nýtt og sérútbúið kennsluefni, kennslubók og ítarefni. Einnig er kennt að nota forrit í tollskýrslugerð í Navision frá Maritech.

**Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að geta;**

- Þekkt fylgiskjöl með vörusendingum og hvaða tilgangi þau þjóna
- Gert tollskýrslur og reiknað út aðflutningsgjöld
- Notað tollskrána til að tollflokka vörur
- Haft grunnskilning á frávverslunarsamningum og gildi þeirra
- Þekkt helstu reglur varðandi innflutning, innflutningstakamarkar og undanþágur

Lengd: 21 kennslustund. Kennir þriðjudaga og fimmtudaga og er hægt að velja um morgunnámskeið kl. 8:30 - 12:00 eða kvöldnámskeið kl. 18:00 - 21:30. Hefst 23. nóvember og lýkur 5. desember. Verð: kr. 28.000,- (Allt kennslu- og itarefni innifalið)

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

FAXAFEN 10 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210  
 SKOLI@TSK.IS

## VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ENGIN ALVÖRU HLÝINDI Í KORTUNUM.** Það er svoltíð erfið að spá fyrir um hitastigið á landinu eftir svona mikinn kulda. Kall loft er mjög þungt og það þarf nokkurn vind til að feykja því burt. Það verður ekki svo ákveðinn vindur norðan til og því á ég ekki von á öðru en að þar verði frost í dag. Hins vegar gæti víða orðið frostlaust með ströndum og þá einkum sunnan til dag. Eftir daginn í dag fer hægt kólnandi á ný.

**HÖRFUR Í HÖFUÐ-BORGinni Í DAG**

Austan strekkingur. Snjó- eða slyduél. Hit við frostmark.

**um hádegi »**

**um hádegi »**

Kaupmannahöfn	9°C alskýjað	London	11°C skúr	Alicante	22°C hálskýjað
Þórshöfn	6°C rigning	Paris	6°C rigning	Barcelona	18°C hálskýjað
Oslo	3°C hálskýjað	Frankfurt	13°C skúr	Algarve	21°C hálskýjað
Stokkhólmur	9°C hálskýjað	Friedrichshafen	11°C léttskýjað	Krit	20°C hálskýjað
Gautaborg	9°C hálskýjað	Berlin	12°C hálskýjað	Las Palmas	24°C alskýjað

\* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

**MÓTMELI Í PAKISTAN** Margir tóku heimsókn breska forsætisráðherrans illa og sökuðu hann um stríðsglæpi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Blair heimsækir Pakistan:

# Samstarf gegn hryðjuverkum

**PAKISTAN, AP** Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, fór til Pakistan í gær til viðræðna við Pervez Musharraf, forseta landsins, um hvernig hægt sé að stemma stigu við fyrri hryðjuverkamanna milli landanna. Einnig bar stríðið í Afganistan á góma.

Embættismaður utanríkisráðuneytis Bretlands sagði nýlega að hundruð manna færu milli landanna ár hvert til að flytja skilaboð og safna fé til hryðjuverka. Tugur fari einnig til landamæra Pakistan og Afganistan í þjálfunarbúðir.

- gsj

Mannæta í Svíþjóð:

# Enn sjúkur

**SVÍÞJÓÐ** Mannæta, sem myrti kærustu sína fyrir 27 árum, er ennþá sjúkur og hættulegur, að mati sænskra dómstóla, en fær samt að fara í frí frá geðdeild og fær þá að vera í íbúð sinni í Malmö. Maðurinn notaði eldhúshöld til að skera líkama konunnar í sundur, borðaði hluta af henni og drakk rauðvín með.

Maðurinn var handtekinn árið 1979, að sögn Aftonbladet, grunaður um að hafa stolið sjónvarpstæki móður sinnar. Í ljós komu þá leifarnar af unustunni. Maðurinn var dæmur til vistar á geðdeild.

- ghs



# MAX

## TILBOÐIN

## HALDA ÁFRAM

### FULL BÚÐ AF DÚNDUR **MAX** TILBOÐUM



30stk

**12.999 kr.**

United UTV20X40

- 20" Sjónvarp
- Black Matrix myndlampi
- Textavarp
- Scart tengi og Svefnrofi

almennt verð **16.999**

**99.999 kr.**

Fujitsu Siemens Amilo Pi1505

- Ferðatölva
- Intel Core2Duo T5500 örgjörvi 1,66Ghz
- 512mb minni
- 80Gb harður diskur
- DVD skrifari
- 15,4" skjár
- Inted A950 skjákort með 128mb minni

almennt verð **129.999**



20stk



**1.499 kr.**

Regína Ósk  
Í djúpum dal  
CD diskur

almennt verð **2.199**

**BARA BROT AF  
TILBOÐUNUM**

**Við erum beint  
á móti IKEA**

# MAX

RAFTÆKI

MAX / Kaupúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200



**KJÖRKASSINN**

Fórst þú á tónleikana með Sykurmolumum í gærkvöld?

Já	5,2%
Nei	94,8%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**  
Er jólaundirbúningurinn hafinn á þínu heimili?

Segðu þína skoðun á visir.is **visir**

Myndun þjóðstjórnar í Palestínu í auglýsingu og sátt komin á um forsætisráðherra:  
**Deilt um skiptingu ráðuneyta**

**PALESTÍNA, AP** Myndun þjóðstjórnar í Palestínu er í auglýsingu, en Fatah- og Hamas-hreyfingarnar munu ræða skiptingu ráðuneyta í næstu umferð stjórnarmyndunarviðræðna. Ef sátt næst mun hvor hreyfing tilnefna ráðherraefni, en hafa neitunarvald gegn tillögum hinnar, sögðu samningamenn í gær.

Sátt hefur náðst um nýjan forsætisráðherra, Mohammed Shabir, fyrrum yfirmann íslamska háskólans á Gaza, en hart er deilt um hvor hreyfingin fær yfirráð yfir fjármála- og innanríkisráðuneytinum. Nú þegar hefur verið samþykkt að Hamas-hreyfingin

fái nýu ráðuneyti, en Fatah-hreyfingin sex.

Með þjóðstjórn vonast hreyfingarnar til að alþjóðlegum efnahagsaðgerðum gegn Palestínu ljúki, en þær hafa staðið síðan Hamas náði völdum í þingkosningunum fyrir níu mánuðum.

Fráfarandi ríkisstjórn Hamas sagði við þetta tilefni í gær að ályktun Sameinuðu þjóðanna gegn loftárásum Ísraelsmanna á Gaza gangi ekki nógu langt og að þvingunum verði að beita gegn Ísrael. 21 árs Palestínamaður og sextán ára drengur voru drepnir af hermönnum Ísraels í gær.



**EFTIRMÁL LOFTÁRASAR** Palestínskar konur skoða eyðilegginguna eftir loftárás Ísraelsmanna á byggingu í eigu Hamas-samtakanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samsærismönnum sleppt:  
**Líbía lætur 19 fanga lausa**

**SÝRLAND, AP** Stjórnvöld í Líbýu slepptu nýlega níttján arabískum fögnum úr haldi, að sögn sýrlenskra mannréttindasamtaka. Fangarnir höfðu setið í fangelsi í sextán ár, en þeir sættu lífstíðardómi fyrir samsæri um að steypa yfirvöldum af stóli. Tveir höfðu þegar dáið í fangelsi.

Fjórir fanganna voru Sýrlendingar, en þeir voru handteknir án ákæru við komuna til heimalandsins á föstudag. Ekkert er vitað um afdrif hinna fimmtán, sem eru frá Palestínu, Jórdaníu og Líbanon.

**Tölvunám**

**Stafrænar myndavélar**

Stutt og hagnýtt námskeið fyrir þá sem eru að taka fyrstu skrefin með myndavélina. Farið yfir öll helstu grundvallaratriði og meðferð myndanna í tölvunni. Þátttakendur glöggva sig á stærð og upplausn mynda, skipulag myndanna í heimilistölvunni og grundvallarlagfæringar á myndunum.

Þá verður farið yfir heimaþrentun og framköllun myndanna, að senda þær í tölvupósti eða vista á geisladiska til varðveislu. Vinsælt, ókeypis myndvinnsluforrit á Netinu tekið fyrir.

Lengd 14 std. (3 kvöld) Hefst 22. nóvember. Verð kr: 15.000.- Kennslubók innifalin.

**Tölvuskólinn þinn**

**TÖLVUSKÓLINN ÞEKING**  
FAXAFEN 10 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS SKOLI@TSK.IS | Sími: 544 2210



**FÆDINGARFRÆÐSLA** Afganskar konur sýndu fræðslunni mikinn áhuga.



**EVA LAUFHEY** Hér með innfæddum dreng.

**Fræddi ljósmæður um ungbarnaeftirlit**

Eva Laufey Steingrimsdóttir ljósmóðir er nýkomin frá Afganistan þar sem hún fræddi hóp ljósmæðra og yfirsetukvenna um getnaðarvarnir, fæðingar og ungbarnaeftirlit. Mæðradauði í landinu er mjög hár og aðstæður frumstæðar.

**PRÓUNARADSTÖÐ** „Ég bjó í Cheghcheran sem er bær í Gowr-héraði í Mið-Afganistan. Þarna dvaldi ég í tvær vikur en héraðið er eitt af þeim fátækustu í Afganistan,“ segir Laufey sem var þar á vegum friðargæslunnar í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Þingeyjarsýslu á Húsavík.

„Aðstæður í Cheghcheran eru mjög frumstæðar og stærstur hluti barna fæðist í heimahúsum. Sem dæmi um frumstæða búsetu-hætti má nefna að ekkert rafmagn er á svæðinu og vatnið er varla drykkjarhæft.“

Laufey segir að fræðslan hafi tekið mið af þeim aðstæðum sem fyrir voru en hún fólst í fyrirlestrum og verklegum æfingum. „Konurnar tala litla ensku og því þurfti túlk til að túlka úr ensku yfir á dari, sem er mál innfæddra.“

Eva segir að mæðradauði á þessu svæði sé með því mesta sem gerist í heiminum og tölur geri ráð fyrir að um 1.800 mæður deyji af hverjum 100.000 fæðingum þar sem börnin lifa. „Aðrar tölur gera ráð fyrir enn hærra hlutfalli mæðradauða eða 6.000 mæðrum af hverjum 100.000 fæðingum lifandi barna. Ástæður þessarar háu dánartíðni má rekja til frumstæðra aðstæðna, litillar fæðingaraðstoðar frá faglærðu fólki og hás hlutfalls ungra mæðra en þær eru allt



**ÚTSKRIFARHÓPURINN** Hópur ljósmæðra og yfirsetukvenna sem sátu fæðingarnám-skeiðið hjá Evu Laufeyju.

niður í 12-13 ára. Þá er skortur á ýmsum matvörum eins og ávöxtum sem rýrir næringarmöguleika verðandi mæðra.“

Laufey segir að hluti fræðslunnar hafi snúið að getnaðarvörnum en þær voru bannaðar á meðan talíbanar réðu ríkjum í landinu. „Notkun getnaðarvarna er þó enn lítið útbreidd, ég lenti í því að túlkurinn, sem var karlmaður, neitaði

„Uppsetning lykkjunnar og útskaf eftir fósturlát er því oft gert við frumstæðar aðstæður af aðilum sem ekki hafa nægjanlega þekkingu á þessum hlutum.“

**EVA LAUFHEY STEINGRÍMSDÓTTIR** LJÓSMÓÐIR

á túlka nákvæmar lýsingar mínar á notkun hettunnar.“

Laufey segir að í Afganistan sé karlmönnum bannað að sinna mæðraskoðun og fæðingarhjálp og það útiloki aðstoð lækna. „Uppsetning lykkjunnar og útskaf eftir fósturlát er því oft gert við frumstæðar aðstæður af aðilum sem ekki hafa nægjanlega þekkingu á þessum hlutum.“

Laufey segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvort framhald verði á verkefninu en að konurnar sem setið hafi námskeiðið geti nú frætt þær sem bætist í hóp yfirsetukvenna. „Ég lít á það sem forréttindi að hafa fengið að taka þátt í þessu starfi og afganskar konur voru bæði opnar og áhugasamar um það sem ég hafði að segja þeim.“

hugrun@frettabladid.is

**Rainbow** Síðan 1936

**RainMate**

Verð 12.900 Tilvalið í jólapakkann

Enginn filter

A Breath of Fresh Air from

FRÍ heimsending

**Sjálfstætt lofthreinsi og rakataeki**

Hreinsar loftið í gegnum vatn og gefur frá sér raka. Margar teg. ilmefna. Einnig lyktareyðir sem fjarlægir t.d. tóbakslykt og matarlykt.

**Hrein þjónusta ehf**  
Dalbraut 3, 105 Rvk  
567 7773 - Kvöld og helgar s. 897 2800

Tveir bílar lentu í árekstri við bæinn Breiðumýri skammt frá Húsavík:  
**Einn stórslasaður á gjörgæslu**

**LÖGREGLUMÁL** Árekstur tveggja varð við bæinn Breiðumýri í Reykjadal um 30 kílómetra frá Húsavík klukkan rúmlega sjö á föstudagskvöldi. Annar ökumaðurinn, sautján ára gamall piltur, var fastur í öðrum bílnum og var kallað á Slökkviliðið á Akureyri til að ná honum út úr flakinu. Manninum var náð út með klippum.

Hann var fluttur alvarlega slasaður áleiðis til Akureyrar í sjúkrabíl. Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-LIF, var kölluð út og mætti hún sjúkrabílnum við Stórutjarnir, sem eru 50 kílómetra frá Húsavík og 45 kílómetra frá Akureyri, og flaug með manninn á

gjörgæsludeild Landspítala - háskólasjúkrahúss í Fossvogi. Að sögn svæfingalæknis á gjörgæsludeild var maðurinn í aðgerðum aðfaranótt laugardagsins og er hann stórslasaður. Tvær konur voru í hinum bílnum og voru þær fluttar á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Meðsli þeirra voru ekki alvarleg að sögn læknis og voru þær útskrifaðar af spítalanum á föstudagskvöldi.

Að sögn Lögreglunnar á Húsavík liggja tildrög slyssins ekki ljós fyrir en svo virðist sem nokkur snjóköma hafi verið og töluverð hálka á veginum.





# ÞÖKKUM FRÁBÆRAR MÓTTÖKUR VIÐ VERÐUM ÓDÝRARI!



T100 N2B  
Brauðrist

OKKAR VERÐ!

**799,-**

ALGENGT VERÐ

**2.999,-**



DaVinci Code

OKKAR VERÐ!

**999,-**

ALGENGT VERÐ

**2.299,-**



C9079A  
HP DESKJET 2360  
Prenthraði: 20 bls.  
í svörtu og 14 í lit  
Upplausn: 1200dpi í svörtu  
4800x1200dpi í lit

OKKAR VERÐ!

**6.999,-**

ALGENGT VERÐ

**9.999,-**



Hilður Vala  
LALALA

OKKAR VERÐ!

**1.499,-**

ALGENGT VERÐ

**2.299,-**

# ALMAX.is





## MYNDLISTARMENN – umsóknir um styrki

Listasjóður Dungal (áður Listasjóður Pennans)  
auglýsir eftir umsóknum um styrki.

Sjóðurinn var stofnaður árið 1992 í minningu  
Margrétar og Baldvins P. Dungal kaupmanns í Pennanum.  
Markmið sjóðsins er að styrkja unga og efnilega myndlistarmenn  
sem eru að stíga sín fyrstu skref á listabrautinni.

Í ár verða veittir 2 styrkir.

- annar að upphæð 500.000 kr. og hinn að upphæð 300.000 kr.  
auk þess sem sjóðurinn kaupir verk af styrkþegum.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar má nálgast  
á vef listasjóðsins [www.listasjodur.is](http://www.listasjodur.is). Umsóknum skulu fylgja  
ljósmyndir af verkum umsækjanda ásamt ferilsskrá og skal  
skila gögnum í pósthólf 8222, 128 Reykjavík.

(Vinsamlegast athugið að ekki er tekið við gögnum í tölvupósti.)

Umsóknarfrestur er til 11. desember 2006.



FRÉTTABLAÐIÐ **AUGLÝSINGASÍMI**  
**550 5000**

## Bókin sem heimurinn bíður eftir!

Þessi bók hefur reitt fólk til reiði, fólk sem sér sjálft sig í Önnu en Anna er ljóta hliðin á teningnum. Flest allir lifa í blekkingum, þola ekkert óþægilegt og viðurkenna ekki vandann. Sem sagt sópa öllu undir teppið. En Kleopatra sviptir teppinu ofan af og sjá... hvað blasir við!? Þess vegna reiðist fólk. Könnun hefur sýnt að annaðhvort verður fólk alveg heillað af þessari bók eða reiðist ofsalega, móðgast og verður sárt. En það sýnir hvar fólk er statt. Fólk sýnir sig að lokum og það er svar. **Ehver varð að gera það. Kleopatra takk fyrir að þora.**



Kleopatra Kristbjörg



**Stórkostleg bók sem er löngu orðin tímabær.**

*Kleopatra sér heiminn í réttu ljósi eins og hann er og þorir að segja það án orðskráðs.*

Hinn ungi rithöfundur þessarar bókar, Kleopatra Kristbjörg, hefur greinilega hlýtt kalli hins nýja tíma. Þetta er stórkostleg bók og löngu tímabær, bók rithöfundar sem þorir að ganga á hólmi við heiminn og segja hlutina á opinn og hispurslausan hátt, forðast að gera list sína skrautsýningu utan um ekki neitt. Rithöfundar hins nýja tíma hafa hér mikið verk að vinna. Ég óska þeim góðs gengis og velfarnaðar í baráttunni fyrir betri heimi.

Gunnar Dal heimspekingur og rithöfundur.

Ísjaki á reki út af ströndum Nýja-Sjálands vekur furðu heimamanna:

## Hefur ekki gerst í hálföld

**NÝJA-SJÁLAND, AP** Stór ísjaki hefur sést út af ströndum Nýja-Sjálands. Þegar nánar var að gætt kom í ljós að nokkrir aðrir stórir jakar eru á floti á svipuðum slóðum. Þetta þykja undur og stórmerki því ísjakar hafa ekki sést frá ströndum Nýja-Sjálands í meira en hálföld, eða allt frá árinu 1931.

Vísindamenn vinna nú hörðum höndum að því að komast að raun um hvaðan sá stóri er kominn. Vitað er að hann er kominn til Nýja-Sjálands frá Suðurskautslandinu, en vísindamönnum leikur forvitni á að vita hvar á Suðurskautslandinu uppruna hans er að leita.

Á síðasta ári fréttist reyndar af ísjökum ekki langt frá Nýja-Sjálandi, en þeir hróktust fljótlega burt fyrir veðri og vindum og sáust aldrei frá ströndinni, eins og nú er raunin.

Stóri jakinn, sem nú er kominn á þessar slóðir, hefur sést frá Dunedin á Suðureyju Nýja-Sjálands.

Ísjakarnir eru orðnir fólk í ferðabjónustunni tekjulind því ferðamenn borga allt upp í 500 nýsjálenska dali fyrir útsýnisflug yfir jakana. Sú upphæð mun nema rúmum 20 þúsund krónum. - gb

ÍJAKAR Sjaldgæfir við Nýja-Sjáland.



Stal skóm í vitlausri stærð:

## Kona stal skóm

**DÓMSMÁL** Kona á fimmtugsaldri var dæmd í 45 daga skilorðsbundin fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur á föstudag fyrir að stela níu pörum af skóm úr verslun í Kringlunni. Fyrir dómi kom fram að konan er á sterkum lyfjum. Að hennar sögn eiga lyfin það til að rugla dómgreind hennar. Þannig hafi verið komið fyrir henni umræddan dag enda hafi skórnir ekki einu sinni verið í hennar stærð. Konan hefur áður hlotið dóm fyrir svipaðan þjófnað. - þsj

### ÞÝSKALAND

#### Óður hundur drap barn

Rottweiler-hundur réðst á ungbarn í Þýskalandi í gær með þeim afleiðingum að barnið lét lífið. Hundurinn var í eigu ættingja barnsins og var honum lógað eftir árásina.

Gæðakannanir meðal ferðamanna á Íslandi:

## Mest kvartað yfir háu verðlagi

**FERÐAÞJÓNUSTA** Ferðamenn á Íslandi eru helst ósáttir við verðlag héraðs samkvæmt könnunum sem kynntar voru á Ferðamálaráðstefnu 2006 á fimmtudag. Á það bæði við um íslenska og erlenda ferðamenn. Ferðamálastofa lét gera viðhorfskönnun meðal íslenskra ferðamanna héraðs og Samtök ferðabjónustunnar könnuðu álit erlendra ferðamanna á gæðum íslenskrar ferðabjónustu.

Hæst þótti erlendum ferðamönnum verðlag vins á veitingastöðum en rúm 92 prósent þeirra töldu það mjög hátt eða fremur hátt miðað við gæði. Næst kom matur á veitingahúsum en 89 prósent töldu verð á honum mjög hátt eða fremur hátt.


Íslenskir ferðamenn voru beðnir um að gefa ýmsum þáttum einkunn á bilinu núll til tíu. Lægstu



**STURLA BÖÐVARSSON SAMGÖNGU-RÁÐHERRA** Sturla sagði ánægjulegt hve greinin hefði vaxið og aflagi hún nú um tólf prósent af gjaldgæðingum Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

**GÆÐI ÍSLENSKRAR FERÐAÞJÓNUSTU MIÐAÐ VIÐ VÆNTINGAR ERLENDRA FERÐAMANNA**



einkunn fékk verðlagning innanlandsflugs eða 2,9. Hæstu einkunnina fékk ástand bílaleigubíla, eða 8,5. Meðaleinkunn allra þátta að verðlagi undanskildu var 6,6. Meðaleinkunn verðlags var 4,8.

Sturla Bødvarsson samgönguráðherra segir ferðamálaáætlun Ferðamálastofu ganga vel en greinin þurfi að taka sig á í gæðamálum. „Lækkun virðisaukaskatts og matarverðs er ein allra mikilvægasta markaðsaðgerðin til lækkunar verðs á þjónustu greinarinnar meðal annars gagnvart erlendum ferðamönnum. Eg held að þessi könnun sanni að það er rétt ákvörðun gagnvart greininni.“ - sdg

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS  
TRADE COUNCIL OF ICELAND



## Gerð útflutningsskjala

22. nóvember, kl. 8.30 – 10.00  
í Borgartúni 35, 6. hæð

Útflutningsráð í samstarfi við Transport, toll- og flutningamiðlun ehf. ásamt Euro Info skrifstofunni bjóða upp á fræðslufund í gerð útflutningskjala. Leiðbeinandi er Fríða Sjöfn Lúðvíksdóttir.

Fundurinn er þátttakendum að kostnaðarlausu en skráning fer fram í síma 511 4000 eða með tölvupósti á [utflutningsrad@utflutningsrad.is](mailto:utflutningsrad@utflutningsrad.is).

Nánari upplýsingar gefa Hermann Ottósson, forstöðumaður, [hermann@utflutningsrad.is](mailto:hermann@utflutningsrad.is) og Inga Hlín Pálsdóttir, verkefnisstjóri, [inga@utflutningsrad.is](mailto:inga@utflutningsrad.is).

20  
1986-2006



[www.utflutningsrad.is](http://www.utflutningsrad.is)  
Borgartún 35 • 105 Reykjavík • sími 511 4000 • fax 511 4040 • [utflutningsrad@utflutningsrad.is](mailto:utflutningsrad@utflutningsrad.is)





# TIL HAMMINGJU BIRGIR LEIFUR!

Birgir Leifur Hafþórsson atvinnukylfingur hefur tryggt sér keppnisrétt á meðal bestu atvinnukylfinga heims á Evrópumótaröðinni í golfi. Hann er fyrsti íslenski kylfingurinn í karlaflokki sem nær þessum merka áfanga. Með stolti hefur KB banki stutt við bakið á Birgi Leifi í gegnum árin og óskum við honum hjartanlega til hamingju með glæsilegan árangur.

*Áfram Birgir Leifur!*





Sjálfstæðisflokkurinn og Árni Johnsen:

## Brotið siðferði eða tæknivilla

HAFLIÐI HELGASON SKRIFAR

Sjálfstæðisflokkurinn er í sérkennilegri stöðu í aðdraganda komandi kosninga eftir sigur Árna Johnsen í prófkjöri flokksins í Suðurkjördæmi. Það er augljóst að maður, sem hefur verið dæmdur vegna brota í trúnaðarstarfi fyrir þjóðina og fær afgerandi kosningu í annað sæti listans og verulegan stuðning í forystusæti í sínu kjördæmi, hefur unnið mikinn kosningasigur.

Nú er mikilvægt að halda því til haga að misgjörðir manna eiga ekki að útiloka þá um lífstíð. Menn greiða skuld sína við samfélagið og smátt og smátt með góðri breytni eiga þeir að geta endurreist sig til sama sess í samfélaginu. Slíkt tekur tíma og verkin verða að sýna merkin.

Hitt er svo annað að það er á engan hátt sjálfgefið að fyrri sess fái stíu fyrstu lotu. Gjaldkeri sem dregur sér fé verður tæpast gjaldkeri á ný. Ef hann verður það, þá er það að löngum tíma liðnum. Það er því ekkert sjálfgefið að Árni Johnsen setjist á þing og fari með vald fyrir hönd almennings í landinu á ný.

*Misgjörðir fólks eru mestan part af tvennum toga. Annars vegar greina menn ekki mun á réttu og röngu. Eru með öðrum orðum siðblindir. Hins vegar vita menn hvað er rétt, en breyta ekki samkvæmt því vegna veiklyndis og lítillar stjórnar á hvötum sínum. Breyta gegn betri vitund.*

Misgjörðir fólks eru mestan part af tvennum toga. Annars vegar greina menn ekki mun á réttu og röngu. Eru með öðrum orðum siðblindir. Hins vegar vita menn hvað er rétt, en breyta ekki samkvæmt því vegna veiklyndis og lítillar stjórnar á hvötum sínum. Breyta gegn betri vitund. Slíkt er í daglegu tali nefnt breyskleiki og undan honum er enginn laus að fullu.

Mismunur þessa birtist gjarnan í viðhorfum manna til misgjörðanna. Sá breyski iðrast gjörða sinna á þeirri forsendu að hann hafi látið veikleika sína sigra raunverulegt gildismat sitt og siðferði.

Sá sem er siðblindur sér ekki að hann hafi gert neitt rangt og því síður að nokkur hafi skaðast. Meinsemdin er í augum hans fyrst og fremst að upp komst.

Því miður virðist skorta nokkuð upp á, miðað við svör Árna Johnsen, að honum sé ljóst að hann brást með alvarlegum hætti trúnaði almennings í landinu.

Mistök Árna voru af siðferðilegum toga, en ekki tæknilegum. Það er alvarlegt að gera ekki greinarmun á slíku og það er alvarlegt ef öflugt stjórn málafl skrifafrar upp á skilningsleysi á þeim greinarmuni. Í því ljósi var stuðningsyfirlýsing formanns Sjálfstæðisflokksins fljótfærnisleg, enda þótt hún hafi vísast verið gefin af góðum hug og áður en Árni lýsti misgjörðir sínar af tæknilegri rót.

## FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson. AÐSTODARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arnís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason. FULLTRÚAR RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

SIGURJÓN MAGNÚSSON

# GADDAVÍR

ÁHRIFAMIKIL SKÁLDSAGA SEM HELDUR LESANDANUM Í HELJARGREIPUM

„Gaddavír er láttlaus, hefðbundin, vel skrifuð skáldsaga sem gefur tilefni til þess að velja fyrir sér mannlegu eðli... Í stærra samhengi og táknsögulega fjallar Gaddavír um erfðasýndina, þjáningu, jafnvel píslarvætti.“

- Geir Svansson, Morgunblaðið, 3. nóv. 2006

GADDAVÍR  
Sigurjón Magnússon

BJARTUR

## FRÁ DEGI TIL DAGS

## Hugleikur hittir yfirhnakkann

Hugleikur Dagsson heldur áfram sigurför sinni og seldi nýlega útgáfu-réttinn á bókum sínum í Finnlandi. Nýjasta „Okkur“-bókin, „Fylgið okkur“ fer í prentun á morgun og ætti því að koma út eftir rúmlega viku. Þetta er ekki eina bók Hugleiks í ár því „Eineygði kötturinn Kísi & Hnakkarnir“ er þegar komin út. Í bókinni er meint „hnakkavæðing“ sem gekk yfir þjóðfélagið í nokkrar vikur fyrr á árinu tekin fyrir. Ekki virðast hnakkarnir almennt fúlir yfir bókinni því sjálfur yfirhnakkinn Ásgeir Kolbeinsson hefur tekið viðtal við Hugleik sem sýnt verður bráðlega í þættinum Sírkus Rvk. Að sögn kom það Hugleiki mikið á óvart hversu vel



Ásgeir var að sér og honum þótti hann spyrja óvenju djúpra spurninga.

Ásgeir var að sér og honum þótti hann spyrja óvenju djúpra spurninga.

## Spæld skáld

„Jón Óskar var skáld gott en ansi kvartsár,“ skrifar Stefán Snævarr heimspékiþrófessor. „Allir voru á móti Jóni að hans mati og hann fékk aldrei þann heiður sem hann átti skilið. Þetta þótti mörgum fyndið, ekki síst mér. Ég úthlutaði á tímabili Jóns Óskars-verðlauninum til spældasta skálds ársins. Nú hyggst ég taka upp þráðinn sem ég lét niðurfalla því eftir útkomu fimmta bindis bókmenntasögunnar keppast skáld við að vera spæld. Útmenfdir eru...og verðlaunahafinn er...hver annar en SAM, Sigurður A. Magnússon!“



## Baggalútur á dansæfingum

Grínsoðan Baggalútur hefur glatt landann undanfarin ár og hljómsveitararmur síðunnar hefur verið að sækja í sig veðrið. Plata Baggalúts „Aparnir í Eden“ hefur verið með þeim mest seldu á árinu og eftir helgi er von á jólaþlötunni „Jól og blíða“. Meðal jólaganna verður „Komdu í parti“ sem Baggalútur hefur fengið Filmus til að framleiða myndband við. Þetta verður gríðarlega metnaðarfullt myndband sem á að líkjast sem mest myndböndum Westlife og annarra strákabanda. Baggalútsmenn hafa verið á stífum dansæfingum að undanförmu og það er engin önnur en Birna Björnsdóttir, Evróvisjón-danshöfundur og systir Selmu, sem tók að sér það vandasama verkefni að koma Baggalúti í viðunandi dansform. gunnarh@frettabladid.is

## Lýðræði í skólastarfi

Um helgina héldu samtök áhugafólks um skólaþróun ársþing sitt í Ingunnarskóla hér í Reykjavík. Samtökin voru stofnuð árið 2005 á Selfossi og innan þeirra starfa kennarar, skólastjórnendur, foreldrar og aðrir þeir sem hafa áhuga á betri menntun á Íslandi. Mikilvægi frjálsra félagsamtaka verður seint ofmælt og sérstaklega nú þegar allt stefnir í að stjórnmalaflokkarnir á Íslandi verði ríkisrekni. Sennilega endar sú vitleysa með því að við í einkavæðingarnefndinni fáum þá á okkar borð og til að koma þeim aftur í eigu fólksins verða hlutabréf í þeim send til skráðra flokksmanna. Frjáls félagsamtök eru til vegna þess að þar koma saman einstaklingar sem láta sig eitthvert málefni svo miklu varða að þeir bindast samtökum um það og reyna að láta til sín taka. Ég spái því að samtök áhugafólks um skólaþróun eigi eftir að vaxa og dafna á næstu árum. Það er alltaf að vaxa skilningur á því hversu mikilvæg menntun er í samfélaginu, bæði fyrir hvert og eitt okkar og samfélagið í heild. Umræður um menntamál hafa lengi verið mjög bundnar við kjarabaráttu og hve miklu fé eigi að verja til skólastarfs. Ekki er ástæða til að draga úr mikilvægi þess að kennarar fái góð laun eða að fjármunir séu nægir til að ná þeim markmiðum sem skólastarfinu eru sett. En það er mjög nauðsynlegt að við ræðum meira á opinberum vettvangi um skólamálin og þá í víðara samhengi en bara um kaup og kjör. Á námskrá grunnskóla að vera nákvæmur leiðarvísir eða stefnumótandi plagg, á Námsgagnastofnun að sitja ein að því fé sem skólunum er ætlað til námsgagnakaupa, á nám að vera einstaklingsmiðað, hvernig örvum



ILLUGI GUNNARSSON  
Í DAG | Menntamál

við skapandi hugsun, hver á hlutur listnáms að vera? – allt eru þetta spurningar, og þær eru auðvitað miklu fleiri, sem skipta miklu máli fyrir menntakerfið og þá um leið fyrir framtíð þjóðarinnar.

Á ársþingi áhugafólks um skólaþróun var sérstaklega rætt

*Lýðræði í skólastofunni þýðir í mínum huga ekki að kennarinn ráði stundum en stundum tapi hann í atkvæðagreiðslum og allir fari út að leika.*

um lýðræði í skólastarfi. Mér veittist sú áneiga að fá að taka þátt í þeim umræðum ásamt Katrínu Jakobsdóttur. Við ræddum um þá spurningu hver ætту að vera áhrif nemenda, starfsfólks, foreldra og stjórnvalda. Hver á að ákveða hvað, hvað er átt við með lýðræði í skóla, hver hefur lokaorðið, hver ber ábyrgð og svo framvegis. Að sjálfsögðu voru ekki veitt endanleg svör við þessum spurningum og í raun eru ekki til slíkr svör. Menntakerfið er í stöðugri þróun og spurningar sem þessar kalla á mismunandi svör við mismunandi aðstæður. En eitt er ljóst. Lýðræði innan veggja skólans er mikilvægt. Ekki þó þannig að sex ára börn kjósi um það hvort þau eigi að læra B eftir

að þau hafi lært A. En skólastarfr er samstarf margra ólíkra aðila sem hafa mikla hagsmuni af því að vel gangi og til að laða það besta fram þá er nauðsynlegt að leitað sé eftir skoðunum sem flestra. Skólastarfið er einnig margbrotið í eðli sínu og gæði þess verða ekki einungis metin út frá einkunum nemendanna; vellíðan þeirra, félagsfærni, sköpunargleði og aðrir slíkir þættir skipta ekki minna máli þegar upp er staðið.

Það er stór ákvörðun sem ríkisvaldið tekur þegar það grípur fram fyrir hendurnar á foreldrum og skyldar börn þeirra til að ganga í skóla. Fyrir þeirri ákvörðun eru til mörg rök, auðvitað mis sterk. En ein þau sterkustu snúa að því að við viljum búa í lýðræðisþjóðfélagi. Ákvarðanir hvers og eins okkar um sameiginleg mál snerta þar með alla. Slíkt fyrirkomulag krefst þess að þeir sem mega kjósa hafi nægjanlega þekkingu og færni til að geta kynnt sér að gagni þau mál sem kosid er um. En þekking ein og sér nægir ekki, það þarf líka að þjálfa fólk í því að vera virkir þátttakendur í opnu lýðræðislegu samfélagi. Sú þjálfun þarf að fara fram innan veggja skólanna.

Agí í skólastarfi og skólalýðræði fara vel saman. Lýðræði í skólastofunni þýðir í mínum huga ekki að kennarinn ráði stundum en stundum tapi hann í atkvæðagreiðslum og allir fari út að leika. Þvert á móti. Frelsi fylgir ábyrgð og það er nauðsynlegt að það sé snemma byrjað að kenna börnum þá staðreynd. Lýðræði í skóla þýðir að það er hlustað á nemendur og foreldra þeirra og það sem meira er nemendur og foreldrar taka þátt í því að móta skólastarfið og bera sameiginlega ábyrgð með kennurum, skólastjórnendum og stjórnvöldum.

## Björn á leikinn

## UMRÆÐA

Dómsmál

Íleiðara Þorsteins Pálssonar í Fréttablaðinu í gær kemur fram áskorun til Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra um viðbrögð við grein Arnars Jenssonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns hjá embætti ríkislögreglustjóra, sem birtist í Morgunblaðinu sl. miðvikudag. Í leiðaranum bendir Þorsteinn á að grein Arnars feli í sér þá aðdróttun, að dómstólar hafi brugðist í „Baugsmálinu“. Grein Arnars verði ekki skilin öðruvísi en svo, að dómstólar mismuni borgurum landsins, gangi erinda auðmanna og „Baugsmálið“ sé sönnun þess. Orðrétt segir Arnar í greininni: „Við búum við þróaðar réttarreglur sem eiga að vera nægilega traustar til þess að tryggja að allir fái sömu réttlátu málsmeðferðina, hvort sem um er að ræða auðmann, fjölmiðlakóng, einstætt foreldri eða öryrkja. Hvort sem í hlut á Jón eða séra Jón. Baugs-málið er dæmi um að svo er ekki. Þessi þróun er óþolandi og ég kalla á viðbrögð yfirvalda þessa lands.“

Hér hafa þung orð verið látin falla af háttsettum lögreglum hjá embætti ríkislögreglustjóra, sem er æðsti yfirmaður lögreglu í landinu. Undir greininni kemur fram starfsheiti Arnars hjá embættinu, hann hefur lýst því yfir í sjónvarpsviðtali, að hann



HREINN LOFTSSON

hafi kynnt yfirmönnum sínum efni greinarinnar áður en hún birtist og þeir ekki gert athugasemdir. Hann setur því fram áskanir sínar að höfðu samráði við yfirmenn sína. Hér hafa því gerst tíðindi, sem dómsmálaráðherra hlýtur að bregðast við. Einu viðbrögð hans til þessa eru þau, að vekja athygli á grein Arnars á heimasíðu sinni. Alþingismenn hljóta að taka þetta mál upp og krefja ráðherrann um viðbrögð og afstöðu. Annaðhvort stendur hann með dómstólunum gagnvart þessari atögu lögreglunnar eða ekki.

Líkt og Þorsteinn Pálsson bendir á, þá getur aðeins tvennt gerst í þeirri stöðu, sem upp er komin eftir grein Arnars. Annaðhvort metur Björn Bjarnason dómsmálaráðherra þessa gagnrýni einskis og aðhefst þá ekkert eða lýsir því yfir, að hann hafi fulla trú á dómstólunum. Sú afstaða gengisfellir þá embætti ríkislögreglustjórans og jafngildir vantrausti ráðherrans á embættið. Taki hann á hinn bóginn mark á þessari gagnrýni, þá hlýtur hann að bregðast við skjótt, en hann er það yfirvald í landinu, sem Arnar ákallar í grein sinni. Líkt og Þorsteinn bendir á í leiðaranum yrði Björn þá, að „grípa umsvifalaust til mjög róttækra aðgerða“. Þá dugi ekkert minna en „endurreisn dómstóla með nýrri löggjöf“.

Höfundur er hæstaréttarlögmaður og formaður stjórnar Baugs Group hf.



# alltaf fjör í nettó

allt til alls



allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur  
Gildistími 19. nóvember eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto



**GUÐRÚN ÁSMUNSDÓTTIR LEIKKONA ER 71 ÁRS Í DAG**

Framan af ævinni varð ég voða sár ef fólk mundi ekki eftir afmælinu mínu en þegar fer að síga á seinni hlutann hef ég læknast af þessu.



# tímamót

tímamot@frettabladid.is

**PETTA GERÐIST: 19. NÓVEMBER 1969**

## Pele skorar þúsundasta markið

Á þessum degi árið 1969 skoraði brasilíska fótbolta-stjarnan Pele þúsundasta markið á ferli sínum sem atvinnumaður í knattspyrnu. Markið gerði hann í leik gegn liðinu Vasco da Gama í Ríó de Janeiro. Þetta voru stór tímamót fyrir þennan kapp, sem átti að baki þrjá heimsmeistarátitla.

Pele, sem heitir í raun Edson Arantes do Nascimento, hóf ungur að leika knattspyrnu og gekk til liðs við Santos í heimalandi sínu þegar hann var sextán ára. Hann stýrði liðinu margt til sigurs í brasilísku deildarkeppinni.

Hann sló hvert markameið á fætur öðru og



skoraði í allt 1.281 mark á ferlinum, þar af eitt mark að meðaltali í leik með brasilíska landsliðinu. Blómaskeið Pele var á sjötta og sjöunda áratugnum. Hann vann heimsmeistarátitilinn árin 1958, 1962 og 1970. Hann gat þó ekki leikið úrslitaleikinn árið 1962 þar sem hann meiddist um mitt mót. Pele hætti að leika með landsliðinu árið 1971 en hélt áfram að leika með Santos. Árið 1975 gerði hann sjö milljóna dollara samning við New York Cosmos og lék þar um tveggja ára skeið áður en hann lagði skóna á hilluna.

**MERKISATBURÐIR**

- 1594 Hvítá í Arnessýslu þornar upp á tveimur stöðum í stormi.
- 1863 Abraham Lincoln flytur frægt ávarp sem kennt er við Gettysburg.
- 1959 Auður Auðuns tekur við starfi borgarstjóra í Reykjavík, fyrst íslenskra kvenna.
- 1969 Geimfarið Apollo 12 lendir á tunglinu.
- 1974 Geirfinnur Einarsson hverfur í Keflavík.
- 1977 Anwar Sadat, forseti Egyptalands, heimsækir Ísrael, fyrstur íslamskra leiðtoga.
- 1983 Fyrsta bjórkráin í Reykjavík, Gaukur á Stöng, er opnuð. Þar er selt bjórliki þar til sala bjórs er heimilud sex árum síðar.

**JÓN S. PÁLSSON: AB-VARAHLUTIR STYRKTU KRABBAMEINSSJÚKA KONU**

## Sleppti afmælisveislunni

Verslunin AB-varahlutir, sem selur varahluti í bíla, varð tíu ára gömul í vikunni. Eftir að hafa byrjað með varahluti í Toyota-bifreiðar hefur fyrirtækið fært út kvíarnar, en nú fást varahlutir, boddhlutir og slithlutir í flesta Evrópu- og Asíubíla hjá AB-varahlutum. „Þetta gengur allt í rétta átt,“ sagði Jón S. Pálsson, eigandi verslunarinnar, í samtali við Fréttablaðið, en hann stefnir á að stækka verslunina bráðlega. Jón ákvað að blása ekki til veisluhalds í tilefni afmælisins, en styrkti þess í stað Ástu Lovísu Vilhjálmsdóttur sem etur kappi við illvígt krabbamein með peningagjöf.

„Fyrirtækið varð tíu ára á miðvikudaginn,“ sagði Jón í samtali við Fréttablaðið. „Konan mín hafði keypt helgarblað DV, þar sem er viðtal við Ástu Lovísu, og við lásum það bæði á þriðjudagskvöldið. Ég hafði svona verið að velta því fyrir mér hvort ég ætti að halda veislu eða styrkja eitthvert málefni og hafði verið hugsað til bæði Krabbameinsfélagsins og krabbameinssjúkra barna,“ sagði Jón, en hann kannast sjálfur við lífið í klóm krabbans. Fyrrum eiginkona Jóns, Lára Björgvinsdóttir, lést úr krabbameini fyrir sjö árum. „Eftir að hafa lesið greinina ákvað ég að sleppa afmælisveislunni og styrkja frekar þessa konu og fjölskyldu hennar,“ sagði Jón. „Það hafði verið haft samband við mig og mér boðið eitthvert auglýsingatilboð í fjölmiðli fyrir 200.000 krónur. Ég ákvað að setja þessa upphæð bara í þetta og lagði hana inn á reikninginn hennar Ástu.“

Jón segist ekki hafa haft samband við Ástu, en faðir hennar hringdi til að færa Jóni þakkir degi síðar. „Mín var ánægjan að geta gert eitthvað,“ sagði Jón, sem sendi frá sér tilkynningu um peningagjöfina. „Ástæðan fyrir því var að minna aðra á að það má líka fara þessa leið. Vonandi feta fleiri í



JÓN S. PÁLSSON Vill minna aðra á að margir þurfa á stuðningi að halda.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

fótspor okkar. Þeir eru margir sem þurfa á stuðningi að halda,“ sagði Jón. „Mér finnst bara svo ótrúlegt að ég

hafi lesið þessa grein á alveg hárréttum tímamóti. Svona gerast hlutirnir stundum,“ sagði Jón. sunna@frettabladid.is



Innilegar þakkir ferum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og dóttur,

**Ingibjargar Gestsdóttur**  
Engjasel 60.

Sævar B. Arnarson

Ásta Ingunn Sævarsdóttir

María Sævarsdóttir

Jónína Edda Sævarsdóttir

Gestur Örn Sævarsson

barnabörn og

Gestur Vigfússon

Garðar Gunnar Ásgeirsson

Jón Ólafur Kjartansson

Guðlaugur Ottesen Karlsson

Þórdís Jóhannsdóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Lilly Steingrimsdóttir**

Þverholti 10, Keflavík,

sem lést á Heilsustofnun Suðurnesja, 12. nóvember sl., verður jarðsungen frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 21. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heilsustofnun Suðurnesja.

Jón Ísleifsson

Steinunn Stefania Magnúsdóttir

Ólafur Eggert Júlíusson

Sigtryggur Levi Kristófersson

Ísleifur Jónsson

Svanlaug Jónsdóttir

Hildur Nanna Jónsdóttir

ömmu-, langömmubörn og fjölskyldur þeirra.



Innilegar þakkir ferum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýbug og vináttu við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa

**Edvards Arnar Olsen**

Sérstakar þakkir ferum við séra Svavari Stefánssyni, starfsfólki gjörgæsludeildar Landspítalans við Hringbraut og Lögreglunnar í Reykjavík. Guð blessi ykkur öll.

Sigbrúður Ingólfssdóttir

Eydis Erna Olsen

Ívar Örn Edvardsson

Helga Kristín Olsen

Ingólfur Már Olsen

og barnabörn.

Sean Maverich

Sandra Dögg Guðmundsdóttir

Ingvar Valgeirsson

Tinna Sigurðardóttir



Innilegar þakkir ferum við öllum sem sýndu okkur samúð, hlýbug og vináttu við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Jóns Stefánssonar**

áður til heimilis á Bústaðavegi 89, Reykjavík.

Guð blessi ykkur öll.

Stefán Jónsson

Karen Jónsdóttir

Bryndís Jónsdóttir

Steinunn Jónsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Sigríður Sveinsdóttir

Þröstur Eyjólfsson

Ágúst Ingi Andrésson

Hallur Ólafsson



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR Utanríkisráðherra mun flytja ávarp á afmælishátíð Félags Sameinuðu þjóðanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

## Ísland 60 ár í SP

Hinn níunda nóvember 1946 var aðild Íslands að Sameinuðu þjóðunum samþykkt. Ísland á því 60 ára aðildar-afmæli um þessar mundir.

Í tilefni af þessum tímamótum efnir Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi til afmælishátíðar í dag, sunnudag, í húsnæði sínu að Laugavegi 42. Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra mun flytja ávarp, en aðrir góðir gestir eru Birgir Ármannsson alþingismaður,

Dóra Arnórsdóttir, fréttamaður og kennari, Silja Bára Ómarsdóttir, forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar, og Tryggvi Jakobsson, formaður Félags Sameinuðu þjóðanna. Dagskráin hefst klukkan tvö í dag og stendur yfir í einn og hálfan tíma, en að henni lokinni mun gestum gefast kostur á að ræða við fólk í forystu hinna ýmsu samtaka hér á landi sem starfa með Sameinuðu þjóðunum.

- sun

## Legsteinar

Kynningarafsláttur af völdum tegundum Fjölbreytt úrval Hagstæð verð Stuttur afgreiðslufrestur

Steinsmiðjan Rein  
Viðarhófa 1 · 110 RVK.  
sími 566 7878 · www.rein.is



## LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI

Steinsmiðjan MOSAIK

Hammarskóða 4 · 110 Reykjavík · sími 587 1960 · www.mosaik.is





# Hópbílar hlutu umhverfisverðlaunin 2006

Hópbílar hf. í Hafnarfirði hlutu umhverfisverðlaun Ferðamálastofu fyrir árið 2006. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra afhenti verðlaunin á ferðamálaráðstefnunni á Hótel Loftleiðum á fimmtudag.

Sem fyrr óskaði Ferðamálastofa eftir tilnefningum til verðlaunanna jafnframt því sem innan stofnunarinnar er fylgst með því sem ferðaþjónustuaðilar eru að gera í umhverfismálum. Alls bárust átján tilnefningar í ár og urðu Hópbílar hlutskarpastir. Í umsögn Ferðamálastofu segir meðal annars að „allt frá árinu 2001 hefur fyrirtækið einsett sér að vera í fararbroddi í umhverfismálum og árið 2004 fékk það umhverfis-



VERÐLAUNIN AFHENT Sturla Böðvarsson afhenti Gísli Jens Friðjónssyni, Pálmari Sigurðssyni og Jóni Arnari Ingvarssyni frá Hópbílum verðlaunin.

stefnu sína vottaða samkvæmt alþjóðlega umhverfisstaðlinum ISO 14001, umhverfisstefnan hefur verið yfirfarin og uppfærð árlega og er orðin hluti af stjórnskipulagi fyrirtækisins.“

Fyrirtækið Hópbílar hf. var stofnað árið 1995, helstu verkefni fyrirtækisins eru tengd ferðaþjónustu og öllum þeim sem vilja ferðast. Fyrirtækið tilheyrir geira þar sem það gæti með starfsemi sinni haft neikvæð áhrif á umhverfið en eigendur og stjórnendur fyrirtækisins hafa tekið þá meðvituðu ákvörðun að lágmarka þau neikvæðu áhrif sem af rekstrinum leiðir enda eru einkunnarorð fyrirtækisins: Öryggi, umhverfi, hagur og þægindi.



GRÆNN SVEINKI Jólasveinninn kom snemma til byggða í Tókýó í Japan og óhætt að segja að hann hafi tekið stakkaskiptum. Í stað rauða búningsins víðfræga skartaði sveinki nú fagurgrænum búngingum en lofaði að skipta yfir í þann rauða fyrir jól. NORDICPHOTOS/GETTY



JÓLAKORT Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir myndlistarmaður gaf Krafti myndina.

## Kort frá Krafti

Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem hefur greinst með krabbamein og aðstandendur þess, gefur út jólakort í ár. Kortin eru myndskreytt af Kolbrúnu Hrund Sigurgeirsdóttur myndlistarmanni, sem gaf Krafti myndina.

Kortin eru seld tíu saman í pakka á þúsund krónur. Sölufolk verður á ferðinni með kortin en einnig er hægt að nálgast þau í Tekk-vöruhúsi, í Uniku og Euroskóm í Hafnarfirði. Þá er hægt að senda tölvupóst á netfangið [oley@mi.is](mailto:oley@mi.is) og panta kort.

### AFMÆLI

Hanna María Karlsdóttir leikona er 58 ára.



Finnboði Pétursson myndlistarmaður er 47 ára.

Pétur Eggerz er 46 ára.



Ágúst Borgþór Sverrisson smá-sagnahöfundur er 44 ára.



Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari er 42 ára.



## FELLSMÚLI 28 GAMLA WORLD CLASS HÚSIÐ

# LAGERSALA

FLOTT MERKI - FÍN FÖT - FRÁ

## SÍÐASTI DAGURINN Í DAG

NÝJAR VÖRUR KOMNAR

OASIS

DOROTHY PERKINS

TOPMAN

EVANS.

TOPSHOP

ALLSAINTS

KAREN MILLEN

COAST

DEBENHAMS

Whistles

THE SHOE STUDIO

WAREHOUSE

500 - 1.000 - 1.500

2.000 - 3.000 - 4.000 - 5.000

## OPIÐ 11-19 ALLA DAGA

4.-19. NÓVEMBER





Ódýrt og gott

**898** kr. kg.  
Goða lambalæri frosið

Ódýrt og gott

**35%** afsláttur

**1409** kr. kg.  
Goða ungnautagúllas

**1494** kr. kg.  
Goða ungnautasnitset

**2 fyrir 1**

Oetker pizzur, 4 teg

**30%** afsláttur

Goða svið frosin  
**433** kr./kg.

**40%** afsláttur

Goða BBQ-grísaríf  
**779** kr./kg.

**99** kr. stk.  
Sprite & Sprite Zero 2L

GINGERBREAD Holiday Hearts

jólasnákökur verð frá-  
**189** kr./pk.

Super niðursuða  
**99** kr./pk.

Perur  
**109** kr./kg.

Ananas 1/1  
**139** kr./kg.

**2 fyrir 1**

Myllu samlokubrauð fínt 500g



Ódýrt og gott  
**428** kr. kg.

Goða Grísabógur

Ódýrt og gott  
**998** kr. kg.

Goða grísahnakki  
léttreyktur

**37%**  
afsláttur

**37%**  
afsláttur

**SPARAÐU  
STÓRT**

**6** fyrir  
**440%**  
afsláttur

MS jólaþógúrt

Goða baconbúðingur

**398** kr./pk.

Goða Cordon bleue

**35%**  
afsláttur

Goða kjötbollur

Ajax hreingerningalögur  
/lemon 1250 ml

**249** kr./stk.

Tilbúnir fyrir Leifstöð

Shop R. ferðapokar

**15%**  
afsláttur

Super  
uppvottalögur

**69** kr./stk.

Frigg glerhreinsir

**199** kr./stk.

Cillit Bang  
hreinsiefni

**99** kr./stk.

MaskinOpvask  
TABS

Super uppvottatöflur

**279** kr./stk.

Super WC hreinsir

**97** kr./stk.

Super  
allrahanda klútar

**97** kr./stk.

Super  
hreing. svampar

**97** kr./pk.

KRONAN

KRONAN



**F**yrstu tónleikar söngkonunnar Katherine Jenkins á sex vikna Bretlandstúr hennar eru í Reading. Hún er oft kölluð höfuðborg Thames-dalsins og er ekki mikið stærri en Reykjavík. Borgin er líklegast frægust fyrir sémilegt fótboltalið sem inniheldur tvo Íslendinga og nokkuð söðalega tónlistarhátíð sem haldin er árlega. Þar komast drukkin ungmenni í návist við ferskustu rokk-, raf- og hiphoptóna hvers sumars.

Síðasta mánudagskvöld var aðalviðburður tónlistarlífsins í Reading eins fjarri þeirri sódomísku gleði og hugsast getur. Katherine er þekkt messósópran-söngkona frá Wales sem hefur selt fleiri plötur en nokkur annar klassískur listamaður í Bretlandi, fyrr og síðar.

Fyrir rúmri viku gaf hún út fimmtu breiðskífu sína og náði alla leið á topp breska klassíska sölulistsins og í fimmta sæti á popplistanum. Hún er Íslendingum auðvitað að góðu kunn eftir að hafa komið fram á tónleikum með okkar manni, Garðari Þór Cortes, á Íslandi fyrr á þessu ári í Laugardalshöll. Núna launar hún honum greiðann með því að kynna Garðar, á hverju kvöldi, sem sérstakan gest sinn á tónleikum sínum.

Fyrstu tónleikar ferðarinnar eru haldnir í Hexagon-leikhúsinu, sem er rétt handan við hornið á aðalverslunarsvæði borgarinnar. Það dregur nafn sitt af hönnun sinni, en salurinn er sex-hliða og tekur rúmlega 1.000 manns í sæti.

#### Hljóðprufan

Ég mæti til Reading rétt eftir kaffileytið og tylli mér í sal Hexago-leikhússins. Á sviðinu er 26 manna sinfónúsveit að stilla saman strengi sína fyrir væntanlega hljóðprufu. Ungur maður gengur inn í salinn með bunka af dreifimiðum. Þetta eru auglýsingasneplar til að kynna væntanlega útgáfu á fyrstu plötu Garðars hér í Bretlandi í febrúar næstkomandi. Maðurinn, sem er húðflúraður upp hendurnar, byrjar að dreifa miðunum í öll sæti leikhússins. Síðar kemst ég að því að þetta er Carl, svokallaður „Tour manager“ Garðars. Hans starf er að sjá til að allt gangi upp hans og Garðars vegna á tónleikaferðalaginu. Carl þessi er vanur Íslendingum, enda var hann í sama hlutverki fyrir Nylon-stúlkurnar á þeim fjórum tónleikaferðum sem þær hafa farið í nú þegar í Bretlandi. Allan tímann sem ég fæ að fylgjast með er hann á fullu, samt hristir hann höfuðið yfir því hvað sé lítið að gera miðað við ævintýri hans með stúlkunum.

Þegar sinfónúsveitin er samstillt gengur Garðar inn á sviðið til þess að hefja hljóðprufuna. Hann er klæddur í gallabuxur og flíspeysu og heilsar upp á nokkra kunningja í sveitinni áður en hann tekur sér stöðu við hljóðnemann. Stjórnandinn er honum kunnugur en þeir unnu víst saman að uppsetningu Phantom of the Opera í West End, þar sem Garðar fann loksins háa c-ið sitt. Þar hafði hann hlutverk í um níu mánuði, fyrir rúmum sex árum síðan, og segist hafa ratað inn á hæsta punkt raddsviðs síns eitt kvöldið. Hann hefur ekki tapað því síðan þá.

Eftir hljóðprufuna er ég leiddur inn í búningsherbergi hans þar sem hann situr í rólegheitunum og bíður með tóman maga eftir því að vera sóttur í mat. Á leiðinni á matsölustaðinn spyr ég hann hvort það sé ekkert erfitt fyrir hann að syngja saddur?

„Nei, skiptir litlu máli fyrir mig,“ segir hann með afar mjúkum talanda, og mér bregður hálfpartinn yfir því hversu hár hann er á tónskalanum þegar hann talar. „Eins lengi og ég fæ mér ekki rjómatertur eða einhverja sykurdrollu sem ratar aftur upp í háls.“

Svo spyr ég hann að því hvort það eigi vel við hann að vera á



## Hver er þessi Cortes?

**Garðar Þór Cortes** er nú á tónleikaferðalagi um Bretland í boði Katherine Jenkins, messósópran, sem hefur selt fleiri plötur en allir aðrir klassískir flytjendur í Bretlandi. **Birgir Örn Steinarsson** fór til Reading og varði fyrsta degi tónleikaferðarinnar með tenórnum unga.

svona tónleikaferðalögum. „Svona já og nei. Það er náttúrliga leiðinlegt að vera svona lengi í burtu að heiman, og leiðinlegt að sofa alltaf í nýju og nýju rúmi.“

Eins og sannur fagmaður passar hann upp á sitt og pantar dietpepsi og kjúklingasalat. Við ræðum á léttum nótum um flest annað en feril hans eða kvöldið yfir matnum, en tókum sameiginlega ákvörðun um það að setjast niður í nokkrar mínútur og spjalla stutt um alla velgengnina áður en hann klæðir sig í jakkaftin.

#### „Pabba leist vel á Einar“

Velgengi Garðars í Bretlandi er nánast beint framhald af velgengi hans á Íslandi. Það er að segja að allt sem hann hefur fengið upp í hendurnar í Bretlandi er afrakstur einhvers sem hófst á klakanum. Vanalega fara menn út í skóla og annað, mynda sér sambönd og „byrja upp á nýtt“ í útlandinu. Það hefur ekki verið tilfellið með Garðar. Hann rataði inn í Phantom of the Opera á West-End eftir að einn framleiðandi þeirrar sýningar sá hann syngja í

Carmen Negra á Íslandi. Núna er hann að undirbúa útgáfu fyrstu plötu sinnar í Bretlandi, eftir að útgáfa Einars Bárðarsonar seldi rúmlega 20 þúsund eintök af fyrstu breiðskífu hans heima.

„Þegar maður þekkir svona góða menn, eins og Einar er, þá vill maður ekki sleppa takinu af þeim,“ útskýrir Garðar þegar ég spyr hann hvort það hafi ekki verið freistandi að leita að erlendri útgáfu í stað þess að gefa út hjá íslensku fyrirtæki á Bretlandsmarkaði. „Fyrst við getum farið þessa leið í stað þess að fara í gegnum erlenda útgáfu þá er það líka betra. Þá ráðum við meiru sjálfir, hvað varðar laga-val og svo framvegis.“

Garðar segir nokkrar plötuútgáfur heima hafa verið búnar að koma sér í samband við hann þegar Einar Bárðarson hringdi loksins í hann. „Hann kom svo heim í kaffi einn daginn og við spjölluum lengi saman. Honum fannst mjög skriflið að það væri ekki búið að gefa neitt út með mér og kynnti fyrir mér þetta viðskiptaplan hans. Hann vildi alltaf meina það í upphafi að við ættum erindi út líka. Hann vildi byrja heima og sjá hvernig færi.“

Garðar segist strax hafa kunnad mjög vel við Einar og það hafi ekki skemmt fyrir að hann og pabbi sinn skuli vera góðkunningjar. „Pabba leist vel á hann. Þá veit ég að hann er góður.“

#### Kynni Katherine og Garðars

Garðar var fyrst kynntur fyrir Katherine Jenkins á Íslandi þegar hún var þar að heimsækja vin

sinn. Hún var þá á leiðinni til London um haustið til þess að hefja nám í Royal Academy of Music. Svo skemmtilega vildi þá til að Garðar var einmitt á leiðinni í þennan sama skóla. „Ég var í óperudeildinni en hún var í almennu söngdeildinni. Við kynntumst svo örlítið betur þar.“

Einar bauð henni svo til Íslands til að vera sérstakur gestur Garðars á tónleikum hans í Laugardalshöll í maí síðastliðnum. Hún launaði honum svo greiðann með því að bjóða honum í sex vikna tónleikaferðalag um Bretland til að kynna nýjustu breiðskífu sína, Serenade. „Þetta er voðalega góð kynning fyrir mig í þessum geira. Að fá svona kynningu strax, nokkrum mánuðum áður en platan kemur út, er voðalega heppilegt. Ég geri mér alveg grein fyrir því.“

Garðar segist ekki hugsa of mikið um þessa tilvonandi útgáfu sína í Bretlandi. Eins og plata Katherine telst plata hans til klassískra útgáfna, þó svo að tónlistin teygir einnig anga sína yfir í popptónlist. „Það eru ekki allir klassískir söngvarar sem vilja syngja svona bland. Aðrir geta það ekki. Það myndi bara ekki passa að syngja þessa tegund tónlistar með algjörum óperustíl. Maður syngur ekki popplög eins og Pavarotti. Þetta kallast „cross-over“ og með því að fara yfir í það er ég að færa mig svolítið frá því sem ég lærði. En ég er engu að síður að gera þetta af fullum krafti. Mér finnst þetta alveg jafn mikilvægt.“

Garðar lokar alveg á það að hafa átt sér draum um að verða poppsöngvari og segir hugmyndina um að fara yfir í þessa blöndu hafa komið frá Einari. „Hann vildi gera svona plötu og ég hélt að það myndi ekkert ganga. Ég var nú samt alveg til í að prófa. Svo gekk platan framur vonum heima, og núna er ég hérna.“

#### Garðar stelar senunni

Stuttu eftir spjallið okkar eru tónleikagestir vinsamlegast beðnir um að fara í sæti sín þar sem tónleikarnir eru að hefjast.

Dívan kemur inn í glitrandi ljósbláum kjól og hefur söng sinn. Katherine leggur sig mikið fram við það að ná tengslum við tónleikagesti á milli laga. Hún hagar sér líklegast á mjög óhefubundinn hátt miðað við aðrar sópran-dívur, þar sem hún reyrtir af sér brandara á milli þess sem hún heillar gesti með söng sínum.

Garðar er kynntur inn eftir fjögur lög og þau syngja saman dúett. Svo hverfur hún út af sviðinu og Garðar syngur tvö lög einn. Annað þeirra er Lontano og áður en hann syngur það tilkynnir Garðar áhorfendum að tveir góðir vinir hans hafi samið lagið sérstaklega fyrir sig. Lagið eiga þeir Einar Bárðarson og Friðrik Karlsson.

Dívan kemur aftur á svið, í nýjum kjól, og Garðar kveður.

Eftir hlé leika þau sama leik, Garðar kemur inn og syngur þrjú lög á meðan dívan skiptir um kjól, en í þetta skiptið einbeitir Garðar sér að því að syngja þekktar aríur. Salurinn fylgist með sem dáleiddur og eftir að Garðar hefur lokið söng sínum ætlar fagnaðarlátunum aldrei að linna. Það eru engar ýkjur að halda því fram að pilturinn steli senunni af stöllu sinni. Hún er samt sérstaklega vingjarnleg við hann og kynntur hann aftur á svið í lok tónleikanna svo að gestir geti sýnt honum þakklæti sitt enn einu sinni. Á leiðinni út úr salnum heyrir maður nokkra segja: „Hver er þessi Cortes?“

Það er alveg ljóst að þetta er alvöru tækifæri fyrir Garðar að fóta sig á breska klassíska markaðnum. Strax eftir tónleikana mætir ritstjóri stærsta klassíska tónlistarrits Bretlands baksviðs sérstaklega til þess að þakka Garðari fyrir sönginn. Hann er einn af mörgum sem þarf að biða eftir því að fá að taka í spaðann á tenórnum unga sem bjórt framtið blasir við. ■



”  
Þetta er mjög góð kynning fyrir mig í þessum geira. Að fá svona kynningu strax, nokkrum mánuðum áður en platan kemur út, er mjög heppilegt. Ég geri mér alveg grein fyrir því.“



# BT

VAXTALAUST  
1.GREIÐSLA 1.FEB.

## Toshiba

0%  
VEXTIR

### TOSHIBA

PSAA9E-04K033N5  
TOSHIBA SATELLITE A100-761  
Intel® Centrino® Duo T2300  
15.4" WXGA TrueBrite  
ATI Mobility Radeon x1400 128MB  
- up to 512MB Hypermemory  
1024MB DDR Minni (Mest 4GB)  
100GB SATA S.M.A.R.T Harður diskur  
DVD skrifari Dual Layer  
WiFi LAN Intel 3945ABG  
Kortalesari 4 - 1  
IEEE 1394 - DV Ready  
DVI, 3xUSB2, S-Video tengi

Windows XP home edition SP2  
Microsoft Works  
PowerDVD  
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

5.346\*\*



FYLGIR  
24.3999

Centrino Duo

-Enn meiri hraði

ATI X1400

-Fyrir leikina

DVD Ready

-Fyrir tökurélina

100GB harður diskur

-Fyrir gögnin

1GB minni

-Fyrir vinnsluna

Kortalesari

-Til þæginda

5.346  
\*\*Tölvu- og tækjalán 36 mán.

11.999  
Vaxtalaust 12 mán.

143.988  
Staðgreitt

## Medion V8

2.696\*\*

### MEDION V8

6247IS  
MEDION V8 D336  
Intel Celeron D 336  
Innbyggt skjákort  
160 GB 7200 rpm SATA 8MB Cache  
512 MB DDR2-RAM PC4300 (533MHz)  
16X Sony DVD skrifari  
LAN 10/100 Mbit  
Medion Media Bay  
Lyklaborð og Mús  
-- Hugbúnaður --  
Microsoft Windows XP Home Edition  
Power DVD 8 channel  
Nero Burning ROM Software  
Nero Recode 2SE (DVD Copy 1:1 Program)  
CA eTrust Antivirus (90 days)



Intel Celeron

-Fyrir áreiðanleikann

160GB harður diskur

-Fyrir gögnin

512MB minni

-Fyrir vinnsluna

2.696  
\*\*Tölvu- og tækjalán 36 mán.

5.799  
Vaxtalaust 12 mán.

69.588  
Staðgreitt



# Afrekaskrá ráðherra

Ráðherrar hafa lagt fram 413 frumvörp á þessu kjörtímabili. Af þeim hafa 317 orðið af lögum. *Svanborg Sigmarsdóttir* rýndi í afrekaskrána.

Nær öll frumvörp sem verða að lögum koma frá ráðherrum. Erfitt er að meta hversu duglegir ráðherrar eru, út frá fjölda frumvarpa, enda fjölmörg önnur mál sem ráðherrar sinna. Ekki eru heldur allir á eitt sáttir um að stefna ráðherra eigi að vera að leggja sem flest frumvörp fram.

Vegna fjölda ráðherra á þessu kjörtímabili er einungis hægt að skoða afrekaskrá helmingis þeirra og er lögð áhersla á þá ráðherra sem eru hættir eða hafa verið í sama ráðuneyti frá upphafi kjör-

tímabils. Hvernig hinn helmingurinn hefur staðið sig birtist svo um næstu helgi.

Einungis er litið yfir þau frumvörp sem lögð hafa verið fram á þessu kjörtímabili og hjá hverjum ráðherra er einungis litið til verka á meðan hann var í embætti. Frumvörp sem einn ráðherra leggur fram getur því verið samþykkt nú, en telst til tekna þess ráðherra sem tók við embætti.

Greinilegt er að forsætis- og utanríkisráðherrar leggja fram færri frumvörp en aðrir ráðherrar.

Björn Bjarnason hefur lagt fram flest frumvörpin sem nú eru talin upp, en hann er einn þriggja sem hafa setið í sama ráðuneyti frá upphafi kjörtímabilsins. Hinir tveir eru Guðni Ágústsson landbúnaðar-ráðherra og Sturla Böðvarsson samgönguráðherra.

Af þeim ráðherrum sem nú birtist var Sigríður Anna Þórðardóttir með flest frumvörp miðað við fjölda mánaða í starfi eða 2,5 frumvörp á mánuði. Fæst lagði Davíð Oddsson fram sem utanríkisráðherra..



## Halldór Ásgrímsson

Forsætisráðherra 15. september 2004 til 15. júní 2006

Fjöldi framlagðra frumvarpa: 12  
 Þar af endurlögð frá fyrra þingi: 1  
 Fjöldi samþykktra frumvarpa: 8  
 Hlutfall samþykktra frumvarpa: 73%  
 Fjöldi mánaða í embætti: 9  
 Frumvörp á mánuði: 1,33

**Frumvörp sem ekki voru samþykkt:** Heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar (tvisvar lagt fram), Vísinda- og tækniráð og Upplýsingalög.

Utánríkisráðherra 23. maí 2003 til 15. september 2004

Fjöldi framlagðra frumvarpa: 1  
 Þar af endurlögð frá fyrra þingi: 0  
 Fjöldi samþykktra frumvarpa: 1  
 Hlutfall samþykktra frumvarpa: 100%  
 Fjöldi mánaða í embætti: 16  
 Frumvörp á mánuði: 0,06



## Jón Kristjánsson

Heilbrigðisráðherra 23. maí 2003 til 7. mars 2006

Fjöldi framlagðra frumvarpa: 17  
 Þar af endurlögð frá fyrra þingi: 0  
 Fjöldi samþykktra frumvarpa: 16  
 Hlutfall samþykktra frumvarpa: 94%  
 Fjöldi mánaða í embætti: 21  
 Frumvörp á mánuði: 0,81

**Frumvarp sem ekki var samþykkt:** Heildarlög um heyrnar-, tal- og sjónstöð.

Félagsmálaráðherra 7. mars 2006 til 15. júní 2006

Fjöldi framlagðra frumvarpa: 4  
 Þar af endurlögð frá fyrra þingi: 0  
 Fjöldi samþykktra frumvarpa: 3  
 Hlutfall samþykktra frumvarpa: 75%  
 Fjöldi mánaða í embætti: 3  
 Frumvörp á mánuði: 1,33

**Frumvörp sem ekki voru samþykkt:** EES-reglur um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum.



## Árni Magnússon

Félagsmálaráðherra 23. maí 2003 til 7. mars 2006

Fjöldi framlagðra frumvarpa: 22  
 Þar af endurlögð frá fyrra þingi: 0  
 Fjöldi samþykktra frumvarpa: 22  
 Hlutfall samþykktra frumvarpa: 100%  
 Fjöldi mánaða í embætti: 33  
 Frumvörp á mánuði: 0,67



## Tómas Ingi Olrich

Menntamálaráðherra frá 2. október 2003 til 31. desember 2003

Fjöldi framlagðra frumvarpa: 1  
 Þar af endurlögð frá fyrra þingi: 0  
 Fjöldi samþykktra frumvarpa: 1  
 Hlutfall samþykktra frumvarpa: 100%  
 Fjöldi mánaða í embætti: 3  
 Frumvörp á mánuði: 0,33

## Davíð Oddsson

Forsætisráðherra 23. maí 2003 til 15. september 2004

Fjöldi framlagðra frumvarpa: 5  
 Þar af endurlögð frá fyrra þingi: 0  
 Fjöldi samþykktra frumvarpa: 5\*  
 Hlutfall samþykktra frumvarpa: 100%\*  
 Fjöldi mánaða í embætti: 16  
 Frumvörp á mánuði: 0,31

\* Þar af eru meðtalin samþykkt lög um eignarhald á fjölmíðlum og lög um brottfall á þeim lögum.

Utánríkisráðherra 15. september 2004 til 27. september 2005

Fjöldi framlagðra frumvarpa: 0  
 Fjöldi mánaða í embætti: 12



## Guðni Ágústsson

Landbúnaðarráðherra frá 23. maí 2003

Fjöldi framlagðra frumvarpa: 28\*  
 Þar af 1 á þessu þingi  
 Þar af endurlögð frá fyrra þingi: 1  
 Fjöldi samþykktra frumvarpa: 23  
 Hlutfall samþykktra frumvarpa (án þeirra sem nú liggja fyrir): 88%  
 Fjöldi mánaða í embætti: 42  
 Frumvörp á mánuði: 0,67

**Frumvörp sem ekki voru samþykkt:** Lax- og silungsveiði, heilbrigðiseftirlit eftirlitsdýralækna (lagt fram tvisvar án samþykkis), jarðalög, Öll verða aftur lögð fram á þessu þingi.



## Björn Bjarnason

Dóms- og kirkjumálaráðherra frá 23. maí 2003

Fjöldi framlagðra frumvarpa: 45\*  
 Þar af 2 á þessu þingi  
 Þar af endurlögð frá fyrra þingi: 5  
 Fjöldi samþykktra frumvarpa: 37  
 Hlutfall samþykktra frumvarpa (án þeirra sem nú liggja fyrir): 95%  
 Fjöldi mánaða í embætti: 42  
 Frumvörp á mánuði: 1,07

**Frumvörp sem ekki voru samþykkt:** Dómsstólar og meðferð einkamála, og breytingar á kynferðisbrotakafala almennra hegningarlaga. Hið fyrra verður aftur lagt fram á þessu þingi. Hið síðara hefur þegar verið lagt fram.



## Sigríður Anna Þórðardóttir

Umhverfisráðherra 27. september 2005 til 15. júní 2006

Fjöldi framlagðra frumvarpa: 20  
 Þar af endurlögð frá fyrra þingi: 2  
 Fjöldi samþykktra frumvarpa: 18  
 Hlutfall samþykktra frumvarpa: 100%  
 Fjöldi mánaða í embætti: 8  
 Frumvörp á mánuði: 2,5



## Sturla Böðvarsson

Samgönguráðherra frá 23. maí 2006

Fjöldi framlagðra frumvarpa: 32\*  
 Þar af 3 á þessu þingi  
 Þar af endurlögð frá fyrra þingi: 2  
 Fjöldi samþykktra frumvarpa: 23  
 Hlutfall samþykktra frumvarpa (án þeirra sem nú liggja fyrir): 85%  
 Fjöldi mánaða í embætti: 42  
 Frumvörp á mánuði: 0,76

**Frumvörp sem ekki voru samþykkt:** Skráning og þinglýsing skipa, Áhafnir íslenskra fiskiskipa, afnám úrskurðarnefndar Póst- og fjarskiptastofnunnar, EES-reglur um umferðarlög. Samkvæmt áætlun verða öll frumvörpin, utan EES-regluna um umferðarlög, lögð fyrir á þessu þingi.

### Postulín sem gleður – Pillivuyt



• Einstök hönnun  
 • Mikið úrval  
 • Frábær ending



**Ný sending!**  
 Skoðið úrvalið í verslun okkar að Réttarhálsi 2

**Rekstrarvörur**  
 - vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
 Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
 sala@rv.is • www.rv.is





# Slappaðu af...

Mikið úrval af RELAX sófasettum

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri



Leðurhornsófi 1+2+1 M75



Leðursófasett 3+2+1 8065



Leðursófasett 3+2+1 8052



Leðursófasett 3+2+1 7251



Bycast sófasett 3+1+1 Nice



Leðursófasett 3+1+1 3217



Púðahornsófi 2+h+2 Paris

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Sæmmtilegast að versla



# STERK OG ÁLEITIN

Tryggðarpantur er **áleitin og grátbrosleg saga** þar sem teft er saman ólíkum heimum og spurningum varpað fram um lífsgildi, lífsviðhorf – og lífsblekkingu; samtímasaga um efni sem brennur á fólki.

Auður Jónsdóttir hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin 2005 fyrir síðustu skáldsögu sína, *Fólkið í kjallaranum*.

Auður Jónsdóttir



**3.**  
Skáldverk  
Penninn Eymundsson  
og Bókabúðir MM  
15. nóv.

## „Merkasta saga Braga“

„**Besta íslenska skáldsaga** sem ég hef lesið lengi.“

*Kolbrún Bergþórsdóttir, Blaðið*

„Í Sendiherranum er einhver ný vídd sem gerir frásögnina stærri og dýpri og er hún án efa **merkasta skáldsaga Braga Ólafssonar til þessa.**“

*Þorgerður E. Sigurðardóttir, bokmenntir.is*



## „FRÁBÆR BÓK“

### JÓN GNARR: INDJÁNINN - SKÁLDUÐ ÆVISAGA

„Jón hefur einstakt lag á að snerta skrýtnar taugar í manni og sveifla sakleysislegum sannleiksþræði milli gleðihláturs og gráturs. Við sem uxum úr grasi á árunum milli '70-'80 **höfum eignast sagnaritara sem erfitt verður að slá við. Frábær bók!**“


*Bryndís Loftsdóttir, Eymundsson*

**2.**  
Skáldverk  
Penninn Eymundsson  
og Bókabúðir MM  
15. nóv.





# HVERJU MÁ FÓRNA FYRIR HELSTA DÝRGRIÐ ÍSLENSKU ÞJÓÐARINNAR?



**1.**  
ALLAR BÆKUR  
Penninn Eymundsson  
og Bókabúðir MM  
15.. nóv.



„Írónísk, launfyndin,  
bókmenntaleg spennusaga.“

★★★★ Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljós

„Arnaldur hefur **góð tök á frásagnar-  
tækni** ... lesturinn er **góð skemmtun** og  
það eru spennandi tímar framundan ef íslenskir  
glæpasagnahöfundar halda áfram að vinna úr  
menningararfinum með þessum hætti.“

Katrín Jakobsdóttir, Mbl.

„Konungsbók er **viðburðarík og spennandi saga**.“

Silja Aðalsteinsdóttir, tmm.is

## „ÞRUNGIÐ TILFINNINGUM ÁTÖKUM Í MANNLEGRI TILVERU PERSÓNURNAR ERU EFTIRMINNILEGAR ÓLAFUR JÓHANN ER VAXANDI RITHÖFUNDUR ÞESSI BÓK ER MEÐ HANS BETRI VERKUM“



„Aldingarðurinn er **óvenjulega þéttofin**  
bók ... efni sagnanna er **þrungið**  
**tilfinningum** og átökum í mannlegri  
tilveru.“

Skafti Þ. Halldórsson, Mbl.

„Ólafur Jóhann er **gjörhugull höfundur**  
**með óvenjulegar stílgáfur** ... í þessu  
safni megnar hann margoft að koma  
lesanda sínum í opna skjöldu með  
snjöllum lausnum.“

Páll Baldvin Baldvinsson, Fbl.







HUGLEIKUR DAGSSON „Ég hef alltaf verið þeim megin við víglínuna að mér finnst hnakkatískan asnaleg, mér finnst Smáralindin hallærisleg og FM957 aðhláturfefni. Þetta er í rauninni einhver menningarleysa.“

# Er þessi maður geðveikur?

Hugleikur Dagsson er fyrsti myndasöguhöfundur Íslands sem sögur fara af. Nýjasta bók Hugleiks, Eineygði kötturinn Kisi og Hnakkarnir, er nýkomin í verslanir og fyrr í þessum mánuði gaf Penguin hann út á Bretlandsmarkaði. Hanna Björk Valsdóttir leit við á skrifstofu hans í húsnæði Þjóðleikhússins og fékk að heyra hvað býr að baki sögunum.

**H**ugleikur hefur komið sér vel fyrir á skrifstofunni þar sem hann vinnur við gerð söngleiksins Leg fyrir Þjóðleikhúsið og var að leggja loka-hönd á næstu bók sína Fylgið okkur. Fyrsta bókinn sem Hugleikur gaf út sjálfur, Elskið okkur, kom út árið 2002, Drepið okkur og Ríðið okkur fylgdu í kjölfarið og slógu í gegn á einni nóttu. JPV samdi við strákinn og gaf út safnið Forðist okkur og Bjargið okkur fyrir júlín 2005. Síðan kom Fermið okkur 2006. Myndasögurnar eru örsögur þar sem Hugleikur dregur fram sjúkaleikann í samfélaginu og flokkast mega sem háð. Einfaldir brandarar þar sem kaldhæðni er notuð til að gera grín að viðkvæmum málefnum og sjúku hugarfari. Sögurnar kunna að fara fyrir brjóstið á sumum og einhverjir velta fyrir sér hvort það sé í lagi með hann. Flestir fatta samt að hann er fyndinn, sniðugur og klár, enda hefur frægðarsól hans risið jafnt og þétt.

Forðist okkur var sett á svið í Borgarleikhúsinu og Hugleikur vann Grímuna fyrir leikskáld ársins 2006. JPV gaf Avoid Us út á ensku og bókaforlagið Penguin keypti réttinn. Bókin sem kom út á Bretlandsmarkaði undir titlinum Should You Be Laughing at This? hefur strax vakið athygli ytra. Nýjasta bók Hugleiks, Eineygði kötturinn Kisi og Hnakkarnir, segir frá baráttu Kisa við árans hnakkana frá annarri plánetu. Þjóðfélagsádeila eða hvað?

## Engin hefð

„Ég er myndasöguhöfundur sem skrifa líka leikrit og hef alltaf ætlað að vera einhvers konar skapari,“ segir Hugleikur þegar hann er beðinn að lýsa sjálfum sér. „Ég hef ætlað að vera myndasöguhöfundur alveg síðan ég man eftir

mér, það kom aldrei neitt annað til greina. Ég var alltaf að teikna. Þegar ég var sex ára byrjaði ég að teikna myndasögur fyrir sjálfan mig. Mig langaði til að verða kvikmyndaleikstjóri líka. En það er ekki enn þá búið að gerast. Myndasögugerðin er næsti bær við. Þetta er eins og að gera litlar bíómyndir, nema maður þarf ekki að eyða pening í tæknibrellur.“

Það hefur ekki farið mikið fyrir myndasögugerð hér á Íslandi og ekki mikil hefð fyrir henni. „Það er mjög lítil hefð hérna, eiginlega engin. Eina sem fólk þekkir er Sigmund sem birtist í Morgunblaðinu. Það eru til aðrir íslenskir myndasöguhöfundar en það hefur aldrei verið neinn markaður fyrir sögurnar. Ég hef reynt að starfa við þetta síðustu þrjú ár og lifað af þessu í kannski eitt ár. En ég er líka að semja fyrir leikhús og fleira.“

Hugleikur útskrifaðist af Fjöltæknibraut Listaháskóla Íslands árið 2002. „Ég byrjaði að teikna Okkur-myndasögurnar þegar ég var í LHI. Mig vantaði verk á sýningu og setti sögurnar upp á vegg, þá sá ég að fólk var að hlæja að þessu.“

## Svartur húmor

Sumir brandararnir í Okkur-sögum eru alveg á mörkunum. Kúkur, piss, blóð, morð, sjálfsmorð, guðlast, nauðgarar og sífjaspell eru hlutir sem Hugleikur grínast með. Þessar sögur urðu strax gífurlega vinsælar. „Ég held að það sé vegna þess hversu auðles-  
ið

efni þetta er. Ofboðslega einfaldir teikningar með mjög einföldum skilaboðum sem skila sér strax. Það þarf ekki að skoða þessar blaðsíður lengi til að klára þetta. Svo finnst fólki þetta bara rosalega fyndið,“ útskýrir Hugleikur.

En af hverju er þetta svona fyndið? „Ég veit það ekki. Þetta varð bara óvart til. Ég hafði alltaf teiknað svipaðar myndir þegar ég var yngri með frændum mínum. Teiknaði kannski karla að skjóta hver annan og gera eitthvað ljótt.“



Við vorum bara að teikna til að láta hver annan hlæja. Ég hefði samt aldrei gefið þetta út nema af því að aðrir sáu þetta og fannst þetta fyndið. Mikið af þessu er fyndið af því að þetta eru ógeðslegir brandarar. Fólk hlær oft að hlutum af því að það má ekki hlæja að því. Ég held það sé allt í lagi að hlæja að hverju sem er svo lengi sem það skadar ekki aðra.“

Hefurðu aldrei haft áhyggjur af því hvort þessir brandarar séu í lagi? „Jú, ég hef teiknað suma brandara og hugsað hvort ég sé ekki að fara yfir strikið þarna. En hef samt ákveðið að birta þær sögur af því að mér hefur fundist þær segja meira en að vera bara ógeðslegar. Til dæmis hafði ég áhyggjur af einum brandara af nauðgara á úti-hátíð, ég spurði systur mína og fleiri hvort þetta væri í lagi og það voru allir sammála um að það væri augljóst hvað ég væri að segja. Það er greinilegt að þessir brandarar eru ákveðin kaldhæðni.“

## Óviljandi þjóðfélagsádeila

Ertu þá viljandi að nota kaldhæðni til að benda á það sem þér finnst að í þjóðfélaginu? „Nei, það hefur næstum því komið eftir að ég fékk þá gagnrýni að ég væri með þjóðfélagsádeilu. Þá fór ég stundum að hugsa um sögurnar sem komu á eftir sem þjóðfélagsádeilu en það var aldrei tilgangurinn. Ég reyni bara að teikna þetta eins hratt og ég get, um leið og hugmyndin sprettur. En eftir á þá eru kannski einhverjar þælingar þarna.“

Ertu þá ekki að reyna að koma skilaboðum á framfæri þegar þú teiknar söguna? „Jú, kannski meira núna en áður en samt ekki viljandi. Ég held að flestir sem gera eitthvað, hvaða list sem það er, eru að tjá sig og þar af leiðandi að koma einhverjum skilaboðum á framfæri. En ég var aldrei með það á hreinu hvaða skilaboð það voru. Síðan hef ég notað það hálfpartinn sem afsökun. Þegar ég er spurður hvað ég sé að pæla þá segi ég stundum að heimurinn sem við búum í sé rosalega ljótur og að ég sé að reyna að benda á það.“ Nýlega birtist grein í Irish Sun þar sem hagsmunasamtök barna vilja banna bókina hans í Írlandi og segja hana gefa unglimum vafasöm skilaboð. Hugleikur svarar í greininni að hryllilegir hlutir gerist í næsta húsi og að hann sé að benda á það.

## Hnackaárás

Nýjasta bók Hugleiks, Eineygði kötturinn Kisi og Hnakkarnir, var að koma út og segir frá baráttu Kisa við Hnakkana. „Mig langaði að búa til dýrakarakter. Það er svo mikið af myndasögum sem eru um talandi dýr. Eins og Andrés Önd. Það eru margir myndasöguhöfundar sem eiga sinn dýrakarakter bara til að geta gert eitthvað við hann, það er miklu meira frelsi í því heldur en spýtukörlunum.“

Myndasögurnar um eineygða kisann birtust vikulega í tímaritinu Sirkus, áður en það var gert að hnakkablaði eins og segir á kápu bókanna. „Ég gerði um tuttugu Kisa-örsögur fyrir Sirkus og vildi setja þær sögur sem voru til í bók og ákvað að gera eina langa sögu um Kisa í viðbót. Þá byrjaði öll þessi hnackaumuræða og allir þessi þættir á Sirkus-sjónvarpsstöðinni. Þannig að mér datt allt í einu í hug að hnackar myndu gera árás á jörðina.“

Ertu þá í stríði við hnakkana? „Nei, ekki lengur. Ég er búinn að gera mína árás. Hnackar eru eitthvað í eðli sínu sem maður verður að gera grín að og það bara var enginn að gera grín að hnökkunum. Ég beið eftir því að einhver gerði það vegna þess að hnackarnir voru alltaf að gera grín að öllum öðrum. Eina lausnin var að gera þessa bók.“

Hvaðan koma þessir flokkadrættir í dag, fólk er annað hvort hnackar, úlpur eða krútt? „Já, bókinn fjallar um þessa flokkun líka. Tvíhöfði byrjaði

með þetta. Dr. Gunnir og Sigurjón Kjartans voru alltaf að tala um úlpur og hnacka í útvarpsþættinum sínum og voru greinilega mjög heillaðir af þessu. Hvort það væri ekki bara hægt að skipta öllum heiminum upp í úlpu eða hnacka. Sem er í rauninni hægt.“

## Hvað er hnakkí?

Í bókinni eru helstu einkenni hnacka sólbrúnka, tribaltattú og ekkert andlit. Bara hnakkí báðum megin á hausnum og þeir tala með rassinum. „Ég gat ekki gert dýpri greiningu á þeim vegna þess að það er ekki hægt að greina þá frekar, ekki frekar en úlpur, vegna þess að í rauninni er þetta ekki til. Hugtakið er bara til. Ég hef alltaf verið þeim megin við víglínuna að mér finnst hnakkatískan asnaleg, mér finnst Smáralindin hallærisleg og FM957 aðhláturfefni. Þetta er í rauninni einhver menningarleysa. Það er ekki mikil dýpt í Scooter og fötin eru fjöldaframleidd. Þó ég vilji ekki viðurkenna að ég sé að dæma fólk sem hlustar á Scooter og verslar í Topshop sem asnalegt fólk, þá finn ég mig samt knúinn til þess að segja að mér finnst þetta ljótt.“

Eins og í bókinni þar sem hnackar koma snyrtilegir til fara frá plánetunni sinni og ná yfirhöndinni með því að bjóða öllum frægum í partí, þá hafa hnackar náð að verða áberandi í þjóðfélaginu. „Það var greinilega þælingin í fjölmiðlum að hnackar myndu seljast og allir þættir á Sirkus-sjónvarpsstöðinni eru hnackaþættir. Þessir þættir eru hnackaþælingin heldi klædd vegna þess að það var ekkert í þá lagt en svo lengi sem auglýsingarnar af þættinum litu vel út þá var þetta í lagi. Þættirnir þurftu ekki einu sinni að vera góðir eða líta vel út svo lengi sem upphafsstefið var flott og kynnirinn sætur eða sæt.“

En hvaðan kemur þessi hnackaþæling? „Hnackar hafa verið áberandi lengi. Allt þetta „eitís“ Wall Street-dæmi, Amercian Psycho-myndin og bókinn er til dæmis bara um hnacka. Metrósexual er það sama og að vera hnacki. Þetta er fólk sem veit hversu miklu máli það skiptir, ekki bara að líta vel út heldur líka að lykta vel, og vera ávallt í toppformi. Það veit hversu miklu máli það skiptir vegna þess að það græðir á því. Vel heppnaðir hnackar komast áfram á því bara að vera vel heppnaðir hnackar. Þeir þurfa í rauninni ekki endilega að vera með mikinn persónuleika vegna þess að útlitið hjálpar þeim. Það að vera aggressívur byrjaði líka þarna á níunda áratugnum. Þá skipti svo miklu máli að vera hákarl í viðskiptum. Vera aggressívur í bisness og framkomu. Það var í tisku og hefur lifað síðan þá.“

Heldurðu að hnackarnir hafi spröttið af öllu þessu fjárfestinga-brjálæði hérna heima? „Já, þetta eru allt að vissu leyti hnackar þessir fjármála-brjálæðingar. Maður verður samt að passa sig að hugsa ekki svoleiðis um alla, þá verður heimurinn svo svartur og hvítur. Það er samt ekki hægt að mæta í úlpu í bankann og ætla að gera stór viðskipti á verðbréfa-markaðnum, en ef þú mætir með rétta hárið og réttu lyktina þá ertu kominn inn.“

## Fylgið honum

Áður en ég fer þá sýnir Hugleikur mér teikningar fyrir Fylgið okkur sem er á leið í prentun. Fylgið okkur eru örsögur í anda fyrri Okkur-bókanna hans. „Það er takmarkað hvað hægt er að gera marga brandara um sama hlutinn. Ég hef teiknað blóð of oft. Og allavega 50 brandara um sjálfsmorð.“ Brandararnir hafa því þróast að einhverju leyti og eru jafnvel súrari segir Hugleikur. „Ég hef verið svo oft spurður að því hvort ég sé eitthvað geðveikur eða hvort það sé ekki í lagi heima hjá mér. Ég veit aldrei hvort fólk er bara að segja þetta eða spyrja af alvöru. Alveg eins og fólk segir snilld. Fólk segir snilld við öllu. Ristað brauð getur verið snilld. Þannig að ég veit í raun og veru ekki hvað það þýðir. En það er allavega allt í lagi heima hjá mér.“ Og líklega er hann snillingur líka. ■



**GÓÐ FERILSSKRÁ ER MIKILVÆG**

Hrefna Guðmundsdóttir útbýr ferilsskrár fyrir fólk

ATVINNA 8



# allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

**NÝR OG BREYTTUR**  
**KFC** ÁSAMT  
**TACO BELL**  
**OPNAR Í HAFNARFIRÐI Í LOK NÓVEMBER**

Við óskum eftir hressu og áhugasömu fólki til að taka þátt fjörinu.

Leitum að fólki í heilsdags- og hlutastörf í sal, afgreiðslu og eldhús.

Tökum daglega við umsækjendum á skrifstofu Góu og KFC að Garðahrauni 2.

Upplýsingar í síma 515 0920.



PIPAR • SÍA • 60751

## VERK- OG TÆKNIFRÆÐINGAR

Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf. var stofnuð 1963. Þar starfa yfir 70 manns á sviði véla-, efna-, og rafmagnsverkfræði sem og jarðfræði. Stofan hefur margsinnis verið verðlaunuð fyrir lausnir á sviði lagna- og loftræstikerfa og þekking hennar og reynsla af jarðhitaverkefnum er meðal þeirra bestu í heimi. Stofan er jafnframt þekktasta verkfræðistofa landsins á sviði véla- verkfræði og hefur hannað og þróað lausnir fyrir mörg af stærstu fyrirtækjum landsins. Fyrirtækið tekur virkan þátt í nýsköpun og tækniþróun, bæði innanlands og utan. Starfsstöðvar eru í Reykjavík, á Selfossi og Akureyri.

Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf. óskar eftir að ráða verk- eða tæknifræðinga til starfa á lagna- og loftræstisviði. Mörg fjölbreytt, krefjandi og spennandi verkefni framundan. Leitað er bæði eftir nýútskrifuðum tæknimanni sem tekinn verður inn í hóp reynslumikilla starfsmanna og eins tæknimanni með reynslu. Viðkomandi þarf að geta tileinkað sér hlutbundna þrívíddar hönnun.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Verk- eða tæknifræðingur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði, metnaður og frumkvæði í starfi
- Góð tölvukunnátta

Umsóknir og ferilsskrá skal senda til [vgk@vgk.is](mailto:vgk@vgk.is) eigi síðar en 1.12.2006.



Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf. - Laugavegi 178 - 105 Reykjavík - Sími 5 400 100 - [www.vgk.is](http://www.vgk.is) - [vgk@vgk.is](mailto:vgk@vgk.is)



## Byggingarverkfræðingur/tæknifræðingur

Enn fjölgar verkefnum hjá okkur og því viljum við bæta í hópinn reyndum byggingarverkfræðingi eða tæknifræðingi til að vinna með okkur að krefjandi verkefnum hjá ört vaxandi og skemmtilegu fyrirtæki.

Helstu verkefni:

- Verkefnastjórnun
- Innkaup og samningar við birgja, undirverktaka og verkkaupa
Ég sat í sæti mínu og leyfði tónlistinni að ná tökum á mér með róandi afli. Það var eins og tíminn stoppaði í smá stund og maður gat allt í einu gleymt öllum áhyggjum hversdagsins. Ótrúlegt, svipað og að fara í góðan nuddtíma eða jóga. Það gengu allir út með bros á vör þrátt fyrir rokið og frostið sem tók á móti manni.

Já, ég verð bara að biðjast afsökunar á því að hafa ekki gefið þessari tegundar tónlistar tækifæri fyrr en núna. Nú er ég orðinn fullgildur meðlimur í heimi klassískrar tónlistar og mun ég ekki segja foreldrum mínum að slökkva þegar þessi tegund tónlistar er sett á fóninn.

## HARD FUN REAL LIFE

### Nám í Danmörku Margmiðlunarhönnun

#### Tveggja ára akademískt nám sem inniheldur

- Margmiðlunarþróun
- Skapandi hönnun
- Samskipti og markaðssetningu
- Verkefnastjórnun og internetviðskipti (e-business)

#### Alþjóðlegt nám

- Nemendur frá Norður-Evrópu
- Kennsla á ensku
- Engin skólagjöld
- Verkefni sem fela í sér að vinna með alvöru fyrirtækjum til að styrkja reynslu þína
- Veffangsferð til San Francisco
- Hópaþinnna í hverri viku

Önnin byrjar 22. janúar 2007

#### Frekari upplýsingar á [www.noma.nu](http://www.noma.nu)

#### Kynningarfundur í Reykjavík

Þriðjudaginn 5. desember 2006 kl. 15.00  
Radisson SAS Saga Hotel, Hagatorgi,  
Reykjavík 107  
Skráning á: [meeting@noma.nu](mailto:meeting@noma.nu)

NOMA er margmiðlunarskóli sem að er staðsettur í bænum Kolding á Jótlandi. Brautir heyrir undir danska menntamálaráðuneytið.




**9. hver vinnur!**

Sendu SMS BTC PCD á númerið 1900 og þú gætir unnið!

Aðalvinningur er DVD spilarinn + Pirates of the Caribbean Vinningar eru Pirates of the Caribbean, tölvuleikir, DVD myndir og margt fleira

**BT**

## myndasögur

### pondus

Eftir Frode Overli



Ég hef verið að velja einu fyrir mér sambandi við hárvöxt. Skjóttu!

Hárið á höfðinu vex með jöfnum hraða, ekki rétt? Já fyrir okkur sem hafa hár, gerir það þá.

Það virðast ekki vera nein mörk á því hversu langt hárið á höfðinu getur orðið, ég meina ef maður sleppir alveg að klippa sig getur það orðið allt að sex metrar eða eitthvað. Jamm...

Og það sama með skeggvöxt, ef maður snýrtir ekki skeggið í mánuð fer maður að líta út eins og meðal talibani.

En fyrir neðan háls þá getur maður bara beðið endalaust og það verður aldrei lengra en mesta lagi einn sentimetr.

Hvað veldur því að höfuðið er frísvæði fyrir hárvöxt en afgangurinn af líkamanum fer eftir algjörliga öðrum reglum. Já skritið.

Ef ég fengi að ráða þá myndi þetta þak sem ekki snýrtir sig að neðan ganga héra um allt kaflað með sex metra löng líkamshár.

Spurningin mín til þín er, Hvi verðum við ekki alveg kaflaðin af líkamshárum? Veit ekki?

Nei bara að spá.

Og hvernig getur hár verið krullað ég skil það ekki? Spjallaðu við mig!

### gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



CLICK! SPRETT! FLICK! WHIR! FLIP!

HONK! HONK! FLASH! FLASH! BLINK! WHIRRRRR!

Lítu á björtu hlíðarnar, þegar ég verð farinn að keyra meira ætli svona óhöppum að fækka!



## GULL BYLGJAN 909

- ÞESSI GÖMLU GÓÐU!

### ÖLL GÖMLU GÓÐU LÖGIN ÞÍN Á GULL BYLGJUNNI

Gull Bylgjan er á Suðvestur horninu á tíðninni 90,9, á [bylgjan.is](http://bylgjan.is) og Digital Íslandi.



# Tónleikar í Kristskirkju

Mannúðarsamtökin Caritas á Íslandi hafa í nokkur ár staðið fyrir tónleikahaldi í Kristskirkju í Landakoti þar sem samtökin hafa safnað fjárstyrk til góðra málefna. Hafa samtökin átt stuðningsaðila meðal tónlistarmanna og tónlistarunnenda, enda jafnan verið glæsilegur blær og hátíðlegur yfir tónleikahaldinu sem að venju fer fram skömmu fyrir aðventu. Í dag verða tónleikarnir helgaðir söfnun fyrir fötluð börn, en á síðasta ári rann söfnunarféð allt til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Hefjast þeir kl. 16 og verða miðar seldir við innganginn. Þetta eru þrettánda tónleikarnir sem Caritas stendur fyrir. Á efniskrá eru m.a.

verk eftir Atla Heimi Sveinsson, Bach, Casals, Franck, Haydn, Kodály, Kreisler, Mozart, Rossini, Puxcell, Sigvalda Kaldalóns og Telemann. Flytjendur eru: Sesselja Kristjánsdóttir, alt, Eyjólfur Eyjólfsson, tenór, Guðný Guðmundsdóttir, fiðla, Björk Óskarsdóttir, fiðla, Hulda Jónsdóttir, fiðla, Bjarni Frimann Bjarnason, fiðla, Gunnar Kvaran, selló, Sigurður I. Snorrason, klarinett, Eiríkur Örn Pálsson, trompet og Úlrik Ólason, orgel. Þá kemur fram á tónleikunum kórinn Vox Feminae og er stjórnandi Margrét Pálmadóttir.



KRISTSKIRKJA Í LANDAKOTI



**HNÚKAPEYR** Leikur í Dómkirkjunni í fjórða sinn.

## Blæs í hnúkaþey

Blásaraoktettinn Hnúkaþeyr heldur tónleika í dag í Dómkirkjunni í Reykjavík og flytur verk eftir Mozart og verk sem tengjast honum á einhvern hátt. Leikin verða verk fyrir átta manna blásarasveit, tvö óbó, tvö klarinett, tvö horn og tvö fagott. Sveitin var stofnsett 2003 og leikur nú í Dómkirkjunni í fjórða sinn. Þau hafa víða farið og fengið góða dóma. Sveitina skipa Peter Thomkins, Eydís Franzdóttir, Ármann Helgason, Helga Björg Arnardóttir, Emil Friðfinnsson, Anna Sigurbjörnsdóttir, Dagbjört Ingólfssdóttir og Kristín Mjöll Jakobsdóttir. Meðal verka á dagskránni er Figures in the Garden eftir Jonathan Dove frá 1991 sem byggist á Brúðkaupi Fígarós. Þá leika þau serenöðu nr. 11 í es-dúr sem er eitt vinsælasta blásaraverk Mozarts.

sun. 19. nóv. -uppselt  
fim. 23. nóv. -aukas. uppselt.  
fös. 24. nóv. "TÓLK JETLAN HREYFT VITLAUST AD HERRA OG ALÉMU" SA, 1999  
lau. 25. nóv.  
lau. 2. des.  
sun. 3. des.



MIDAPANTANIR:  
GSM: 694 8900 / midasala@einleikhusid.is  
Sun. 19. nóv. kl.20 Laus sæti  
Fim. 23. nóv. kl.20 næstsíðasta sýn!  
Fös. 24. nóv. kl.20 Allra síðasta sýning!  
Ein sú besta, ef ekki besta sýning sem ég hef séð!  
Eirún Sigurðardóttir myndlistarmaður.  
ATH: hlaðborð fyrir hópa í veislu! Hússins  
Nánari upplýsingar á: [einleikhusid.is](http://einleikhusid.is)  
Sýnt í Reiðhöll Gusts, Alalind 3, Kópavogi

Strengjaleikhúsið í samvinnu við íslensku óperuna

## SKUGGGALEIKUR

Ný íslensk ópera eftir Karólínu Eiríksdóttur, Sjón og Messíönu Tómasdóttur

2. sýning 25. nóvember kl. 20  
3. sýning 2. desember kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING  
MIÐAVERÐ KR. 2.500  
ATH! SÍÐUSTU SÝNINGAR

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200  
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

## HAFIÐ BLÁA

Fékk áhorfendaverðlaun grímunar 2006. Þrjár tilnefningar til grímuverðlaunanna:

- Barnasýning ársins.
- Búningaverðlaun ársins.
- Áhorfendaverðlaun ársins.

**Sýningar**  
Sun 19. nóv kl. 13:30  
síðasta sýning fyrir jöl

Stúdentaleikhúsið kynnr „Þú ert enginn Johnny Depp!“  
sun 19/11, mán 20/11, fim 23/11, fös 24/11, lau 25/11 mið 29/11.  
Miðaverð kr. 1.500  
Skólafólk og hópar kr. 1.000

IsMedia SPARSÍÐUDURINN TM

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

## AUKA HLJÓMLEIKAR

laugardag 2. desember og sunnudag 3. desember kl 20

## LENNON & SINFÓNÍAN

hljómleikar til heiðurs John Lennon háskólabíói 1. desember 2006

Flutt verða lög eftir John Lennon sem hafa verið útsætt fyrir símfóníuhljómsveit og rokkljómveit af þessu tilefni  
nánari upplýsingar á [lennon.is](http://lennon.is) og í síma 552 3000

# give peace a chance

miðasala er hafin á [midi.is](http://midi.is)

Apple Coca-Cola EKTON OFUR MEIÐUR

## Ertu í húsgagnaleit?

# Opið í dag

frá kl.13-17 **Val húsgögn**

Nýjar sendingar - Mikið úrval!

Ármúla 8 - 108 Reykjavík  
Sími 581-2275 ■ 568-5375

## „ÞÚ ERT MEIRA VIRÐI EN ÞÚSUND HNÍFAR.“

RONJA RÆNINGJADÓTTIR

RONJA RÆNINGJADÓTTIR  
Í dag kl. 14 UPPS. Sun 26/11 kl. 14  
Sun 3/12 kl. 14 Sun 10/12 kl. 14  
Fös 24/11 kl.20, Lau 25/11 kl.20  
Lau 2/12 kl.20 Lau 9/12 kl.20  
Síðustu sýningar

VILTU FINNA MILLJÓN?  
Sun 26/11 kl.20 Fös 1/12 kl.20  
Fös 8/12 kl.20

FOOTLOOSE  
Fös 24/11 kl.20 Lau 2/12 kl.20  
Lau 9/12 kl.20

BRILLJANT SKILNAÐUR  
Fim 23/11 kl.20 UPPS. Sun 3/12 kl.20  
Fös 8/12 kl.20 Fös 29/12 kl.20

MANNTAFL  
Í kvöld kl.20 Síðasta sýning.

FJÖLSKYLDUSÝNING ÍD  
Lau 25/11 kl.14 Síðasta sýning.  
Fritt fyrir 12 ára og yngri

ÚTFÁFUTÓNLEIKAR  
HELGA RAFNS  
Mið 22/11 kl.20 Miðaverð 2.300

WATCH MY BACK  
Kómískur spuni. Flutt á ensku.  
Í kvöld kl.20:10 Sun 26/11 kl.20:10  
Miðaverð 1.000 kr.  
Miðasala 568 8000  
[www.borgarleikhus.is](http://www.borgarleikhus.is)

MEIN KAMPF  
SÁKAMÁL Á SVIÐ  
Leiklestrar á 3ju hæðinni.  
Í kvöld kl.20 Ókeypis aðgangur

AMADEUS  
Í kvöld kl.20 Lau 25/11 kl.20  
Sun 3/12 kl.20

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR  
SNIGLABANDSINS  
Fim 23/11 kl.21 Miðaverð 3.500

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR  
STEBBA OG EYFA  
Mið 29/11 kl.20 og 22. Miðaverð 4.000

JÓLALEIKRITID RÉTTA LEIÐIN  
Mið 22/11 kl.18 og 20 Frums.UPPS.  
Fim 23/11, Fös 24/11, Mán 27/11  
Sýnt kl. 9:30 og 13:00  
Sýningartími 1 klst. Miðaverð 500 kr.

BROT AF ÞVÍ BESTA  
Fim 30/11 kl.20 Fim 7/12 kl.20  
Rithöfundar lesa úr nýjum bókum.

## BORGARLEIKHÚSIÐ

## Þjóðleikhúsið fyrir alla!

**STÓRA SVIÐIÐ kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter  
Í kvöld sun. 19/11 nokkur sæti laus, lau. 25/11 nokkur sæti laus, sun. 26/11 nokkur sæti laus, fös. 1/12 nokkur sæti laus, lau. 2/12. Síðustu sýningar fyrir jöl.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.  
Í dag sun. 19/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, fös. 29/12 kl. 20:00 örfá sæti laus, lau. 30/12 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 17:00 örfá sæti laus, lau. 6/1 kl. 14:00, sun. 7/1 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 20:00, lau. 13/1 kl. 14:00, sun. 14/1 kl. 14:00 örfá sæti laus.

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.  
Fim. 23/11 örfá sæti laus, fös. 24/11 örfá sæti laus. Aukasýningar fös. 8/12 nokkur sæti laus og lau. 9/12 örfá sæti laus. Allra síðustu sýningar!

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ** aðalbyggingu Lindargötumegin, kl. 20:00

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.  
Í kvöld sun. 19/11, örfá sæti laus, aukasýning fös. 24/11 nokkur sæti laus, sun. 26/11 uppselt. Síðustu sýningar fyrir jöl! Lau. 6/1, lau. 13/1.  
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskirteinis.

**KÚLAN** Lindargötu 7, kl. 17:00 og 20:00

**UMBREYTING** – brúðsýning fyrir fullorðna eftir Berndt Ögrodnik.  
Í dag sun. 19/11 kl. 17:00 örfá sæti laus, fös. 24/11 kl. 20:00 uppselt.  
Allra síðustu sýningar!

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur  
Lau. 6/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00, sun. 7/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00, lau. 13/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00, sun. 14/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00 uppselt.

**LEIKHÚSLOFTIÐ** aðalbyggingu

**LEITIN AÐ JÓLUNUM** eftir Þorvald Þorsteinsson  
Lau. 25/11 kl. 13:00 uppselt og kl. 15:00 uppselt, sun. 26/11 kl. 13:00 uppselt og kl. 15:00 uppselt, lau. 2/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 14:30 nokkur sæti laus og kl. 16:00, sun. 3/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 14:30 uppselt og kl. 16:00, lau. 9/12 kl. 13:00, kl. 14:30 og kl. 16:00, sun. 10/12 kl. 13:00 örfá sæti laus og kl. 14:30 örfá sæti laus, lau. 16/12 kl. 13:00 og kl. 14:30, sun. 17/12 kl. 13:00 og kl. 14:30.

**HVERS VEGNA LÁTA KONURNAR SVONA?**  
Námskeið fyrir almenning um Bakkyngjur hefst 21/11.  
Skráning á [midasala@leikhusid.is](mailto:midasala@leikhusid.is) eða í síma 551 1200.  
Nánari upplýsingar á [www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is).

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu [www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is)  
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.



## Heimili Gríms Thomsen á Bessastöðum:

„... öll Bessastöðastofa var af sjer gengin og ógeðsleg orðin, og hvergi inn komandi nema í þá stofu sem hann bjó í, sem áður hafði alltaf verið dagleg stofa, og „gullsmíðurinn“ faðir hans hafði setið í, og svo „borðstofuna“, hún var nokkurn veginn notandi, þó allt gólfíð dúaði þegar á því var gengið; allt annað í húsinu var svo fornfálegt og óræstað, að hann vildi ekki láta ókunnuga koma þar; kirkjan var höfð til að þurka þvott ...“

Dægradvöl Benedikts Gröndal

# bækur

menning@frettabladid.is

## Arnaldur tilnefndur í Svíþjóð



Sænskir hafa sérstök verðlaun fyrir glæpasögur í sínu landi og veita þau í tveimur flokkum, nýjum sænskum sögum frá síðasta ári og besta þýdda krimmanum. Í fyrra fékk Arnaldur verðlaunin fyrir Röddina í þýdda flokknum en besta frumsamda sænska sagan var Skuggen í vattnet eftir Inger Frimansson. Nýlega voru tilnefningar birtar og segir Svensk bokhandel að þar séu flestir gamlir kunningjar. Og hver er þeirra á meðal? Arnaldur Indriðason fyrir Mannen i sjoen sem mun vera Kleifarvatn. Aðrir erlendir höfundar eru Philippe Claudel, Christian Jungersen hinn danski fyrir Undantekninguna sem nú er komin á íslensku, Denise Mina og Arthur Philips. Sænskir krimmahöfundar sem keppa eru Arne Dahl, Anna Jansson, Stieg Larson, Anders Roslundm Borge Hellström og Helena von Zweigbergk. Verðlaunin verða afhent 25. nóvember.

ARNALDUR INDRIDASON GERIR ÞAÐ GOTT HJÁ SVÍUM

## > Dustaðu rykið af ...

Ævintýrum Litla tréhestsins eftir Ursulu Moray Williams sem hér hefur komið út í tveimur útgáfum. Sagan er yndisleg endurheimt á tímanum snemma frá síðustu öld og holl tilfinningasöm lesning fyrir krakka. Ursula lést fyrir skömmu og er því hlutur hennar í enskum barnabókum nú endurmetinn.

## Bókasafna-verðlaun

Stærstu peningaverðlaun sem veitt eru Impac-verðlaunin svokölluðu en nýlega hefur birst listi yfir verkin sem bókasöfn víða um heim tilnefna. Alls eru það 169 söfn sem leggja inn tillögu. Tilnefnd eru 138 verk svo einhver fær stuðning fleiri en tveggja safna. Söfnin eru í 129 borgum í 49 þjóðlöndum. Hér á landi leggja tvo bókasöfn tillögu í þúkkið. Borgarbókasafnið í Reykjavík leggur til að Never Let Me Go eftir Kazuo Ishiguro fái verðlaunin en Bókasafn Vestmannaeyja stingur upp á Grafarþögn Arnalds Indriðasonar í enskri þýðingu. Hann er raunar í mestu upphaldi hjá bókasöfnum, fær 18 tilnefningar.

Úrslitin verða tilkynnt í júní, en þau eru valin af tíu verka úrvalslista sem verður kunngerður í apríl. Þau nema 100 þúsund evrum.



## Á ferð með Brautigan

Þýðingalistinn hans Gyrðis er tekinn að slaga upp í hans eigin frumsmíðar; þeir sem hafa átt þess kost að þræða textasafnið hans vita að margt er þar úr sama farinu, íhygli og elskusemi í bland við hljóða einmanakennd, svalandi hrylling og gamansemi. Þar eru nokkur verka Brautigans sem varð þessum lesara handgenginn fyrir nærri þremur áratugum. Brautigan stakk í stúf við flesta aðra ameríska höfundar. Hann bar undramörg einkenni vesturstrandarinnar í þann tíma, frjáls andi og þreifandi sig áfram á ritvellingum.

Ógæfusama konan – ferðalag ber öll hans bestu einkenni. Hann tekur lesanda með sér og þeir sem hafa lagt í ferð með honum verða ekki sviknir. Furður lífsins, dagleiðin þar sem alltaf er eitthvað nýtt og undursamlegt svo kvika opnast á samferðamönnum og ekki síst á honum sjálfum. Verkið kom út löngu eftir hans slysalega endadag og er annað tveggja verka sem komu út að honum látum. Margir hafa lesið það sem langan inngang að sjálfsmorðinu en mér er sýnna að lesa það sem einn af mörgum söguköflum hans sem dásama lífið, frekar en að henda því frá sér.

Hvað er að segja um þýðinguna: Gyrðir er afburðamaður í meðförum á máli og slítur frumtextann alveg úr sínu enska málumhverfi og setur niður í tungutakið íslenska. Verkið er örugglega ekki allra, það er ekki æsileg iðn-



### BÆKUR

#### Ógæfusama konan

Richard Brautigan

Þýðing: Gyrðir Eliasson  
Uppheimar

★★★★

Síðasta verk meistara Brautigans í glæsilegri þýðingu. Ekki allra en úrvalsverk.

aðarafurð eins og svo margt sem bókmenntavélin spýtir úr sér þessa dagana. En sá sem gengur af stað með þetta nesti í malnum sínum er ekki svikinn. Það er mikilsvert að texti sem þessi komi á íslensku í svo frábærri þýðingu Gyrðis Eliassonar.

Páll Baldvín Baldvínsson



## SPJALDANNA Á MILLI Halldór Guðmundsson

## Barist um bókmenntasögu

Nýlega komu út fjórða og fimmta bindi Íslenskrar bókmenntasögu hjá Máli og menningu, en þau bindi gera 20. öldinni skil; ritstjóri er Guðmundur Andri Thorsson. Talsverð umræða hefur orðið um þessar bækur, einsog vænta mátti, mest á síðum Lesbókar Morgunblaðsins. En um hvað snýst hún? Hér skal reynt að gefa lesendum Fréttablaðsins hugmynd um það. Áður en lengra er haldið er rétt að taka fram að ég er ekki saklaus af þessu verki, átti þátt í því sem útgefandi að koma ritun þess af stað og ritstýrði þriðja bindinu, og upphaflega stóð líka til að ég ritstýrði síðustu bindunum en síðan varð ég að gefa það frá mér af ýmsum ástæðum. Eftir stendur svolitill kafli eftir mig í fjórða bindinu um Halldór Laxness og verk hans á fjórða áratugnum. Mér er sem sé málið skylt.

### Ólíkar kenningar

Lesendum kann að koma á óvart sú gremja í garð verksins sem birtist hjá nokkrum þeirra sem hafa skrifað um það í Lesbók, öðrum kann að virðast umræðan torskilin þegar byrjað er að tala um „dauða höfundarins“ og jafnvel bætt um betur með dauða lesandans (og sýnist þá útgefandinn einn eftir). En á bak við þetta eru ólíkir skólar í bókmenntafræðum sem takast á um bókmenntasöguna. Fyrir fjörutíu árum skrifaði franskri fræðimaðurinn Roland Barthes ritgerð sem nefndist „Dauði höfundarins“ þar sem hann vildi skilja túlkun texta frá ætlun og bakgrunni höfundarins, verk og höfundur væru tvennt ólíkt og bókmenntafræðin ætti að einbeita sér að verkinu og skoða innri tákneim þess og tengingu við orðræðu annarra texta, einsog stundum er sagt. Hann sýndi hvað hann átti við í bók sem hann sendi frá sér árið 1970 og hét einfaldlega S/Z, en þar greindi hann söguna Sarrasine eftir Balzac með þessum hætti. S/Z er feiknalega tyrfin bók en snjöll og kenningar Barthes höfðu mikil áhrif, ekki síst í bandarískri bókmenntafræði. Þær kenningar og fleiri lögðu grunn að því sem stundum er kallað póstrúktúralismi í bókmenntafræðum og voru áhrifamestar í akademíu Vesturlanda á áttunda áratugnum og síðar einnig hérlandis.

### Gagnrýni


En hvað kemur þetta íslenski bókmenntasögu við? Með talsverðri einföldun má segja að hér séu tveir skólar að takast á. Fyrir daga Barthes var söguleg og ævisöguleg aðferð algengust í bókmenntaumfjöllun auk hinnar svonefndu nýrýni, sem einbeitti sér að verkunum sjálfum. Þeir sem aðhyllast hinar póstrúktúralísku kenningar telja að þeirra gæti ekki nóg í bókmenntasögunni nýju, hún litist um of af hefðbundinni, sögulegri nálgun í stað nýrra kenninga og endurmats. Á móti er hægt að færa þau rök að söguleg og jafnvel ævisöguleg nálgun sé mun vænlegri þegar verið er að rekja bókmenntasögu þjóðarinnar í samfelldu máli, þótt póstrúktúralisminn kunni að vera gjöfylli í greiningu einstakra verka. Söguleg og þjóðfélagsleg umfjöllun, sem ég aðhyllist sjálfur, hefur líka verið að eflast í fræðaheiminum undanfarna áratugi, að vísu breytt frá því sem áður var, meira meðvitund um efa- og afstæðis-hyggu póstrúktúralismans en fyrrum; þar hafa líka stefnur í sagnfræði, frá einsögu til svonefndar hugarfararsögu, haft sín áhrif. Þessi endurnýjaða sögulega hugsun hefur örugglega haft mótandi áhrif á marga af höfundum bókmenntasögunnar, en gagnrýnendur hennar halda fram nálgun þar sem verkin og innbyrðis tengsl þeirra eru tekin fram yfir höfundana og bakgrunn þeirra.

### Annars konar gagnrýni

En þetta eru ekki bara átök hnakka og trefla í íslenskum fræðum, heldur hefur bókmenntasagan nýja líka verið gagnrýnd vegna þess sem ekki er í henni, svo sem umfjöllun um þýðingar. Slík gagnrýni getur að sjálfsögu verið réttmæt. Samt hefur sú leið verið farin í flestum bókmenntasögulegum yfirlitsverkum, til dæmis í nágrannalöndum okkar, að takmarka umfjöllunina við frumsamin verk, einfaldlega vegna þess að einhvers staðar verður að draga mörk þegar yfirlitsrit eru sett saman. Gagnrýnin sem einna helst hittir í mark, miðað við ætlun útgefenda bókmenntasögunnar, er sú sem vekur athygli á merkilegum verkum eða góðum höfundum sem hafa lent utangarðs, viljandi eða óvart. Það verður að taka mið af slíkum ábendingum við endurútgáfu bókmenntasögunnar. En það er ekki þar með sagt að grundvellingum sé kippt undan öllu því sem frá er sagt á þessum 1.400 blaðsíðum um íslenskar bókmenntir á 20. öld. Það sem mestu skiptir: Hér er komin heildstæð saga íslenskra bókmennta í fimm bindum sem getur orðið grundvöllur nýrrar sýnar, andmæla og annars konar framsetningar, semsé þeirrar gagnrýnu umræðu sem er frjómagn bókmenntanna sjálfra.

„Hefur alla þá kosti sem prýða mega metsölubók, vel skrifuð, æsileg og dularfull.“ Árni Matthíasson / MORGUNBLAÐIÐ

Prettánda sagan er mögnuð frásögn af fjölskylduleyndarmálum, óvæntu dauðsfalli, eldsvoða, sifjaspellum, ást og geðveiki. Þetta er listilega skrifuð frumraun höfundar, sögð af miklum tilfinningahita og töfrandi frásagnargáfu.





# HELGARTILBOÐ



~~2.499~~  
2.199

Bubbi  
06.06.06



NÝTT

~~2.199~~  
1.999

Nylon  
Nylon



NÝTT

~~2.199~~  
1.999

Selma og Hansa  
Sögur af konum



2CD

~~2.199~~  
1.999

George Michael  
Twenty Five



~~2.199~~  
1.999

Magga Stína  
Magga Stína syngur Megas



~~2.199~~  
1.999

Damien Rice  
9



~~2.199~~  
1.999


Regína Ósk  
Í djúpum dal



NÝTT

~~2.199~~  
1.999

Ragnheiður Gröndal  
Þjóðlög



~~2.199~~  
1.999

Stebbi og Eyfi  
Nokkrar notalegar ábreiður



~~2.199~~  
1.999

Í svörtum fötum  
Orð



~~2.199~~  
1.999

Lay Low  
Please don't hate me



NÝTT  
7 CD/DVD

9.999

Björk  
Dual box set

## ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI





**Nýtt í bíó**

**CASINO ROYALE**

14

...LOKSINS FUNDINN LEIKARI SEM FYLLIR SKARD CONNERY'S. HANN HEFUR MYKT OG HÖRKU, DROTTNANDI ÚTGEISLUN OG ER AMÖTA KARLMANNLEGUR Á VELLI OG SKOTINN."

"BESTA BOND MYNDIN Í ÁRARAÐIR" -V.J.V. TOPPS.IS

**65 ÞÚSUND GESTIR**

**MYRIN**

ERU ÞIÐ TILBÚIN FYRIR EINA FUNDUSTU MYND ALLRA TÍMA?

20% AFSLÁTTUR FYRIR VIÐSKIPTAVINI Í GULLVILD OG PLATINUM GLITNIS, EF GREITT ER MED GREIÐSLUKORTI FRÁ GLITNI

**BYRIN TAKA VOLDIN!**

**SKÓGARSTRÍÐ**

MEÐ ISLENSKU OG ENSKU TALI

**FEARLESS**

LIB, Topp5.is

**DEVIL WEARS PRADA**

7

**MÍÐASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGANN Á [midi.is](http://midi.is)**

SMÁRA BÍÓ	SÍMI 564 0000	REGNBOGINN	SÍMI 551 9000	BORGARBÍÓ	SÍMI 462 3500
CASINO ROYALE	kl. 2, 5, 8 og 11 B.L. 14 ÁRA	CASINO ROYALE	kl. 2.30, 5.30, 8.30 og 11.20 B.L. 14 ÁRA	CASINO ROYALE	kl. 2, 5, 8 og 11 B.L. 14 ÁRA
SÝND Í LÚXUS	kl. 2, 5, 8 og 11	BORAT	kl. 3, 6, 8.30 og 10.30 B.L. 12 ÁRA	SKÓGARSTRÍÐ ISL. TAL	kl. 2 og 4
SKÓGARSTRÍÐ ISL. TAL	kl. 12, 2 og 4	SKÓGARSTRÍÐ ISL. TAL	kl. 3 og 6	BORAT	kl. 10 og 12 B.L. 12 ÁRA
OPEN SEASON ENSKT TAL	kl. 12, 2, 4, 6, 8 og 10	MYRIN	kl. 3, 6, 8.30 og 10.30 B.L. 12 ÁRA	MYRIN	kl. 6 og 8 B.L. 12 ÁRA
BORAT	kl. 6, 8 og 10 B.L. 12 ÁRA	FEARLESS	kl. 10.20 B.L. 16 ÁRA		
MYRIN	kl. 3.30, 5.40, 8. og 10.20 B.L. 12 ÁRA	DEVIL WEARS PRADA	kl. 8		
DRAUGAHÚSID ISL. TAL	kl. 12 og 1.40				

**450 kr. í bíó!**

[midi.is](http://midi.is) [LUXUS.COM](http://LUXUS.COM) [TIX.COM](http://TIX.COM) [BIOS.IS](http://BIOS.IS) - allt á einum stað

Sími 553 2075

LAUGARAS BÍÓ - bara lúxus

**CASINO ROYALE**

14

ALLAR SÖGUR EIGA SÉR UPPHAF

Sýnd kl. 4, 7 og 10-POWERSYNING B.L. 14

Sýnd kl. 2, 6, 8 og 10 B.L. 12

Sýnd kl. 2 ISL. TAL

Sýnd kl. 2 og 4 ISL. TAL

**450 KR. Í BÍÓ**

ÓLDIR Á ALLAR STYNGINGAR MEIKTAR MED RAUÐU

MÍÐASALA OPNAR KL. 1.30

**Vinkjallarinn.is**

Vingerðarefni fyrir kröfuharðal

HERNÚT BOTT

**TILBOÐ Í NÓVEMBER**

ENSÍM ehf. Suðurhvaun 2 210 Garðabær

Sími: 564-4299

**AUGLÝSINGASÍMI**

**550 5000**

**FRÉTTABLAÐIÐ**

## Magnaðir Molar

**TÓNLEIKAR**

**Syurmolararnir**

Laugardalshöll 17. nóvember 2006

★★★★★

Það ríkti mikil eftirvænting í Laugardalshöllinni á föstudagskvöldið. Höllin var vel full og útlendingar áberandi í salnum. Sennilega hafa aldrei fleiri komið til landsins gagnert til þess að fara á tónleika.

Múm var fyrst á sviði. Þessi sjö manna útgáfa af sveitinni tók lög af óútkominni plötu. Tvíburasystemarnar eru báðar hættar, en þrjár stelpur í framflunni settu mikinn svip á sveitina, sérstaklega söng-

konurnar Hildur Guðnadóttir og Mr. Silla. Nýju lögin hljómuðu ágætlega. Tónlistin hefur þróast mikið. Það er kominn meiri kraftur í hana og hún er orðin þjóðlagaskotin.

Rass er skemmtilegt tónleikaband. Þeir byrjuðu bara þrjár órafmagnað, en svo bættust trommuleikarinn og bassaleikarinn í hópinn og sveitin keyrði í gegn um plötuna sína með stuði og látum og endaði á snildarlaginu Andstaða.

Það var dramatísk stund þegar Syurmolararnir tündust inn á sviðið. Þeirra dagskrá hófst með Traitör, upphafslagi fyrstu Sykurmolarplötunnar Life's Too Good. Næst kom Leash Called Love af þriðju plötunni Stick Around For Joy og svo Deus. Sykurmolararnir spiluðu yfirleitt lögin sín með íslenskum textum þegar þeir spiluðu á Íslandi, en núna voru sum lögin á ensku og önnur á íslensku. Deus, Water og Pump voru t.d. á íslensku, en Mama, Cold Sweat og Motorcrash á ensku.

Það rann upp fyrir manni á tónleikunum í Höllinni að þó að Sykurmolararnir hafi verið miklu poppaðri en þær sveitir sem meðlimirnir komu úr, eins og Kukl og Fan Houtens Kókó og þó að sveitin hafi búið til fullkomna poppsmelli eins og Deus, Reginu og Hit, þá var þetta alltaf skrytinn popphljómsveit. Hópur af ólíkum einstaklingum sem hver og einn setti svip á heildarmyndina: Einar Örn ofvirkur út um allt svið að reyna að vera þirrandi og úttala sig um allt sem honum datt í hug. Á föstudags-



**TUTTUGU ÁRUM SEINNA** Björk og Þór Eldon og aðrir Sykurmolar gáfu sig 100 prósent í tónleikana í Höllinni á föstudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

kvöldið var Árni Johnsen honum greinilega ofarlega í huga. Björk hoppandi og dansandi og syngjandi eins og upptendraður engill, Magga hugmyndaríkur hljómborðsleikari, Þór sérstaklega frjór og lunkinn gítarleikari, Bragi traustur á bassanum og Sigtryggur hélt öllu saman með eðal trommuleik.

Tónleikar Sykurmolaranna á föstudagskvöldið fóru svolítið rólega af stað. Sveitin byrjaði á minna þekktu lögum, en um miðbikið tók hún afmælislagið Ammæli og eftir það voru þetta eintómir hittarar; Cold Sweat, Blue Eyed Pop, Motorcrash, Delicious Demon. Þegar því lauk og sveitin hvarf af sviðinu var stemmingin orðin mögnuð.

Útgáfan af Ammæli var reyndar alveg stórkostleg og greinilegt að hlómsveitin hafði æft það lag sérstaklega. Einar Örn lét lítið fara

fyrir sér og Björk gaf sig öll í sönginn. Gæsa húð.

Sveitin var klöppuð upp tvisvar, Fyrst tók hún Hit og magnaða útgáfu af Tekið í takti og trega en svo komu Sykurmolasynirnir Hrafnkell Flóki og Örnólfur Eldon á sviðið ásamt sjálfum Johnny Triumph og stuðslagarinn Luftgítar fékk að hljóma við mikinn fögnuð.

Á heildina lítið voru þetta frábærir tónleikar. Svona endurkomur eru misvel heppnaðar, en það sem gaf þessari svo mikið var hvað hlómsveitin hafði sjálf gaman af þessu. Hún gaf sig 100 prósent í þetta verkefni og gleði hlómsveitarmeðlimanna smitaði salinn. Molararnir spiluðu 21 lag og náðu upp sömu stemningunni í Höllinni núna og þeir náðu á Duus-húsi og Hótel Íslandi fyrir tæpum 20 árum síðan og það verður að teljast mikið afrek!

**Trausti Júlíusson**

**HÁDEGISBÍÓ**

**aðeins 500 kr.**

**BYRIN TAKA VOLDIN!**

**SKÓGARSTRÍÐ**

SÝND KL. 12 með ísl. og ensku tali

HÚSID ER Á LÍFI OG ÞAU ÞURFA AÐ BJARGA HVERFINU!

**DRAUGAHÚSID**

MEÐ STEFILLI HÖLUNN

SÝND KL. 12 með ísl. tali

**SMÁRA BÍÓ**

Á TOPPNUM Í 5 ÁRI

Sími 553 2075

LAUGARAS BÍÓ - bara lúxus

**Ódýrt í bíó**

ATH. SÝND KL. 2

ATH. SÝND KL. 2

ATH. SÝND KL. 2

**450 kr. á 2 sýningar**



**SPARBIÓ 450** kr á allar sýningar merktar með appelsínagala á laugardögum og sannudögum

**ALLAR SÖGUR EIGA SÉR UPPHAF**

.....Loksins fundinn Leikari sem fyllir skarð Connerys. Hann Hefur mykt og Hörku, drottandi útgeislun og er á móta karlmannlegur á velli og skotinn." -SV MBL

**CASINO ROYALE**

Gómsæt og holl teiknimynd fyrir alla fjölskylduna

**Jónas**

**FLYBOYS (FLUGSTRÁKAR)**

Sýnd í DIGITAL

**THE DEPARTED (FRÁFÖLLNU)**

www.haskolabio.is

Ótengt

**FRÁ HÖFUNDI BLADE RUNNER**

**A SCANNER DARKLY (ROFIN PERSÓNUVERND)**

ALLT MUN EKKI VERÐA Í LAGI

Varðveitt líf mitt fyrir ögnum óvinarins

**MYRIN**

KVIKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK

**the last kiss (síðasti kossinn)**

**BÆJARHLAÐIÐ BARNYARD**

**ADRIFT (Á REKI)**

**BÖRN** (Drottningin)

**THE DEPARTED** (FRÁFÖLLNU)

SCANNER DARKLY	kl. 4-6-8-10-10:15	B.1.16	THE DEPARTED	kl. 9	B.1.16
MYRIN	kl. 3-5-7-9-10-15	B.1.12	THE QUEEN	kl. 3-7	B.1.12
FLYBOYS	kl. 3-6-9	B.1.12	BÖRN	kl. 4-6-8	B.1.12

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBIÓN / ÁLFABAKKA	
CASINO ROYALE	kl. 1:30 - 4:30 - 7:30 - 10:30 B.1.14
CASINO ROYALE VIP	kl. 1:30 - 4:30 - 7:30 - 10:30
JÓNAS M/ÍSL TAL.	kl. 1:45 - 4 - 5:45 Leyfð
FLYBOYS	kl. 5:30 - 8 - 10:30 B.1.12
ADRIFT	kl. 5:45 - 8 - 10:10 B.1.12
THE DEPARTED	kl. 7:30 - 10:10 - 10:30 B.1.16
THE LAST KISS	kl. 5:50 - 8 B.1.12
BÆJARHLAÐIÐ	kl. 1:45 - 3:40 Leyfð
JACKASS NUMBER TWO	kl. 4 B.1.12
ÖBYGGÐIRNAR	kl. 1:45 - 3:50 Leyfð
BÍLAR	kl. 1:45 Leyfð

SAMBIÓN / KRINGLUNNI	
THE DEPARTED	kl. 8 - 10:10 B.1.16 DIGITAL
JÓNAS	kl. 2 - 4:15 - 6 Leyfð
ADRIFT	kl. 8 - 10:10 B.1.12
THE LAST KISS	kl. 8 B.1.12
BÆJARHLAÐIÐ	kl. 2 - 4 - 6 Leyfð
MATERIAL GIRLS	kl. 6 Leyfð
THIEF LORD	kl. 4 Leyfð
OVER THE HEDGE	kl. 2 Leyfð

SAMBIÓN / KEFLAVÍK	
CASINO ROYALE	kl. 4 - 7 - 10 B.1.12
OPEN SEASON	kl. 2 - 6 Leyfð
JÓNAS	kl. 2 - 4 Leyfð
BORAT	kl. 8 B.1.12
THE DEPARTED	kl. 10 B.1.16

**SPARBIÓ 450** kr á allar sýningar merktar með appelsínagala á laugardögum og sannudögum

**SPARBIÓ 450** kr á allar sýningar merktar með appelsínagala á laugardögum og sannudögum

**SPARBIÓ 450** kr á allar sýningar merktar með appelsínagala á laugardögum og sannudögum



**BONO OG EDDIE VEDDER** Bono og Eddie Vedder, söngvari Pearl Jam, sungu lagið Rockin in the Free World. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Söng með Pearl Jam

Bono, söngvari U2, og roksveitin Pearl Jam komu óvænt fram saman á tónleikum í Ástralíu sem báru yfirskriftina „Make Poverty History“.

Sungu þeir félagar Bono og Eddie Vedder lag Neil Young, Rockin in the Free World. Að því loknu hvatti Bono áheyrendurna, sem voru fjórtán þúsund, til að útrýma fátækt í heiminum og hvetja stjórnáamenn til að berjast fyrir málefnum. Tónleikarnir voru haldnir á sama tíma og fjármálaráðherrar og bankamenn víðs vegar að úr heiminum hittust í Melbourne til að ræða málin.

## Syngja lög eftir konur

Platan Sögur af konum er komin út. Þar syngja þær Selma og Hansa tólf ný lög eftir íslenskar konur. Selmu og Hönsu langaði til að gera tónlistarkonum á Íslandi hátt undir höfði á þessari plötu og völdu því eingöngu lög og texta eftir konur. Á meðal laga-höfunda eru Ragnhildur Gísladóttir, Margrét Örnólfsdóttir, Védís Hervör og Hera. Textahöfundar eru m.a. Unnur Ösp Stefánsdóttir, Selma Björnsdóttir, Andrea Gylfadóttir og Katrín Jakobsdóttir.



**SELMA BJÖRNSDÓTTIR** Selma og vinkona hennar Jóhanna Vígðís Arnardóttir syngja á plötnu Sögur af konum.

Gísladóttir, Margrét Örnólfsdóttir, Védís Hervör og Hera. Textahöfundar eru m.a. Unnur Ösp Stefánsdóttir, Selma Björnsdóttir, Andrea Gylfadóttir og Katrín Jakobsdóttir.

# Joanna í Undralandi

Það er erfitt að lýsa nýjasta hljóð-ævintýri Joönnu Newsom með orðum. Einhvern tímann frá því að hún gaf út síðustu plötu fyrir tveimur árum hefur hún elt hvítu kanínuna ofan í holuna á trénu sem leiddi Lísu til Undralands og komið sér vel fyrir þar.

Y's (eða Why's, eða „afhverju“ í fjöldatölu á íslensku) er svo stórbrotið verk að það afvopnar mann algjörlega. Joanna hefur þróast svo miklu lengra í tónlistinni en ég þorði að vona. Hér sýnir hún getu sína með því að blanda saman klassískum tónsmíðum við þá þjóðlagatóna sem einkenndu síðustu plötu, og bætir ofan á poppsönglínunum sem Kate Bush myndi drepa fyrir. Platan er

heildarverk, ævintýri í fimm hlutum þar sem ekkert lag er undir sjö mínútum að lengd. Það lengsta er 16 mínútur, hér eru engar málemiðlanir gerðar fyrir tónlistarmarkaðinn. Það undarlegasta af öllu er að maður finnur aldrei fyrir lengd laganna þó að þau hafi aldrei nein augljós viðlög eða endurtekningar. Falletgur hörpuleikur og magnaðar strengjautsetningar Van Dyke Park (sem er líklegast þekktastur fyrir vinnu sína með Brian Wilson og The Beach Boys) eru svo yfirnáttúrulegar að maður er skilinn eftir gapandi eins og smákrakki að horfa á barnaleikrit í Þjóðleikhúsinu.

Joanna hefur líka hlaðið í

kringum sig afbragðs vinnukrafti fyrir þessa plötu. Ekki bara meistara Van Dyke Park, heldur sér sjálfur Steve Albini (sem gerði In Utero með Nirvana og BMX með Ensími) um upptökur og Jim O'Rourke (sem var liðsmaður Sonic Youth um tíma) hljóðblanda. Textarnir eru svo saga, en þó að það fylgi textablað með er nokkuð erfitt að fylgjast með söguþræðinum. Sögupersónur eru faróar, fiðrildi, þrestir, birnir, apar og einhverjar stúlkur sem heita Emily og Ursula.

Allt þetta er svo sungið með söngrodd sem skilur engan eftir ósnortinn. Hef ekki heyrt falletgri tónlist í langan tíma.

Birgir Örn Steinarrson



### TÓNLIST

Y's

Joanna Newsom

★★★★★

Joanna Newsom snýr aftur með fimm laga plötu sem er ekki hægt að nota annað orð yfir en meistaraverk. Stórbrotna verk er ekki að finna hjá nútíma tónlistarmönnum.

**SPARBIÓ\* — 450kr**

Gómsæt og holl teiknimynd fyrir alla fjölskylduna

**JÓNAS, SAGA UM GRÆNMETI M/ÍSL TAL. KL. 1:45 Í ÁLFABAKKA KL. 2 Á AK OG KEF.**

**BÆJARHLAÐIÐ BARNYARD M/ÍSL TAL. KL. 1:45 Í ÁLFABAKKA OG KL. 2 Á AK.**

**ÖBYGGÐIRNAR THE WILD Sýnd með íslensku tali**

**ÖBYGGÐIRNAR M/ÍSL TAL. KL. 1:45 Í ÁLFABAKKA**

**BÍLAR M/ÍSL TAL. KL. 1:45 Í ÁLFABAKKA**

**SparBió\* : 450 KR MIÐAVERÐ Á OFANTALDAR MYNDIR kl: 1:45 og 2 Laugardag og Sunnudag í SAMBIÓUNUM ÁFABAKKA, AKUREYRI OG KEFLAVÍK**

**Nýtt**

**CASINO ROYALE**

1. vinningur!

SENDU SMS JA BOF Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

VINNINGAR ERU: GSM SÍMAR 007 DVD SAFNIÐ BÍOMÍÐAR DVD MYNDIR OG MARGT FLEIRA!

SMS LEIKUR

9 hver vinnur!

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópa vogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.



## > Ragna komst í undanúrslit í Noregi

Badmintonkonan Ragna Ingólfssdóttir komst í undanúrslit á alþjóðlegu badmintonmóti í Noregi. Ragna mætti sænskri stúlku í fyrstu umferð og vann í tveimur lotum. Því næst mætti Ragna stúlku frá Rússlandi sem hún vann einnig í tveimur lotum. Í átta liða úrslitum bar Ragna svo siguroð af annarri sænskri stúlku en í undanúrslitum tapaði Ragna fyrir dönsku stúlkunni Önnu Pedersen. Ragna vann sem kunnugt er alþjóðlegt mót hér heima um síðustu helgi en nú tekur við fri fram yfir áramót.

**spor**  
sp



# 60 MEÐ RAGNHEIÐI RAGNARSDÓTTUR

## SEKÚNDUR

**Sund er ...** skemmtilegt.

**Hver er þín uppáhaldsgrein í sundi?** 100 metra skriðsund.

**Af hverju sund?** Ég byrjaði að æfa út af félagskapnum og hreyfingunni.

**Hvert er þitt markmið?** Að ná eins langt og ég veit að ég get.

**Ef ekki sund, hvað þá?** Eitthvert nám og bara lífið.

**Hvað æfir þú oft í viku?** Ég æfi tólf sinnum í viku.



**Hvað syndir þú u.þ.b. mikið á hverri æfingu?** Fimm til sex kílómetra.

**Hver er þín fyrirmynd?** Á íþróttasviðinu er það Lance Armstrong.

**Uppáhaldsíþróttamaður?** Lance Armstrong.

**Muse eða The Who?** Mew.

**Bold eða Neighbours?** Neighbours, ekki spurning.

**Te eða kaffi?** Hvorugt.

**Hvað viltu fá á pylsuna þína?** Ekkert, bara bera.

Íslenskir sundmenn halda árfam að setja ný met:

## Þrjú Íslandsmet í gær

**SUND** Íslandsmeistaramótið í sundi hélt áfram í gær og það var ekkert lát á Íslandsmetunum. Þrjú Íslandsmet voru sett í gær og eitt drengjamat.

Kolbrún Ýr Kristjánsdóttir úr Sundfélaginu Ægi setti nýtt Íslandsmet í 50 metra flugsundi og Kolbrún var einnig í kvennasveit Ægis sem setti nýtt Íslandsmet í 4 sinnum 50 metra fjórsundi, en með henni í sveitinni voru þær Anja Ríkey Jakobsdóttir, Sif Jóns-

dóttir og Ásbjörg Gústafsdóttir.

Karlasveit IRB setti einnig Íslandsmet í 4 sinnum 50 metra fjórsundi en sveitina skipa þeir Davíð Aðalsteinsson, Guðni Emilsen, Hjalti Oddsson og Birkir Jónsson. Sunddeild Hafnarfjarðar náði þó besta tímanum en í liðinu er einn Serbi og því fékkst tíminn ekki skráður sem Íslandsmet.

Þá bætti Gunnar Örn Arnarsen drengjameitið í 400 metra fjórsundi.

- dsd

## Valsmenn náðu fram hefndum

Valsmenn styrktu stöðu sína á toppi DHL-deildar karla með sigri á Haukum, 30-29, í æsispennandi leik. Sigurmarkið kom þegar nokkrar sekúndur voru eftir.

**HANDBOLTI** Haukar og Valur mættust fyrr í vikunni í bikarkeppinni og þá voru það Haukar sem unnu en í gær náði Valur fram hefndum í stórskemmtilegum og æsispennandi handboltaleik. Með þessum sigri styrkti Valur stöðu sína í efsta sæti DHL-deildarinnar og er liðið nú með þriggja stiga forskot á HK sem á þó leik inni.

„Þetta var stórglæsilegt. Við vorum að keppa gegn sterku liði Hauka sem hefur marga frábæra leikmenn í sínum röðum. Ef þeir hefðu náð að sigra þennan leik væru bara fjögur stig á milli þessara liða, þetta er svo jafnt allt saman og stutt milli liðanna þegar þau eru svona fá,“ sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, eftir leikinn í gær.

Haukar voru einu marki yfir en þegar tæp ein og hálf mínúta var eftir af leiknum skoraði Arnór Gunnarsson úr hægri horninu og jafnaði fyrir Val í 29-29. Andri Stefán skaut framhjá í næstu sókn og Valsmenn fengu því boltann þegar um tuttugu sekúndur voru eftir af leiknum. Aftur var það Arnór sem fékk boltann í horninu og hann gerði allt rétt og skoraði sigurmarkið 30-29 þegar órfáar sekúndur voru eftir. Valsmenn fögnuðu gífurlega enda leit fátt út fyrir að þeir næðu að innbyrða bæði stigin þegar lítið var eftir.

Valsmenn byrjuðu talsvert betur í leiknum í gær og komust 10-6 yfir en þá náðu Haukar upp frábærum leikkafla og komust yfir 13-11. „Árni Þór var funneitur og Haukar spiluðu gríðarlega fast í vörninni og við áttum í miklum



**HRAUSTLEGA TEKIST Á** Varnarmenn Hauka taka hér hraustlega á Fannari Friðgeirsyni, leikmanni Vals.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

vandræðum með þá. Þetta hefur verið mjög sálrænt hjá okkur hve illa hefur gengið gegn Haukum í gegnum tíðina. Í einhverjum sextán leikjum á Ásvöllum höfum við tapað þrettan á síðustu árum,“ sagði Óskar Bjarni.

Staðan var jöfn, 13-13, í hálfleik en Haukar skoruðu tvö fyrstu mörk seinni hálfleiksins. Mikið jafnræði var með liðunum á síðasta stundarfjórðungi leiksins og þau skiptust á að skora. Það voru þó Valsmenn sem höfðu heppnina með sér á endanum en jafntefli hefðu líklega verið sanngjörn

úrslit. Mikil harka var í leiknum en Anton og Hlynur hafa oft dæmt betur en þeir gerðu í gær.

Árni var bestur í liði Hauka sem eru í miklu basli í deildinni. Þeir hafa aðeins unnið einn af sjö leikjum sínum og hafa fjögur tap. Valsmenn eru hins vegar á toppi deildarinnar. „Nú er fyrstu umferðinni lokið og næsti leikur okkar er gegn Akureyri á útivelli. Akureyri hefur spilað mjög vel á tímabilinu og það verður erfitt en skemmtilegt verkefni að reyna að sækja tvö stig þangað,“ sagði Óskar að lokum.

- egm

**Fjölnir – ÍR**  
í dag kl. 19:15

Grafarvogsbúar og aðrir Fjölnismenn!  
Stórleikur í kvöld! Mætum öll í Íþróttamiðstöðina við Dalhús og hvetjum okkar menn til sigurs. Við þurfum ykkar stuðning!

Iceland Express  
»deildin

gegn

**Sunnudaginn 19. nóv.**  
kl. 19.15 í DHL höllinni

Sýnum stuðning í verki og hvetjum strákana til sigurs gegn Íslandsmeisturum Njarðvíkur.

Toppslagur af bestu gerð og frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna

**Þú mátt ekki missa af þessu!**

Pylsa og Kók fylgir hverjum miða!

Bæjarins bestu pylsur

Haukar áttu ekki í erfiðleikum með nágranna sína í FH í DHL-deild kvenna í gær:

## Haukar betri á öllum sviðum

**HANDBOLTI** „Það er einfaldlega töluverður getumunur á þessum liðum. FH hefur verið að missa leikmenn, tvær sem hafa skipt um félag og aðrar tvær sem eru meiddar. Þær mega ekki við því og það kom bersýnilega í ljós í þessum leik,“ sagði Einar Jónsson, þjálfari Haukastúlkna, eftir að hans lið vann öruggan tíu marka sigur gegn FH á heimavelli í Hafnarfjarðarslag í DHL-deild kvenna í gær.

„Landsliðsmarkvörðurinn í fótbolta var að draga vagninn hjá þeim allan leikinn. Styrkur FH felst í henni og hún er sterk í vörninni en liðið vantar klárlega meiri breidd. Hins vegar er þetta mikilvægur sigur hjá okkur og við verðum að klára svona leiki til að vera með í slagnum þarna uppi. Það er þó ljóst að við þurfum líka að fara að vinna eitthvað af þessum liðum sem eru í þessum pakka, við höfum tapað fyrir þeim öllum þremur. Nú kemur langt frí og ég held að mitt lið muni mæta ferskt eftir áramót,“ sagði Einar.

Leikurinn í gær var eiginlega aldrei spennandi, Haukastúlkur náðu snemma góðri forystu og



**KOMIN Í GEGN** Sigrún Brynjúlfssdóttir, leikmaður Hauka, er hér komin í gegnum vörn FH í leiknum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

höfðu leikinn í hendi sér allan tímann eftir það. Þær léku leikinn af miklu öryggi og enginn einn leikmaður sem stóð upp úr heldur var liðið mjög jafnt. Staðan var 15-12 í hálfleik og í seinni hálfleik juku Haukastúlkur forskot sitt og unnu 33-23.

Eins og Einar sagði átti Þóra B. Helgadóttir mjög góðan leik í liði

FH en hún var besti leikmaður liðsins ásamt Ástu Björk Ragnarsdóttur sem skoraði tíu mörk. FH er aðeins með þrjú stig í næstneðsta sæti eftir tíu fyrstu leikina en Haukar halda áfram að elta efstu lið og hafa hlotið tólf stig. Eftir leikina í dag verður síðan gert hlé á deildarkeppinni þar til í byrjun janúar.

- egm



## HANDBOLTI

## DHL-deild karla:

HAUKAR-VALUR XX-XX  
**Mörk Hauka:** Árni Þór Sigtryggsson 9 (16), Guðmundur Pedersen 7/5 (7/5), Andri Stefan 5 (12), Kári Kristján Kristjánsson 3 (5), Samúel Ívar Arnason 2 (2), Gísli Jón Þórisson 2 (5), Sigurbergur Sveinsson 1 (2).  
**Varin skot:** Magnús Sigmundsson 13.  
**Mörk úr hraðaupphlaupum:** 1 (Samúel).  
**Fiskuð viti:** 5 (Kári 4, Andri).  
**Utan vallar:** 8 mínútur.

**Mörk Vals:** Markús Máni Michaelson 7 (14), Arnór Gunnarsson 6 (8), Baldvín Þorsteinsson 5/2 (6/2), Sigurður Eggertsson 3 (3), Hjalti Þór Pálmason 3 (4), Ernir Hrafn Arnarson 3 (6), Fannar Freidigeirsson 2 (3), Ingvar Arnason 2 (4).  
**Varin skot:** Pálmar Pétursson 15, Ólafur Gíslason 4.  
**Mörk úr hraðaupphlaupum:** 3 (Arnór 2, Markús).  
**Fiskuð viti:** 2 (Fannar, Ingvar).  
**Utan vallar:** 6 mínútur.

## DHL-deild kvenna

HAUKAR-FH (15-12) 33-23  
**Mörk Hauka:** Ramune Pekarskyte 9/1, Hanna G. Stefánsdóttir 7/2, Harpa Melsted 6, Sandra Stojkovic 5, Nina K. Björnsdóttir 4, Herdís Hallsdóttir 1, Erna Þráinsdóttir 1.  
**Varin skot:** Bryndís G. Jónsdóttir 13/1, Helga Torfadóttir 2.

**Mörk FH:** Ásta Björk Ragnarsdóttir 10/3, Þóra B. Helgadóttir 5, Hildur Þorgeirsdóttir 4, Linn Mangset 2, Andrea Olsen 2.  
**Varin skot:** Laima Miliauskaitė 12.

GRÓTTA-FRAM (11-10) 25-19  
**Mörk Gróttu:** Natasha Damiljanovich 7 (12), Arnadis Erlingsdóttir 6 (7), Kristín Þórðardóttir 5 (5), Eva Kristinsdóttir 3 (8/1), Ragna Sigurðardóttir 2 (3), Sandra Paegle 2 (6).  
**Varin skot:** Íris Simonardóttir 17.  
**Mörk úr hraðaupphlaupum:** 10 (Arnadis 3, Kristín 3, Natasha 3, Eva).  
**Fiskuð viti:** 1 (Natasha).  
**Utan vallar:** 8 mínútur.

**Mörk Fram:** Ásta Gunnarsdóttir 6/4 (12/5), Hekla Daðadóttir 6 (15), Hildur Knútsdóttir 2 (4), Guðrún Halldórsdóttir 2 (4), Þórey Stefánsdóttir 1 (2), Eva Harðardóttir 1 (2), Karen Knútsdóttir 1 (4).  
**Varin skot:** Kristína Matuzevicte 13.  
**Mörk úr hraðaupphlaupum:** 1 (Eva).  
**Fiskuð viti:** 5 (Eva 2, Ásta, Hekla, Hildur).  
**Utan vallar:** 6 mínútur.



ROGER FEDERER Vann góðan sigur á Nadal í undanúrslitum stórmeistarans í Shanghai í gær.

Blaðið The Independent fullyrðir að Eggert Magnússon og félagar hans séu búnir að kaupa West Ham:

## Eggert mun ganga frá kaupunum á morgun

**FÓTBOLTI** Breska blaðið The Independent fullyrði í gær að Eggert Magnússon og félagar hans séu búnir að tryggja sér kaupin á enska úrvalsdeildarliðinu West Ham. Blaðið segir að kaupin munu verða frágengin á morgun en talið er að félagið kosti 75 milljónir punda auk þess sem að fjárfestarnir munu yfirtaka skuldir félagsins sem nema um 23 milljónum punda. Heildarverðið er því um 98 milljónir punda eða rétt tæpir 13 milljarðar íslenskra króna.

The Independent segir jafnframt að Alan Pardew muni halda sæti sínu sem framkvæmdastjóri liðsins og að fé muni vera til staðar

til leikmannakaupa í janúar. Yfirtaka Eggerts og féлага er jafnframt talin binda enda á dvöl Argentínumannanna Carlosar Tevez og Javier Mascherano hjá félaginu.

Drétt fyrir að þeir Tevez og Mascherano hafi skrifað undir langtímasamninga við West Ham þá mun þeim að öllum líkindum vera frjálst að yfirgefa félagið en maðurinn sem fékk þá til liðsins er Kia Joorabchian sem var í baráttu við Eggert Magnússon um kaupin á West Ham. Joorabchian á í rauninni samninga leikmannanna tveggja og auk þess er talið að hagsmunum West Ham sé best borgið með því að láta þá fara.

- dsd



EGGERT MAGNÚSSON The Independent heldur því fram að Eggert Magnússon muni á morgun setjast í sæti stjórnarformanns hjá West Ham. FRÉTTABLAÐIÐ/E.Ó.L.

## Engar tapaðar kvittanir



## Kvittun í tölvupósti

Nú er hægt að tengja Dælulykilinn við netfang þannig að um klukkustund eftir dælingu kemur sjálfkrafa pdf- kvittun með tölvupósti.

Skráning í síma: 591-3100

RSK  
 SAMÞYKKT

ATLANTSOLIA

Atlantsolia - Vesturvör 29 - Sími 591 3100 - atlantsolia@atlantsolia.is

PPAR • SÍA • 60706

## ÞETTA FÓLK Á SKILHÆÐ AÐ ÞJÁST

SEX FRÆGIR EINSTAKLINGAR  
 BROTNIR NIÐUR OG  
 BYGGÐIR UPP AFTUR

FRÆGIR Í FORM

Sex frægir einstaklingar hafa samþykkt að gangast undir stranga meðferð sem breytt getur lífi þeirra til framtíðar. Komast þeir heilir í gegnum dagskrána sem bíður þeirra í einangrunarbúðunum í Sólheimum í Grímsnesi?

Í KVÖLD KL. 20.30

SKJÁREINN næst í gegnum Skjáinn og Digital Island



BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON

SUNNUGAGSVIÐTALIÐ

# Missti aldrei trúna á sjálfum mér

Birgir Leifur Hafþórsson yfirseig mikla hindrun er honum tókst að vinna sér þátttökurétt á Evrópumótaröðinni næsta árið á lokaúrtökumótinu sem fór fram á Spáni í vikunni. Var það tíunda tilraun hans til að komast inn á þessa sterku mótaröð og nú er markmiðinu loksins náð. *Eiríkur Stefán Ásgeirsson* ræddi við hann af þessu tilefni.

**B**irgir Leifur Hafþórsson braut blað í íþróttasögu landsins er hann varð fyrsti karlkylfingur landsins til að tryggja sér þátttökurétt á Evrópumótaröðinni í golfi. Það gerði hann í vikunni með því að lenda meðal þrjátíu efstu á þriðja og lokastigi úrtökumótaröðarinnar. Alls hófu á nú hundrað keppendur leik í þessu ferli og því mikið afrek að komast í hóp efstu manna.

Þetta var þó ekki fyrsta tilraun Birgis Leifs við úrtökumótin en hann hefur undanfarinn áratuginn tekið þátt í þessum mótum. Í sumar keppti hann á Áskorendamótaröðinni og varð þar í 85. sæti á tekjulistanum. Það gefur augaleið að sú mótaröð sem hann tekur þátt í næsta sumar verður enn erfiðari en hann er hvergi banginn og stefnir hátt í hverju móti.

„Ég var nokkuð viss um að þetta væri komið þegar síðasta púttíð datt hjá mér. Það var gróðarlega ánægjuleg tilfinning,“ sagði hann við Fréttablaðið. Lokahringurinn hans var lýsandi fyrir Birgir Leif, mikið um hæðir og lægðir og allt afar dramatískt. Á endanum var það fugl á 16. braut sem gerði útslagið.

„Ég ætlaði mér alltaf áfram og eftir næstsíðasta keppnisdaginn æfði ég til að mynda í tvo og hálfan tíma eftir að ég kláraði hringinn. Ég gerði mér góða grein fyrir því að tækifærið væri núna og ég þyrfti að nýta það. Ég varð að treysta því sem ég var að gera enda tuðaði ég í sjálfum mér allan þennan tíma um að hafa trú á sjálfum mér.“

## Runnu saman í eitt

Þegar niðurstaðan varð ljós segir Birgir Leifur að ákveðið spennufall hafi átt sér stað. „Ég svaf ágætlega í nótt en það var reyndar svolítið skrítn tilfinning sem gerði vart við sig. Síðustu holurnar runnu saman í huganum og fór ég yfir þær aftur og aftur. En þetta var afar notaleg tilfinning og virkilega gaman. Þetta er vitanlega langþráð markmið og draumur sem nú er orðinn að veruleika að vera kominn inn á mótaröðina. Það mun sjálfsagt líða einhver tími þar til maður áttar sig fyllilega á þessu.“

## Þetta mót er engu öðru líkt

Margir sterkir kylfingar tóku þátt í mótinu á Spáni, til að mynda kylfingar sem hafa keppt í Ryder Cup-keppninni og unnið sterk mót beggja vegna Atlantshafsins. „Margir þeirra segja að þetta mót sé engu líkt enda sé svo ótrúlega mikið í húfi.“

Birgir Leifur fór ekki varhluta af því en allan síðasta keppnisdaginn leit lengst af út fyrir að þetta ætlaði ekki að hafast í þetta sinn. Sér í lagi þegar hann fékk skolla á 15. braut og skaut sér þar með úr hópi þeirra þrjátíu efstu.

„Það fyrsta og eina sem ég hugsaði á þeim tímamarki var að ég yrði bara að fá fugl. Ég bara hreinlega ætlaði mér að fá „birdie“. Kannski hér áður fyrr hefði maður farið að svekkja sig á því að maður myndi missa af þessu enn eitt árið en munurinn er nú sá að ég hef unnið mikið í því að temja mér jákvætt viðhorf og halda mér í núinu. Það verður bara að gleymast það sem er búið og gert enda ekki hægt að breyta því.“

Sem fyrr segir hefur Birgir

Leifur margoft keppt á álfka mótum og segir hann að það sé aldrei hægt að venjast spennunni fyllilega. „Aðalmálið er að læra inn á sjálfan þig. Í golfinu er maður fyrst og fremst að slást við sjálfan sig og sínar hugsanir. Það er mikill dauður tími á milli högga og þá getur ýmislegt skotist upp í hugann eftir léleg högg. Það er því mikilvægt að bregðast rétt við og það lærir með reynslunni.“

Hann segir að draumur sinn um að komast á stóra mótaröð eigi rætur sínar að rekja langt aftur í tímann. „Ég man þegar ég var fimmtán ára gamall að horfa á Ryder Cup-keppnina á Belfryvellinum í sjónvarpi. Þá fór ég fyrst að láta mig dreyma um þetta. En svo varð þetta að hluta til að veruleika árið 1997 þegar ég gerðist atvinnumaður í golfi. Þá var stofnað hlutafélag í kringum þetta ævintýri og þá byrjaði ballið.“

## Tók skrefið til fulls

Hann hefur þó unnið ýmsar aðra vinnu samhliða golfinu á þessum tíma. „Það er óhætt að segja að það hefur gengið á ýmsu þessi ár. En með því að flytja hingað út tók ég skrefið til fulls og ákvað að hella mér af fullum krafti í þetta. Ég gerði það líka mín fyrstu ár í þessu en þá vissi ég ef til vill ekki alveg út í hvað ég væri að fara. En ætli reynslan sé ekki að skila sínu núna.“

Birgir Leifur er þrítugur og segir sjálfur að hann telji sig geta bætt sig enn frekar. „Margir segja að kylfingar eiga sín bestu ár eftir þrítugsaldurinn og komist á það sem er stundum kallað skynsömu árin. Ég tel mig í dag vera miklu betri en ég var fyrir þremur árum enda tók ég ákvörðun þá um að kúvenda mínum leik. Ég sá að ég var ekki alveg nógu góður og þyrfti að vinna vel í mínum leik. Ég er að uppskera það í dag.“

Aðspurður segist hann aldrei hafa misst trúna á sjálfum sér. „Annars væri ég ekki í þessu. Það er svo einfalt. Ég hef alla tíð haft trú á því að ég eigi heima í þessum hópi og gæti komið mér í hann. Annars væri ég löngu hættur. Og nú þegar þetta er loksins komið er það afar sæt og góð tilfinning að fá staðfestingu á því.“



MARKMIÐINU NÁÐ Birgir Leifur Hafþórsson verður fyrstur íslenskra karlkylfinga til að keppa á Evrópumótaröðinni í golfi og er það án efa mesti árangur íslensks kylfings frá upphafi.

NORDICP PHOTOS/GETTY

Eiginkona Birgis Leifs, Elísabet Halldórsdóttir, er honum til halds og trausts:

## Gat ekki borðað síðustu tvo keppnisdagana

Eiginkona Birgis Leifs Hafþórssonar heitir Elísabet Halldórsdóttir og hefur stutt dyggilega við sinn mann. Í ófá skipti hefur hún dregið kylfurnar fyrir hann á mótum en fyrst og fremst sýnt honum þann andlega stuðning sem hann þarf.

„Þegar illa gengur reyni ég að skipta um umræðuefni og tala um eitt-hvað skemmtilegra. Það fylgir þessari íþrótt mikil sálfræði og þarf ég að

passa mig á öllu sem ég segi. Stundum hef ég misst eitthvað út úr mér sem hefur verið algerlega út í hött. En hann fyrirgefur mér það fljótt. Þetta getur stundum verið flókið en það hefur tekið mig átta ár að læra almennilega inn á þetta,“ segir hún og hlær.

Birgir Leifur og Elísabet búa í Lúxemborg með tveimur börnum

sínum, Inga Rúnari (6 ára) og Birgittu Sóleyju (2ja ára). Þau ákváðu að hella sér af fullum krafti í golfið og flytja til meginlandsins þar sem Birgir Leifur gæti einbeitt sér að íþrótt sinni af fullum krafti. „Í upphafi ákváðum við að gefa okkur þrjú ár í þetta og er það frábært að ná þessum árangri strax á fyrsta árinu. Það segir mikið um hversu vel okkur líður hér úti. Hér fáum við mikinn og góðan stuðning, sér í lagi frá KB banka þar sem við höfum kynnst mörgu góðu fólki. Það er mikilvægt upp á fjölskyldulífið að gera og hefur hjálpað okkur mikið,“ sagði Elísabet en KB banki er helsti styrktaraðili Birgis Leifs.

Elísabet hefur sem fyrr segir fylgt Birgi Leifi á nokkur mót og í önnur skipti farið bara um helgar. Hún segir það hjálpa Birgi Leifi mikið að fjölskyldan sé skammt

undan. „Oft þegar illa gengur er nóg að krakkarnir tali við þabba sinn í símann og þá lifnar fljótt yfir honum aftur. Sjálf hef ég alltaf verið róleg yfir þessu stressi sem fylgir íþróttinni og sér í lagi síðustu ár. Ég neita því þó ekki að þessa síðustu tvo daga á mótinu í vikunni átti ég mjög erfitt með sjálfa mig. Ég gat ekkert borðað og þráðurinn var orðinn mjög stuttur á tímabili.“

Hún býst við þó nokkrum breytingum á næsta keppnistímabili þar sem Birgir Leifur mun fyrst og fremst keppa á mótum á Evrópumótaröðinni. „Öll aðstaða á þessum mótum er mun betri en á Áskorendamótunum. Það verður auðveldara fyrir okkur að fara með þar sem það er beinlínis gert ráð fyrir börnum á þessari mótaröð. Þá hittast eiginkonur kylfinganna mikið auk þess sem allt skipulag er einfaldlega mun betra.“ - esá





## ÚRSLIT Í GÆR

## Enska úrvalsdeildin:

ARSENAL - NEWCASTLE	1-1
0-1 Kieron Dyer (30.), 1-1 Thierry Henry (70.).	
CHELSEA - WEST HAM	1-0
1-0 Geremi Njitap (22.).	
EVERTON - BOLTON	1-0
1-0 Mikel Arteta (60.).	
MANCHESTER CITY - FULHAM	3-1
1-0 Bernardo Corradi (12.), 2-0 Bernardo Corradi (32.), 3-0 Joey Barton (48.), 3-1 Collins John (62.).	
PORTSMOUTH - WATFORD	2-1
0-1 Jay Demerit (32.), 1-1 Nwankwo Kanu (44.), 2-1 Lomana Lua-Lua (89.).	
READING - CHARLTON	2-0
1-0 Seol Ki-Hyeon (18.), 2-0 Kevin Doyle (72.).	
SHEFFIELD UNITED - MAN. UNITED	1-2
1-0 Keith Gillespie (13.), 1-1 Wayne Rooney (30.), 1-2 Wayne Rooney (75.).	
MIDDLESBROUGH - LIVERPOOL	0-0

## STADAN:

MAN. UNITED	13	11	1	1	29-6	34
CHELSEA	13	10	1	2	23-7	31
PORTSMOUTH	13	7	2	4	19-11	23
ARSENAL	12	6	4	2	20-7	22
ASTON VILLA	12	5	6	1	15-9	21
BOLTON	13	6	3	4	12-12	21
EVERTON	13	5	5	3	17-11	20
READING	13	6	1	6	15-18	19
LIVERPOOL	13	5	3	5	14-15	18
WIGAN	11	5	2	4	16-13	17
FULHAM	13	4	5	4	14-19	17
MAN CITY	13	4	4	5	10-15	16
TOTTENHAM	12	4	3	5	9-14	15
MIDDLESBR.	13	4	3	6	10-16	15
BLACKBURN	12	3	3	6	10-16	12
WEST HAM	13	3	2	8	9-16	11
NEWCASTLE	13	2	4	7	8-15	10
SHEFF. UNITED	13	2	4	7	8-18	10
WATFORD	13	1	6	6	10-19	9
CHARLTON	13	2	2	9	9-20	8

## Þýska úrvalsdeildin:

NÜRNBERG - BAYER LEVERKUSEN	3-2
AACHEN - WERDER BREMEN	2-2
BAYERN MÜNCHEN - VfB STUTTGART	2-1
BORUSSIA DORTMUND - HERTHA BSC	1-2
ENERGIE COTTBUS - SCHALKE 04	2-4
MAINZ-HAMBURG	0-0

## STADA EFSTU LIÐA:

SCHALKE 04	13	8	2	3	23-15	26
W. BREMEN	13	7	3	3	33-18	24
STUTTGART	13	7	3	3	26-19	24

## Man. Utd og Chelsea að stinga af

Manchester United heldur þriggja stiga forystu sinni í ensku úrvalsdeildinni. Chelsea vann einnig en Arsenal gerði aðeins jafntefli gegn Newcastle.

**FÓTBOLTI** „Þetta var erfiður leikur, þeir skoruðu snemma og reyndu allt til að hanga á því marki. Við náðum samt að skapa fjölda færa og það var mjög mikilvægt að ná jöfnunarmarkinu fyrir hálfleik. Það gaf liðinu auknið sjálfstraust og að mínu mati spiluðum við vel og hefðum átt að skora fleiri mörk,“ sagði Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, eftir að hans menn unnu Sheffield United 2-1 á útivelli og halda því þriggja stiga forskoti á toppi deildarinnar.

Sheffield United komst yfir en Wayne Rooney var í banastuði og skoraði tvö mörk fyrir Manchester United, sigurmarkið þegar stundarfjórðungur var eftir af leiknum. „Hann var alveg frábær, klárlega leikmaður í hæsta gæðaflokki,“ sagði Ferguson. Cristiano Ronaldo skaut í þverslána og misnotaði sannkallað dauðafæri til að skora þriðja mark United í leiknum. Chelsea er í öðru sæti en tvö efstu liðin mætast einmitt um næstu helgi. Í gær vann Chelsea heimasigur á West Ham 1-0 en það var Geremi af öllum mönnum sem skoraði eina mark leiksins, hans fyrsta mark í eitt ár.

„Þetta var ásætlanleg frammi- staða vegna þess að við vorum að leika gegn mjög góðu liði. Ef maður sér þau gæði sem leikmenn liðsins og knattspyrnustjóri búa yfir þá tel ég það ekki eiga skilið að vera á þessum stað í deildinni. Við misnotuðum færi til að gera út um leikinn en á heildina séð þá réðum við ferðinni og eigum þessi þrjú stig skilinn. Geremi stóð sig vel og hann er alltaf að skora svona mörk á æfingum,“ sagði José Mourinho,



WAYNE ROONEY Er búinn að finna skotskóna sína en hann skoraði bæði mörk Manchester United í sigri á Sheffield United.

stjóri Chelsea. Alan Pardew, stjóri West Ham, sagði eftir leikinn að Chelsea væri klárlega eitt besta varnarlið Evrópu í dag.

Arsenal er nú nýu stigum á eftir Chelsea en í gær gerði liðið aðeins 1-1 jafntefli gegn Newcastle. Kieron Dyer sneri aftur eftir sjö mánaða fjarveru vegna meiðsla og kom Newcastle yfir eftir hálf tíma leik en Thierry Henry jafnaði beint úr auka- spyrnu þegar tuttugu mínútur voru til leiksloka. „Dyer var frábær og sama má segja um Shay Given í markinu sem kom í lið

okkar eftir meiðslu. Við höfðum trú á því að við gætum náð góðum úrslitum í þessum leik og það varð staðreyndin. Við vörðumst vel og ég er ánægður,“ sagði Roeder.

Ófarir Liverpool halda áfram en liðið gerði markalaust jafntefli gegn Middlesbrough í tilþrífaltil- um leik í gær. Liverpool hefur aðeins fengið tvö stig úr sjö úti- leikjum sínum á tímabilinu og aðeins skorað eitt mark í þeim leikjum en það kom úr vítaspyrnu gegn Sheffield United.

elvargeir@frettabladid.is



BESTUR Í EVRÓPU Fabio Cannavaro hefur átt frábært ár í boltanum.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Besti leikmaður Evrópu:

## Cannavaro fær verðlaunin

**FÓTBOLTI** Fabio Cannavaro, fyrir- liði ítalska landsliðsins, hefur verið valinn besti knattspyrnu- maður Evrópu 2007 en það er tímaritið France Football sem stendur fyrir kjörinu. Cannavaro leiddi Ítalíu til sigurs á heims- meistaramótinu sem fram fór í Þýskalandi í sumar en hann lék frábærlega á mótinu. Hann er nú leikmaður hjá spænska stórliðinu Real Madrid en það var forseti félagsins, Ramon Calderon, sem ljóstraði því upp í gær að Cannavaro hefði unnið verðlaunin. Það verður þó ekki tilkynnt opinberlega fyrr en 27. nóvember.

Cannavaro er 33 ára en hann er einn fárra varnarmanna sem hafa unnið þessi verðlaun. Hann er fjórði ítalski knattspyrnumaðurinn sem hlýtur titilinn en áður voru það Gianni Rivera, Paolo Rossi og Roberto Baggio sem valdir voru bestu knattspyrnu- menn Evrópu. Ronaldinho hlaut verðlaunin í fyrra.

- egm

## Viðskiptahugbúnaður sem vex með þér!

Nú býðst þér einstakt tækifæri til að eignast viðskiptahugbúnað sem getur vaxið með þér og þínu fyrirtæki!

Fullkominn viðskiptahugbúnaður fyrir aðeins **123.210 kr.\*** Tilboðið gildir til 21. des.

Við hjá Landsteinum Streng höfum mikla reynslu af sölu, þjónustu og þróun viðskiptahugbúnaðar fyrir íslenskan markað. Nú höfum við sett saman tilboð sem er sérsníðið að þörfum minni fyrirtækja og tryggir þér viðskiptahugbúnað sem getur vaxið með fyrirtækinu án nokkurra takmarkana.

Tilboðið samanstendur af nokkrum grunneiningum úr Microsoft Dynamics NAV og uppfyllir allar helstu þarfir hvaða fyrirtækis sem er. Þessar einingar eru:

Fjárhagsbókhald

Birgðabókhald

Sölureikningar

Forðabókhald

Bankareikningar

Eignakerfi

Viðskiptamanna- og sölubókhald

Starfsmannahald

Lánardrottna- og innkaupakerfi

Tengslastjórnun (CRM)

Með þessum grunneiningum er þér tryggður viðskiptahugbúnaður sem hentar sérstaklega vel minni fyrirtækjum sem þurfa að halda utan um viðskipti sín á auðveldan en skipulagðan hátt. Við þennan grunn er síðan hægt að bæta fjölda sérkerfa eftir þörfum.

Þeim sem nýta sér þetta sérstaka tilboð býðst 50% afsláttur af Innheimtakerfi, Launabókhaldi og Tollakerfi.

Tryggðu þér traustan grunn og hafðu samband við söludeild okkar í síma 550 9000. Tilboðið stendur til 21. desember.

50% afsláttur af Tollakerfi Launabókhaldi Innheimtakerfi

Microsoft Business Solutions Global ISV Partner of the Year 2005

Lausnir frá Landsteinum Streng eru notaðar í fleiri en 11.600 verslunum með yfir 28.000 afgreiðslukössum víðsvegar um heim. Meðal ánægðra viðskiptavina má nefna: IKEA, Adidas, Debenhams, Pizza Hut, Booths stórmarkaðina, Alliance Pharmacy og Concept Sports International (EM 2004, ÓL í Aþenu árið 2004).



Landsteinar Strengur

Ármúla 7 - 108 Reykjavík - Sími 550 9000 - www.ls.is

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

\*Verð er án vsk. og völbúnaðar. \*\*Gildir fyrir fyrirtæki með allt að fimm samtalanotendum.





ÍSLANDSMEISTARAR VALS Valsstúlkur hefja titilvörn sína á heimavelli gegn Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Formannafundur KSÍ var haldinn í gær þar sem niðurröðun leikja var ákveðin:

## FH mætir ÍA í fyrstu umferð

**FÓTBOLTI** Í gær fór fram formannafundur KSÍ þar sem allir formenn aðildarfélaganna KSÍ voru velkomnir. Meðal þess sem rætt var á fundinum voru tillögur KSÍ um breytingu á Íslandsmótinu í knattspyrnu sem eiga að taka gildi árið 2010.

Í stórum dráttum felur tillagan í sér þær breytingar að leiknar verða þrjár umferðir og tímabilið því lengt í báða enda. Engin niðurstaða var ákveðin á þessum fundi enda þarf að kjósa um þessar breytingar á þingi KSÍ sem fram fer í febrúar á næsta ári. Ljóst er þó eftir þennan fund að umræðan er komin af stað en það eru skipt-

ar skoðanir á þessum breytingum hjá formönnum félaganna sem nú eru í Landsbankadeildinni.

Einnig var leikjaniðurröðun næsta tímabils ákveðin bæði í Landsbankadeild karla og kvenna. Það er margir athyglisverðir leikir á dagskrá og má þar nefna að hjá körlunum fara Íslandsmeistarar FH uppá skaga og mæta ÍA í fyrstu umferð deildarinnar og Reykjavíkur félagin Valur og Fram mætast á Hlíðarenda þar sem Helgi Sigurðsson mætir sínum gömlu félagum. Liðin sem mættust í bikarúrslitum í haust, KR og Keflavík, mætast á heimavelli KR-inga í fyrstu umferðinni.

Íslandsmeistarar Vals í kvennaflokki hefja titilvörn sína á heimavelli gegn Keflavíkum og nýliðar ÍR fá Breiðablik í heimsókn í Breiðholtið.

### FYRSTA UMFERÐ - KARLA:

KR - KEFLAVÍK

BREIÐABLIK - FYLKIR

VALUR - FRAM

VÍKINGUR - HK

ÍA - FH

### FYRSTA UMFERÐ - KONUR:

FJÖLNIR - KR

ÍR - BREIÐABLIK

VALUR - KEFLAVÍK

STJARNAN - FYLKIR

Barcelona:

## Motta fékk bannið ógilt

**FÓTBOLTI** Nú er ljóst að Thiago Motta, miðjumaður og félagi Eids Smára hjá Barcelona, getur leikið með liðinu gegn Real Mallorca í dag eftir að aganefnd spænska knattspyrnusambandsins dró eins leiks bann leikmannsins til baka.

Motta fékk eins leiks bann fyrir rauða spjaldið sem hann hlaut í leik Barcelona og Real Zaragoza um síðustu helgi. Motta fékk rautt spjald fyrir litlar sakir, en hönd Motta rétt kom við bringuna á Diego Milito sem féll í völinn og hélt um andlit sér.

- dsd

**EINGÖNGU SÝND MED ÍSLENSKU TALI!**

Vinningar verða afhugið hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn í SMS klúbb 99 kr/skeytið.

**SENDU SMS SKEYTIÐ JA VTF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!**  
Vinningar eru bíómíðar, tölvuleikir DVD myndir og margt fleira

**SAMBIÓN**

## Gróttta hafði betur gegn Fram

Gróttustúlkur höfðu betur gegn Fram í góðum handboltaleik í gær. Fram lék vel í fyrri hálfleik og náði ekki að halda út og því fóru heimamenn með sigur.

**HANDBOLTI** Gróttta tók í gær á móti Fram í DHL-deild kvenna í handbolta. Fyrir leikinn var Gróttta talið sigurstranglegra enda liðið í öðru sæti deildarinnar og líklegt til að berjast um sigurinn í deildinni í vetur. Fram veitti þó heimaöllum harða keppni og stóð vel í Gróttu í fyrri hálfleik. Það dugði þó ekki til því lokatölur urðu 25-19, Gróttu í vil.

Leikmenn beggja liða voru lengi í gang í gær og fyrsta mark leiksins kom ekki fyrr en tæpar sex mínútur voru liðnar af leiknum þegar Eva Margrét Kristinsdóttir kom Gróttu yfir en fram að því höfðu bæði lið farið illa með mörg góð færi.

Það var mikið jafnræði með liðunum í fyrri hálfleiknum og aðalmenn vallarins voru ef til vill dómáranir, þeir Magnús Björnsson og Júlíus Sigurjónsson, sem oft og tíðum sýndu athyglisverða dóma og voru á kafla við það að missa leikinn úr höndum sér.

Staðan þegar flautað var til leikhles var 11-10 fyrir Gróttu og allt í járnum.

Það var sama jafnræði með liðunum í upphafi síðari hálfleiks og var í lok þess síðari. En með bættum varnarleik og hraðauppþlaupum í kjölfarið sigu Gróttustúlkur smátt og smátt fram úr gestunum. Framstúlkur fundu fáar smugur



ARNDÍS ERLINGSÐÓTTIR Átti finan leik í liði Gróttu og skorar hér eitt af þremur hraðauppþlaupsmörkum sínum í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

á vörn Gróttu en það var helst Hekla Daðadóttir sem skoraði mörkin fyrir Fram í síðari hálfleik með skotum fyrir utan punktalínu.

Líkt og gegn Val á dögunum þá náðu Framstúlkur ekki að fylgja eftir góðum fyrri hálfleik og fyrir vikið fór Gróttta með sigur af hólmi, 25-19.

„Mér fannst þetta mjög góður leikur. Við spilðum hörkuvörn í fimmtíu mínútur. Við gáfum þeim stundum nokkur aulamörk en við spilðum í heildina góða vörn. Mér

fannst líka sóknin hraðari núna en hún hefur verið hjá okkur og ég var bara mjög ánægður með þennan leik,“ sagði Alfreð Finnsson, þjálfari Gróttu, og bætti því við að hann væri mjög ánægður að hafa unnið sterkt lið Framara þrisvar á þessu tímabili.

„Þetta var bara ekki að ganga í síðari hálfleik. Við eigum eftir að stilla strengina betur saman. Þetta er ekki sama lið og vorum með í haust,“ sagði Magnús Jónsson, þjálfari Fram, eftir leikinn í gær.

dagur@frettabladid.is



## Udo á Íslandi! 28. nóvember

Udo Erasmus heldur fyrirlestur á Grand hótél Reykjavík 28. nóvember kl. 10:00 - 12:00 fyrir fagfólk og kl. 19:30 - 22:00 fyrir áhugafólk.

Udo Erasmus er alþjóðlegt nafn í umræðunni um Omega-3 fitusýrur, kólesteról, meltingu og almennt heilbrigði. Hann er í hópi helstu næringarfræðinga heims og keppast vísindamenn um að vitna í rannsóknir hans. Einna þekktastur er hann fyrir framlag sitt og þróun á Omega fitusýrum. Hann hefur ritað fjölda greina og bóka um þessi viðfangsefni. Þekktastur er hann fyrir bókina: „Fats that Heal Fats that Kills“

**Hjartasjúkdómar og of há blóðfitu - Ein helsta meinsemd samtímans?**



Þú færð Udo's Choice í Heilsuhúsinu, Lyfju og flestum heilsuþúðum

Þetta er fyrirlestur fyrir alla þá sem glíma við of háa blóðfitu, þá sem er umhugað um meltingarstarfsemi sína og alls áhuga- og fagfólks um þessi málefni.

Nánari upplýsingar hjá Heilsu í síma 533 3232 eða heilsa@heilsa.is

**heilsa**  
-hafðu það gott



NWANKWO KANU Hefur farið á kostum undir stjórn Harry Redknapp hjá Portsmouth á leiktíðinni. NORDIC PHOTOS/GETTY

Nwankwo Kanu vill fara aftur til Ajax í Amsterdam:

## Kanu saknar Ajax

**FÓTBOLTI** Nwankwo Kanu lýsti því yfir á dögunum að hann hafi mikinn áhuga á að fara aftur til hollenska liðsins Ajax frá Amsterdam. Búið er við að þessi yfirlýsing leikmannsins muni ergja Harry Redknapp, stjóra Portsmouth, en Kanu er markahæsti leikmaður liðsins á þessari leiktíð.

Óhætt er að segja að Kanu hafi hlotið endurnýjun lífdaga eftir að hann gekk í raðir Portsmouth fyrir tímabilið. Kanu náði sér ekki á strik með West Bromwich Albion síðasta vetur en hefur nú skorað sjö mörk í tíu leikjum fyrir Portsmouth á þessari leiktíð. Þrátt fyrir þetta gengi virðist Kanu hafa mikinn áhuga á að fara til Ajax.

„Rætur mínar eru hjá Ajax. Þar óx ég úr grasi og mig langar mikið

að fara þangað aftur. Edgar Davids hefur líka sagt að hann langi þangað aftur og við getum átt góðan tíma þar saman.

Ef Ajax er til í að fá okkur þá væri ég tilbúinn. Ég myndi fara með fjölskylduna mína með næstu vél til Amsterdam, ég þekki borgina mjög vel. Ég á marga vini þar og lögfræðingurinn minn er þar líka. Ég fylgist vel með Ajax og þó að liðið sé breytt þá eru stuðningsmennirnir enn þeir sömu. Ég var ánægður í Amsterdam, ánægður með borgina, ánægður með félagið og ánægður með vinum mínum,“ sagði Kanu í viðtali við Daily Express.

Ajax er uppeldisfélag Nígeríu- og hann vann m.a. Meistaradeild Evrópu með félaginu.


- dsd



# „GRÆJAÐU ÞIG EINS OG BOND“ 7<sup>F</sup>



**SONY**



KDL32S2010  
SONY 32" BRAVIA LCD SJÓNVARP  
32 Bravia LCD Sjónvarp  
Upplausn 1366x768  
Bravia Engine myndstýring  
Stafrænn og analog móttakari  
HDMI tengi

**199.950,-**

16.663,- á mánuði í  
12 mánuði vaxtalaust

\*\*Takmarkað magn

Kaupauki:  
Bond skjalataska með öllum Bondmyndunum.  
40 diskar í endurbættri útgáfu og lúxusbíómiði  
fyrir 2.

**39.950,-**

Fylgir með sony 32"

**Sony Center Kringlunni**

[www.sonycenter.is](http://www.sonycenter.is) sími: 588 7669



### > Keanu Reeves

Fæddist í Beirút í Líbanon 2. september árið 1964. Keanu hefur leikið í mörgum velþekktum myndum eins og t.d. Matrix trilogíunni, Bill & Ted myndunum, Speed og mörgum fleiri. Æstir aðdáendur Keanus geta séð hann með Morgan Freeman í myndinni „Chain Reaction“ á Stöð 2 bíó í kvöld kl. 22.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR VILL EKKI BOXAUGLÝSINGAR Í BARNATÍMA

### Mörgæsir og heilaslettur

Ég sat með dóttur minni tíu mánaða við sjónvarpið rétt eftir klukkan fimm á föstudaginn. Ekkert við það að athuga, ég er löngu búin að sætta mig við að sjónvarpið er ekki tiskubóla sem hjaðnar einhvertíma á næstu árum heldur ófrávikjanlegur fasti í lífinu og verður eins sjálfsgödur hluti af lífi dóttur minnar og tannburstinn hennar.

Í þetta sinn vorum við að horfa á hinn stórskemmtilega Magga mörgæs í barnatímanum. Við hlógum dátt því Maggi var fyndinn og litum hvor á aðra og svo aftur á skjáinn. Og þá voru þar tveir menn að berja hvor annan í klessu með tilheyrandi blóðslettum og Bubbi Morthensens æpandi hvatningarorð í bakgrunninum. Nú veit ég ekki hvort dóttir mín sá nokkuð athugasemjulegt við þetta. Hún er nógu lítil til að fyrir henni sé munurinn á boxi og dansi ekkert sérstaklega mikill. Tveir einstaklingar sem hreyfa sig fram og til baka og kannski Bubbi



Morteims. En mér leið eins og einhver hefði slengt blóðugum boxhanskanum beint framan í mig. Af hverju í ósköpunum þurfti að sýna þessa dagskrárstjórnunni inni í miðjum barnatíma? Er dagskrárstjórnun Sýnar alveg sama þó að enginn sjái kynninguna þeirra nema börn og meður þeirra sem hvorki mega né vilja sjá box?

Eða getur verið að það sé nákvæmlega engin hugsun á bak við hvaða uppfyllingarefni er sett hvenær? Ef það er rétt þá tapa allir: áhorfendur, auglýsendur og sjónvarpsstöðin. Ég vona að við mæðgur getum treyst því að við þurfum ekki að horfa á ofbeldi og blóðslettur ef við viljum það ekki, ekkert frekar en boxáhugamenn eru neyddir til að horfa á Magga mörgæs.

### EKKI MISSA AF



#### 15.20 Himalajafjöll SJÓNVAPIÐ



#### 17.00 Innlit/Úlit SKJÁR EINN



#### 21.00 Vanished SIRKUS



#### 23.50 Indiana Jones STÖÐ 2



#### 01.10 L Word SKJÁR EINN

### SJÓNVARPIÐ

- 8.00 Morgunstunden okkar
- 8.01 Sammi brunavörður
- 8.11 Geirharður boing boing
- 8.31 Hopp og hí Sessamí
- 8.55 Kvikindi í koppum og kirkum
- 9.00 Líló & Stitch (38:39)
- 9.25 Síglidar teiknimyndir
- 9.33 Herkúles (10:28)
- 9.54 Tobbí tvisvar (34:52)
- 10.17 Allt um dýrin (7:25)
- 10.45 Jón Ólafs
- 11.25 Spaugstofan
- 11.50 Þrír menn og stúlkubarn
- 13.30 Óbilandi vilji
- 15.20 Himalajafjöll (3:6)
- 16.20 Tíu fingur (6:12)
- 17.20 Nærmynd Þáttaröð um norræna kvikmyndaleikstjóra. Í þessum þætti er fjall að um Norðmanninn Margreth Olin.
- 17.50 Táknmálsfréttir
- 18.00 Stundin okkar (8:30)
- 18.30 Geimálfurinn Gígur
- 18.40 Lukkunnar velstand
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.35 Edduverðlaunin 2006 Bein útsending frá Hótel Nordica þar sem Edduverðlaunin, íslensku kvikmynda- og sjónvarpsverðlaunin verða afhent.
- 21.35 Örninn (4:8)
- 22.30 Helgarsportíð
- 22.55 Ástarþrá (Sehnsucht) Þýsk sjónvarpsmynd frá 2004. Sálfræðinemi og klífuráhugakona verður ástfangin af drykkju-sjúkum lækni og reynir að hjálpa honum að sigrast á vandanum. Meðal leikenda eru Misel Maticević, Katharina Schüttler og Christian Lessiak.
- 0.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

### BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 6.00 Normal Bönnuð börnum.
- 8.00 Simone
- 10.00 Miracle
- 12.15 Bridget Jones: The Edge of Reason
- 14.00 Simone
- 16.00 Miracle
- 18.15 Bridget Jones: The Edge of Reason
- 20.00 Normal Bönnuð börnum.
- 22.00 Chain Reaction Bönnuð börnum.
- 0.00 Hótal Rúanda
- 2.00 Prophecy II
- 4.00 Chain Reaction (e) Bönnuð börnum.
- 7.00 Pingu
- 7.05 Brúðubillinn
- 7.40 Stubbarnir
- 8.05 Doddi litli og Eyrnastór
- 8.15 Kalli og Lóla
- 8.25 Kónnuðurinn Dóra
- 8.50 Pocoyo
- 9.00 Grallaramir
- 9.25 Codename: Kids Next Door
- 9.50 Kalli litli kanína og vinir hans
- 10.10 Ævintýri Jonna Quests
- 10.30 Sabrina - Unglingsnornin
- 10.55 Bratz
- 11.20 Galdrastelpurnar (12:26)
- 11.40 Ljónagrín (Father of the Pride)
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.25 Silfur Egils
- 14.00 Neighbours
- 14.20 Neighbours
- 14.40 Neighbours
- 15.00 Neighbours
- 15.20 Neighbours
- 15.45 Í sjöunda himni með Hemma Gunn
- 16.50 Beauty and the Geek
- 17.45 Martha
- 18.30 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.10 Kompás
- 20.00 Sjálfstætt fólk Jón Ársæll Þórðarson heldur áfram mannlífrannsóknnum sínum í mest verðlaunaða sjónvarpsþætti Íslandssögunnar. Sjálfstætt fólk hefur einn allra þátta verið alls þrisvar sinnum útnefndur Sjónvarpsþáttur ársins á Edduverðlaunahátíð, árið 2003, 2004 og nú síðast árið 2005. Jón Ársæll Þórðarson heldur uppteknum hætti og leitar uppi forvitnilegt fólk á öllum aldri, ræðir við það af sinni einskæru hlýju og nærgætni og tekst öðrum fremur að draga upp nýja og áður óþekkt mynd af landskunnunum Íslendingum.
- 20.35 Commander In Chief
- 21.20 Numbers (5:24)
- 22.05 Deadwood (12:12) Stranglegra bannað börnum.
- 22.55 X-Factor
- 23.50 Indiana Jones and the Temple of Doom (e)
- 1.45 Sex Traffic (1:2) Bönnuð börnum.
- 3.15 Sex Traffic (2:2) Bönnuð börnum.
- 4.45 Commander In Chief (e)
- 5.30 Fréttir Stöðvar 2 endursýndar frá því fyrr í kvöld.
- 6.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi



### SIRKUS TV

- 14.30 Tekinn (e) Sigurður Kári Kristjánsson
- 15.00 8th and Ocean (e) Framleiðendur Laguna Beach eru hér komnir með nýja þáttaröð frá South Beach í Miami þar sem fylgst er með ungum krökkum sem þrá ekkert heitar en að verða fyrirsætur. Módelin þurfa að ganga í gegnum öll þau erfiði sem hinn harði heimur tiskunnar býður upp á og fáum við að fylgjast með krökkunum í baráttunni.
- 15.30 The Newlyweds (e)
- 16.00 The Hills (e)
- 16.30 Wildfire (e)
- 17.15 The Player - NÝTT (e) 13 karlmennt berjast um hylki ofurskuttunnar Dawn Olivieri í þessu þáttum þar sem einn mun standa uppi sem sigurvegari. Stjórnandi keppendanna er Boston Rob sem eflaust margir muna eftir úr Amzing Race og Survivor.
- 18.00 Seinfeld (e)
- 18.30 Fréttir NFS
- 19.10 Seinfeld (e)
- 19.35 The War at Home (e)
- 20.00 Tekinn (e) Sigurður Kári Kristjánsson
- 21:00 Vanished
- 21:50 Weeds (6:12)
- 22.20 Rescue Me (e)
- 23.10 My Name is Earl (e)
- 23.35 Ghost Whisperer (e)
- 0.20 Pepper Dennis - NÝTT (2:13) (e)
- 1.05 Sirkus Rvk (e) Ásgeir Kolbeinsson er snúinn aftur með nýjan og betri þátt ásamt nýjum þáttastjórnendum. Ásgeir og co. eru að fylgjast með því sem er að gerast í menningarlífi Reykjavíkur.
- 1.35 Entertainment Tonight (e) Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjum fréttum af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppkomum sem gerast í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum. Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum. Leyfðu öllum aldurshópum.
- 2.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

### SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### SKJÁREINN

- 12.00 2006 World Pool Masters Sextán bestu billjarðmeistarar heims tóku þátt í skemmtilegu móti sem fram fór í Hollandi sl. sumar. Keppt var með úrsláttarfrýrkomulagi þar til einn stóð uppi sem sigurvegari.
- 12.50 Love, Inc. (e)
- 13.20 Out of Practice (e) Bráðfyndin gamanseria.
- 13.50 Dýravinir (e)
- 14.20 One Tree Hill (e)
- 15.05 Queer Eye for the Straight Guy (e)
- 16.00 America's Next Top Model VI (e)
- 17.00 Innlit / útlit (e)
- 17.50 How to Look Good Naked (e) Glæný, bresk þáttaröð þar sem lögulegar línur fá að njóta sín. Konur með alvörubjóst, mjaðmir og læri hætta að hata líkama sinn og læra að elska lögulegu línurnar.
- 18.15 Rachael Ray (e)
- 19.10 Battlestar Galactica (e)
- 20.00 Dýravinir
- 20.30 Frægir í form
- 21.30 C.S.I.: New York Bandarísk saka-málasería um Mac Taylor og félagi hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Ofurmanni er myrt og málið flækist fyrir Mac og Stellu.
- 22.30 Brotherhood Dramatísk og spennandi þáttaröð um bræðurna Tommy og Mike Caffee. Annar er efnilegur stjórn-málamaður en hinn forhertur glæpamaður. Rose undirbýr óvænta afmælisveislu fyrir Michael og Tommy beitir bolabrögðum í pólitíkinni.
- 23.30 Conviction Bandarísk sakamálasería um unga og reynslulausa saksóknara í New York. Ungri stúlku er nauðgað en faðir fórnarlambins gerir saksóknurunum erftitt fyrir.
- 0.20 Law & Order (e) Bandarísk sakamálasería.
- 1.10 The L Word (e) Bandarísk þáttaröð um hóp af lesbíum í Los Angeles.
- 2.10 Óstöðvandi tónlist

### SKJÁR SPORT

- 12.20 Að leikslokum (e)
- 13.20 Wigan - Aston Villa (beint)
- 15.50 Blackburn - Tottenham (beint)
- 18.00 Þrumuskot (e)
- 19.20 Torino - Sampdoria (beint)
- 21.30 Reading - Charlton (frá 18. nóv)
- 23.30 Everton - Bolton ((e)
- 1.30 Dagskrárlök



## ÖLL GÖMLU GÓÐU LÖGIN ÞÍN Á GULL BYLGJUNNI

Gull Bylgjan er á Suðvestur horninu á tíðninni 90,9, á bylgjan.is og Digital Íslandi.

GULL  
BYLGJAN  
909

- ÞESSI GÖMLU GÓÐU!



## Í KVÖLD

Sirkus kl. 21.50

## WEEDS

Önnur serían um húsmóðurina Nancy sem er einn heitasti eiturlyfjasalinn í úthverfum Los Angeles-borgar. Eftir að eiginmaður hennar deyr snögglega lendir Nancy í miklum fjárhagsörðugleikum. Til þess að bjarga sér úr vandræðunum tekur Nancy upp á því að fara að selja maríjúana í úthverfum Los Angeles-borgar. Þessir gamansömu dramapættir slógu óvænt í gegn í fyrri og hafa hlótið einróma lof gagnrýnenda. Til marks um það hlaut Mary-Louise Parker Golden Globe-verðlaunin 2006 fyrir frammistöðu sína í þáttunum.

Í þætti kvöldsins kemur Nancy körlunum í lífi sínu á óvart á meðan Conrad fer að gruna hana æ frekar um græsku. Shane kemst í ræðulíðið í skólanum og Celia reynir að skemma fyrir auglýsingagerðinni hjá Isobe.



► VIÐ MÆLUM MED **KOMP-ÁSI Á STÖÐ 2 KL. 19.10 Í KVÖLD**

Kompás fékk tilnefningu til Eddunnar á dögum sem besti sjónvarpsþátturinn og er það engin furða. Þetta er einstaklega vandaður fréttaskýringaþáttur sem er einn sinnar tegundar hér á landi. Í þættinum í kvöld er fylgst með Rannveigu Bjarnadóttur sem glímir við brjóstakrabbamein og farið er ofan í mál dagforeldra og athugaður verðmunurinn á þjónustu dagforeldra á Íslandi.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

8.00 Fréttir  
8.05 Morgunandakt  
8.15 Tónlist á sunnudagsmorgni  
9.00 Fréttir  
9.03 Lóðrétt eða lárétt  
10.00 Fréttir  
10.05 Veðurfregni  
10.15 Bókabing  
11.00 Guðsþjónusta í Frikirkjunni í Reykjavík  
12.00 Hádegisútvarp  
12.20 Hádegisfréttir  
12.45 Veðurfregni  
13.00 Útvarpsleikhúsið: Staldræð við  
13.45 Fiðla Mozarts  
14.10 Söngvámál  
15.00 Út um víðan völl: Í Stokkhólmsóperunni

16.00 Fréttir  
16.08 Veðurfregni  
16.10 Heimurinn okkar  
17.00 Síðdegi skógarþúkanna  
18.00 Kvöldfréttir  
18.25 Auglýsingar  
18.26 Seiður og hélog  
19.00 Afsprengi  
19.50 Óskastundin  
20.35 Sagnaslóð  
21.15 Laufskálinn  
21.55 Orð kvöldsins  
22.00 Fréttir  
22.10 Veðurfregni  
22.15 Til allra átta  
23.00 Andrarímur  
0.00 Fréttir

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

## SYN

7.25 **Brasilía - Sviss** Útsending frá vináttu-landsleik Brasilíu og Sviss í knattspyrnu.

9.05 **Box - Erik Morales vs. Manny Pacquiao** (Box - Erik Morales vs. Manny Pacquiao 2) Útsending frá bardaga þeirra Erik Morales og Manny Pacquiao í fjaðurvigt.

10.35 **Spænski boltinn** (Spænski boltinn 06/07) Útsending frá leik í spænska boltanum.

12.15 **Spænski boltinn** (Spænski boltinn 06/07) Útsending frá leik í spænska boltanum.

13.55 **Ameríski fótboltinn** (NFL Gameday 06/07) Upphitun fyrir leiki helgarinnar í ameríska fótboltanum sem er vinsælasta sjónvarpsþróttin í Bandaríkjunum.

14.20 **US Open 2006 í golfi kvenna** (US Open 2006 í golfi kvenna) Sýnt frá opna bandaríska meistaramótinu í golfi í kvennaflokki.

15.20 **Meistaradeild Evrópu - fréttapáttur** (Meistaradeild Evrópu fréttapáttur 06/07) Allt það helsta úr Meistaradeildinni. Fréttir af leikmönnum, liðum auk þess sem farið er í gegnum mörkin, helstu tilþrífir í síðustu umferð og spáð í spilin fyrir næstu leiki.

15.50 **Spænski boltinn** Útsending frá leik í spænska boltanum.

17.50 **Spænski boltinn** (Spænski boltinn 06/07) Útsending frá leik í spænska boltanum.

19.50 **Spænski boltinn** Útsending frá leik í spænska boltanum.

21.50 **NFL - ameríska ruðningsdeildin** (Dallas - Indianapolis) Bein útsending frá leik í ameríska fótboltanum.

0.20 **Spænski boltinn** (Spænski boltinn 06/07) Útsending frá leik í spænska boltanum.

## DR 1

11.25 Þá jobbjagt 11.55 Attention Mobning 12.55 OBS 13.00 Guðstjenesste í DR Kirken 13.50 Big Momma's House 15.30 For børnenes skyld 17.00 Sigurd og Big Bandet 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 18.00 Venstre - landsmøde 18.30 Livet på skinner 19.00 Ömen 20.00 TV Avisen 20.15 Søndag 20.45 SøndagsSporten 21.10 Dødens Detektiver 21.35 Columbo 23.10 OBS 23.15 Lidenskab og fordom

## NK1

10.50 V-cup langrenn 12.45 V-cup skøyter 13.15 Rally-VM 2006: VM-runde fra New Zealand 14.10 V-cup skøyter 15.25 Sport i dag 15.40 V-cup skøyter 16.20 Sport i dag 16.30 Åpen himmel: Dåpsgudstjeneste for konfirmanter 17.00 Ole Aleksander Filibom-bom-bom 17.20 Sola er en gul sjiraff 17.30 Newton 18.00 Søndagsrevyen 18.45 Sportsrevyen 19.15 Kvitt eller dobbelt 20.15 Hus i sand og skodde 22.15 Kveldsnytt 22.30 I begynnelsen var kunsten 23.30 Nytt på nytt 0.00 Ungkarsreiret

## SVT 1

10.50 Världscupen: Längdskidor Gällivare 13.00 Världarnas bok 13.30 Kärleksagenterna 13.55 Great thinkers of our time 14.25 From Sand to Celluloid 14.40 New Zealand - The Road Trip 14.55 Världen 15.55 Makalösa monument 16.25 Om barn och böcker 16.55 Anslagstavlan 17.00 Anki och Pytte 17.30 Skärgårdsdoktorn 18.25 Radiohjälpen - Världens barn i Kenya 18.30 Rapport 19.00 Måklarna 19.30 Sportspegeln 20.15 Agenda 21.10 Orden med Anna Charlotta 21.40 Vetenskap - universum i provör 22.10 Rapport 22.20 Cuppen 23.20 Brottskod: Försvunnen

RÚV TOPS

ÚTGÁFU SPUNI

Í BORGARLEIKHÚSINU

SNIGLABANDIÐ

ÁSAMT EINVALALIÐI A STÓRTÓNLEIKUM

FIMMTUDAGINN

23. NÓVEMBER KL. 21:00

FORSALA MÍÐA HAFIN Í BORGARLEIKHÚSINU



## HRÓSID ...



... fær Gísli Jóhannsson sem lét gamlan draum rætast, fetaði í fótspor Johnny Cash og flutti til Nashville, þar sem kántrítónlist hans hefur strax vakið athygli.

## HIN HLÍÐIN HAFDÍS HULD ÞRASTARDÓTTIR TÓNLISTARMAÐUR

## Viðkvæmni er helsti veikleikinn

## Hvað er að fréttá?

Bara allt rosalega gott.

## Augnlitur:

Grágrænn.

## Starf:

Tónlistarmaður.

## Fjölskylduhagir:

Ég á stóra og góða fjölskyldu.

## Hvaðan ertu?

Úr Kópavoginum.

## Ertu hjátrúarfull?

Já, ætli það ekki.

## Uppáhaldssjónvarpsþáttur:

Lost.

## Uppáhaldsmatur:

Miso ramen, japönsk núðlusúpa.

## Fallegasti staður:

Undir Hoffellsjökli, þar sem ég var í sveit sem unglingur.

## iPod eða geislaspilari:

Það er nauðsynlegt að hafa ipod í neðanjarðarlestunum hér í London.

## Hvað er skemmtilegast?

Að spila tónlist með góðu tónlistarfólki.

## Hvað er leiðinlegast?

Að hafa ekkert að gera.

## Helsti veikleiki:

Ég er of viðkvæm.

## Helsti kostur:

Sterk réttlætiskennnd.

## Helsta afrek:

Að hafa klárað nám og gefið út plötuna mína á sama tíma.

## Mestu vonbrigðin:

Eigum við nokkuð að vera að velta okkur upp úr því?

## Hver er draumurinn?

Að geta alltaf unnið við tónlist.

## Hver er myndnastur/fyndnust?

Þæna Síf, 5 ára frænka mín. Tveir tómatar að labba yfir götu er líka klassískur brandari.

## Hvað fer mest í taugarnar á þér?

Óréttlæti.

## Hvað er mikilvægast?

Að vera sáttur við sjálfan sig.

22.05.79



## FRÉTTIR AF FÓLKI

Félag kvikmyndagerðarmanna á Íslandi fagnaði 40 ára afmæli sínu með gerð 40 mínútu langra kvikmynda eftir íslenska leikstjóra. Meðal þeirra sem skiluðu inn mynd voru **Dagur Kári Pétursson, Júlíus Kemp, Gunnar Páll Ólafsson og Sam-úel Bjarki Pétursson og Agúst Guðmundsson.** Nokkra athygli vakti fjarvera þekktra leikstjóra, til að mynda **Fríðriks Þórs Fríðriks-sonar.** Kunnugir innan bransans segja að Fríðrik hafi hugsað sér að sitt framlag yrði bútur úr frægri erótískri stuttmynd sem hann gerði fyrir nokkrum árum. Ekki fylgdi sögunni af hverju Fríðrik féll frá þessari athyglisverðu hugmynd sinni.

Tökur á Áramótaskaupi Ríkissjónvarpsins standa nú yfir undir styrkri stjórn **Reynis Lyngdal.** Nú heyrir að margfræg auglýsing Orkuveitunnar verði tekin fyrir í kaupinu enda var um fátt annað talað í íslensku samfélagi í byrjun ársins. Handritshöfundurinn **Ragnar Jónsson,** stjórnandinn **Börkur Jónsson,** leikstjórnir **Styrmir Sigurðsson,** tónlistarhöfundurinn **Benedikt Hermann Hermannsson,** textahöfundurinn **Hallgrímur Helgason,** aðalleikarinn **Valur Freyr Einarsson** og auðvitað sjálfur don **Alfreð Þorsteinsson** geta því hlakkað til að vera í eldlinunni á gamlárskvöld.

Nú

- hdm

## EDDUVERÐLAUN: PÉTUR JÓHANN OG RAGNHILDUR STEINUNN Í SVIÐSLJÓSINU

## Þetta verður kvöldið hans Péturs

„Hvaaaa, neineineineineinei ... ég verð ekki fullur. Geri allt svona sóber,“ segir Pétur Jóhann Sigfússon. Hann mun standa í eldlinunni í kvöld ásamt Ragnhildi Steinunni þegar þau verða kynnar í því sem hlýtur að teljast einn hápunkta samkvæmislífsins í henni Reykjavík.

Í kvöld verða Edduverðlaunin afhent í 8. skipti með pomp og prakt. Galadress og kjólföt. Sem aðalkynnar feta þau Ragnhildur Steinunn og Pétur í fótspor helstu og glæsilegustu sjónvarpsstjarna, leikara og skemmtikrafta landsins. Aðalkynnar hafa verið frá upphafi þessir:

Aðalkynnar: Þorfinnur Ómars-son, Steinunn Ólína og Jón Ársæll, svo Valgeir Guðjónsson og Edda Heiðrún Backman, þá Logi Bergmann og Valgerður Matthíasdóttir, Kristján Kristjánsson og Helga Braga, Eva María og Sveppi og nú allra síðast var Þorsteinn Guðmundsson.

Sé litið á þennan fína hóp má sjá skýrar línur. Glæsileikinn í fyrir-rúmi og kryddað með flílalátum. Reyndar var Pétur Jóhann ekkert búinn að leggja neinar línur þegar Fréttablaðið náði af honum tali. „Við flippum eitthvað.“

Hann er reyndar í sérkennilegri stöðu því Pétur Jóhann er tilnefndur í tveimur flokkum sjálfur. Í



FRÁ EDDUVERÐLAUNUM Ragnhildur Steinunn fær nettan sting í magann þegar hún lítur yfir glæstan hóp forvera sinna.

„Leikið sjónvarpssefni“ fyrir Stelpurnar og í „Skemmtipætti ársins“ fyrir Strákana. Hann segist þó ætla að gæta þess að vera ekki hlutdrægur sem kynnr. En þessi kynnavinna þýðir það að hann getur ekki slakað á og fagnað úti í sal – fari svo að hann vinni. Eða ekki.

Ragnhildur Steinunn er hins vegar ekki í nokkrum vafa um að kvöldið verður Péturs.

„Já, svo gæti hann fengið verðlaun sem vinsælasti sjónvarpsmaðurinn. Þetta gæti heldur

**RAGNHILDUR STEINUNN** Segir enga brandara skrifaða enda komi slíkt ávallt hallærislega út.



betur orðið kvöldið hans Péturs. Reyndar er það svo að þar sem hann mætir, þá og þar er kvöldið hans. Pétur Jóhann fer ekki fram hjá manni þar sem hann er,“ segir Ragnhildur Steinunn.

Kvöldið leggst vel í hana en hún dregur ekki á það dul, þegar forverar hennar í Eddukynningum eru þuldir upp.

„Þá fær maður nettan sting í magann, hvort maður eigi heima þarna. En þetta er sannkallaður heiður að fá að kynna Edduna. Og að vinna með Pétri er alveg frábært. Það hefur gengið mjög

vel. Mér líst vel á þetta þar til annað kemur í ljós.“

Að sögn Ragnhildur Steinunnar ætla þau kynnaparið ekki að skrifa brandarana. Enda komi það ævinlega hallærislega út. Þau búa að hvatvísun Pétri auk þess sem þau hafa hist og látið reyna á stemninguna sín á milli.

„Já, og skrifað niður einhverja punkta. Annars erum við ekki aðalatriði kvöldsins heldur bara að kynna hvað sé næst á dagskrá. Gerum það af látleysi og vonandi skemmtilega.“

jakob@frettabladid.is

**PÉTUR JÓHANN** Lofar því að vera edru við kynningar þó svo að hann sé tilnefndur í tveimur flokkum.

DÝRIN TAKA VÖLDIN!  
MED ÍSLENSKU OG ENSKU TALI

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.

FRÁ VÍNARBORG Svona sjá íbúar Vínarborgar ástina fyrir sér. FRÉTTABLAÐIÐ/MYSTERY ISLAND

en þeir íhuga nú að gefa einnig út bók. „Það er eins og við náum einhvern veginn til fólks í gegnum þetta. Það var til dæmis stelpa í Kaupmannahöfn sem mál- aði hausnúpu á strigann. Þjarke spurði hana út í það, og þá brotnaði hún saman og sagði frá því að hún hefði nýlega misst fyrstu ástina sína úr krabba-meini. Þess vegna sá hún ástina í þessu ljósi,“ sagði Davíð.

Þeir félagar eru nú hálfnaðir með verk- efnið, en á mánudag verða þeir staddir í Smáralindinni þar sem vegfarendum gefst kostur á að mála ástina.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

## Biðja vegfarendur að mála ást

Þeir Davíð Óskar Ólafsson, Hreinn Beck og Árni Filippusson vinna nú að verkefni sem þeir kalla Painting Love, ásamt Dananum Þjarke von Koning. „Við förum til tólf borga, stillum upp trönum og striga og biðjum vegfarendur um að mála ást,“ útskýrði Davíð.

Hugmyndin er spröttin úr ástarsorg Þjarke. „Við þekkjumst frá því að við vorum saman í kvikmynda-skóla í Kaupmannahöfn og þróuðum hugmyndina í sameiningu. Ætlunin er að búa til dagatal, og selja svo myndirnar tólf á uppboði til styrktar Lækna án landamæra. Svo tökum við upp og erum með ljósmyndara á svæðinu,“ sagði Davíð,



FRÁ VÍNARBORG Svona sjá íbúar Vínarborgar ástina fyrir sér. FRÉTTABLAÐIÐ/MYSTERY ISLAND

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA



DAVÍÐ ÓSKAR ÓLAFSSON Biður íbúa í tólf borgum um að mála ástina á striga. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA



# EDDA 2006



ÍSLENSKU KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSVERÐLAUNIN

**Edduverðlaunin verða veitt í kvöld á Nordica Hotel  
Bein útsending Sjónvarpsins hefst kl. 19:35**

## Ert þú búin(n) að kjósa vinsælasta sjónvarpsmann ársins?

- 900-9901: Auðunn Blöndal
- 900-9902: Ágústa Eva Erlendsdóttir
- 900-9903: Eva María Jónsdóttir
- 900-9904: Ómar Ragnarsson
- 900-9905: Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir

Símtalið kostar 99 krónur



Forval á vinsælustu  
sjónvarpsmönnum  
ársins með hjálp:

capacent

vísir

## ÚRSLIT KYNNT Í BEINNI ÚTSENDINGU Í KVÖLD!

### Dagskrá:

- 18:45 Fordrykkur í boði Tapas barsins
- 19:35 Bein útsending hefst í Sjónvarpinu
- 21:35 Samkvæmi að útsendingu lokinni á Nordica Hotel

Framkvæmdastjórn  
Eddunnar 2006  
er í höndum  
Sagaevents



sagaevents

## Bakhjarlar Eddu 2006 eru:

GLITNIR

FRÉTTABLAÐIÐ

Nordica hotel  
ICELANDAIR HOTELS

 CITROËN

sagafilm

EDDA 2006







**BAKÞANKAR**

BERGSTEINS SIGURÐSSONAR

### Sunnudagar

Veturinn sem ég fermdist var mér fengin sú ábyrgð að hlaupa í skarðið fyrir afa minn sem meðhjálpari í kirkjunni fyrir vestan. Á hverjum sunnudegi þann vetur mætti ég í kirkju og aðstoðaði séra Hannes við að komast í skrudann. Sjálfsagt finnst fáum þrettán ára strákum það eftirsóknarvert hlutskipti að þurfa að mæta í messu á hverjum sunnudegi, hjálpa presti að klæða sig og hlusta á kór sem kappkostaði að koma tónunum í hinar hæstu hæðir, helst alla leið til himna.

**PVÍ** fór þó fjarri að mér myndist þetta vera kvöð. Þvert á móti, ég leit á þetta sem prófstein á hvaða mann ég hafði að geyma. Sem getur verið hughreystandi að vita þegar maður er þrettán ára. Á tímabili þóttist ég meira að segja orðinn virkilega trúður, jafnvel ekki frá því að ég gæti orðið helvíti finn prestur seinna meir. Það átti þó eftir að fjara undan trúarhitnum þegar afi kom aftur til starfa og ég fór að gera eitthvað annað á sunnudögum.

**EFTIR** þennan vetur hef ég hins vegar ekki þolað sunnudaga.

**SUNNUDAGAR** eru gátt milli vikna, lok einnar og upphaf annarrar. Sá sem vill komast í fréttir vikunnar reynir ekki að vekja á athygli á sér og afrekum sínum á sunnudegi, hann veit sem er að annaðhvort er hann of seint á ferð eða of snemma. Allir dagar vikunnar hafa sinn eigin karakter og sunnudagur er sá langþunglama-legasti.

**ÉG** man eftir ófáum sunnudags-síddögum þar sem ég var við það að tærast upp af óeirð, ekkert við að vera nema horfa á Húsið á sléttunni og sunnudagshugvekjuna. Með smá heppni var dagurinn brotinn upp og ég sendur út í búð að kaupa rauðkál áður en lambahryggurinn var borinn á borð.

**EKKI** bötnuðu sunnudagarnir eftir að ég flutti að heiman og var ekki lengur föst stærð í fjölskyldueiningunni heldur einn á báti. Sunnudagar voru ekki hannaðir með slíkt fólk í huga. Þeir eru kannski bærilegir fyrir pör, kjarnafjölskyldur og áhugamenn um kappleiki en ekki okkur hin.

**KANNSKI** ætti ég bara að gest meðhjálpari aftur. Huga sér að það gæti bjargað fyrir mér 52 dögum á ári að hjálpa presti að klæða sig.

[www.icelandexpress.is/gjafabref](http://www.icelandexpress.is/gjafabref)

## Jólagjöf sem veitir góðar minningar

### Jólagjafabréf Iceland Express er komið í sölu!

» Vantar þig jólagjöf handa einhverjum sem á allt, en þig langar samt að gleðja sérstaklega mikið?

Jólagjafabréf Iceland Express eru komin í sölu. Þau slá alltaf í gegn og veita þeim sem þér er annst um



loforð um góðar minningar og gefa spennandi fyrirheit á nýju ári. Kostirnir við að gefa jólagjafabréf Iceland Express eru ótvíræðir:

Viðtakandinn getur látið drauma sína rætast og ráðið sjálfur hvert hann fer – til London, Parísar, Kaupmannahafnar, Berlínar, Billund, Stokkhólms, Alicante, Frankfurt Hahn, Gautaborgar, Óslóar, Friedrichshafen, Eindhoven, Bergen eða Basel.

Bókaðu vel heppnaða jólagjöf á [www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)



Innifaldar í gjafabréfinu eru flugferðir báðar leiðir með sköttum til eins af 14 áfangastöðum Iceland Express. Bókunartímabil jólagjafabréfsins er frá 26. desember til 1. febrúar 2006 og eftir það gildir gjafabréfið sem inneign í tvö ár. Jólagjafabréfið gildir í flug á tímabilinu 15. janúar til 1. júlí 2006. Sætaframboð er takmarkað.

» Jólagjafabréf:

**19.900 kr.**

Báðar leiðir með sköttum

Iceland Express, Grímsbae, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

» [www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)



ORMSSON SMÁRALIND ER ENGIN VENJULEG VERSLUN  
Full búð af nýuppteknum, fallegum og spennandi vörum til jólagjafa!



Verið velkomin í óvenjulega verslun!  
Ópið alla helgina.



**ORMSSON**

ORMSSON · SMÁRALIND · SÍMI 530 2900 · WWW.ORMSSON.IS